SIGRÍÐUR HEIÐA BRAGADÓTTIR
Fannst Grýla ljót en hræddist jólaköttinn
jól bílar
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

BLESSUÐ JÓLIN
Waldorf-salat í nýjum búningi
Sérblað um jól og jólahald
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

19. desember 2007 — 345. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Alkar fá Einar Má

Björgólfur Guðmundsson hyggst gefa inniliggjandi sjúklingum hjá SÁÁ bók Einars Más í jólagjöf.

FÓLK 50

Barist um Beðmál í borginni

Tískuhönnuðir vilja að flíkur þeirra verði notaðar í kvikmyndinni.

FÓLK 38

Kaddafí stelur senunni

Einar Már Jónsson skautar yfir opinbera heimsókn Kaddafís Líbíuleiðtoga til Frakklands.

Í DAG 22

Kominn með skóinn

Magnús Páll Gunnarsson fékk bronsskóinn loksins afhentan.

ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



TALSVERÐ RIGNING VESTRA
- Í dag verður sunnan strekkingur um mest allt land. Talsverð rigning vestan til, minni rigning annars staðar. Þurrt að mestu fyrir austan. Hlýtt í veðri.

VEÐUR 4

LOGAR Á 85 ÞÚSUND JÓLAPERUM Á vegum Orkuveitu Reykjavíkur loga nú um 85 þúsund perur í jólaskreytingum um allt höfuðborgarsvæðið. Eyvindur P. Eiríksson rithöfundur naut birtunnar í miðbæ Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Miklir brestir sagðir innan lögreglunnar

Ritstjóri Lögreglublaðsins segir afleysingamenn og nema setta í vandasöm verk sem aðeins séu á færi faglærðra lögreglumanna. Nauðsyn að fá sem flesta menntaða lögreglumenn segir dómsmálaráðherra.

LÖGREGLUMÁL „Það eru komnir alvarlegir brestir í liðsheildina," segir Gísli Jökull Gíslason, lögreglumaður í Reykjavík, í leiðara Lögreglublaðsins.

Gísli Jökull, annar ritstjóra Lögreglublaðsins, segir yfir þrjátíu lögreglumenn höfuðborgarsvæðisins hafi sagt upp störfum á árinu. Umsækjendur um nám í Lögregluskólanum séu nú færri en stöðurnar sem í boði séu. Áður fyrr hafi þrír til fjórir sótt um hverja stöðu.

Að sögn Gísla Jökuls er fjöldi lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu öllu sá sami nú og áður var í Reykjavík einni. „Vegna mannfæðar þá kemur upp sú staða allt of oft að nemar og afleysingamenn eru skráðir saman á lögreglubifreiðar," skrifar Gísli Jökull. „Norrænir lögreglumenn skilja ekki hvernig við vogum okkur að láta ófaglært fólk vinna lögreglustörf sem þeir vita að eru krefjandi og vandasöm."

Sameining lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu reyndist skammgóður vermir að sögn Gísla Jökuls.

„Fyrir sameininguna fann ég fyrir mikilli bjartsýni gagnvart nýju embætti en eftir að það hóf störf þá kólnaði mjög hratt á henni. Vinnuálag jókst verulega, lögreglumenn hættu að hittast sín á milli og í almennu deildinni fór vinnan að verða keyrsla á milli endalausra verkefna," skrifar Jökull.

Skýringuna á brotthvarfi úr lögregluliðinu segir Gísli Jökull vera mjög mikið álag og bág laun. Sjálfur hafi hann ekki fengið neitt helgarfrí í nóvember. „Mér finnst lögreglustarfið skemmtilegt en mér finnst fjölskylda mín skemmtilegri og ef þessu heldur áfram mun ég leita mér að nýjum starfsvettvangi fljótlega," skrifar hann.

„Ég er sammála Gísla um nauðsyn þess að fá sem flesta menntaða lögreglumenn til starfa," segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sem kveðst ekki hafa lesið grein Gísla Jökuls og fjalli því ekki um efni hennar. - gar

Erlendum eignarhaldsfélögum á Íslandi fjölgar:

Skattsvik færast í vöxt

VIÐSKIPTI Ekkert bendir til þess að umfang skattsvika í gegnum erlend eignarhaldsfélög hafi minnkað frá árinu 2004 að mati Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra. Í skýrslu starfshóps, sem kom út fyrir þremur árum, segir að umfang skattsvika vegna erlendra tenginga nemi einu til einu og hálfu prósenti af tekjum ríkisins. Standist það hafa skattsvik í gegnum erlend eignarhaldsfélög numið um fimmtán milljörðum króna á síðustu þremur árum.

Sjá Markaðinn / - bg

Börnin fara að hlakka til
Eru jóla-sendingarnar farnar í póst?
PÓSTURINN alltaf pakkinn
www.postur.is
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 07-1335

Áramótaauglýsing Kaupþings með Randver Þorlákssyni í aðalhlutverki:

Randver leikur á móti Cleese

FÓLK Randver Þorláksson leikari verður í aðalhlutverki í nýrri auglýsingaherferð Kaupþings sem hrundið verður af stað í sjónvarpi á gamlárskvöld. Honum til aðstoðar verður breski leikarinn John Cleese sem lék í sams konar auglýsingu hjá Kaupþingi í fyrra. Randver vildi ekki tjá sig um málið í gær. „Ég er bundinn trúnaðarskyldu og get ekkert tjáð mig," sagði Randver.

Mikil leynd hefur hvílt yfir gerð Kaupþingsauglýsinganna en þær voru teknar upp í Los Angeles fyrir skömmu af bandarísku tökuliði. Höfundur auglýsinganna er Jón Gnarr en hann var viðstaddur tökurnar sem og aðrir starfsmenn auglýsingastofunnar Ennemm, sem framleiðir auglýsingarnar.

RANDVER ÞORLÁKSSON

JOHN CLEESE

Líklegt þykir að auglýsingin verði frumsýnd á gamlárskvöld, en sá háttur var hafður á í fyrra þegar Cleese birtist landsmönnum óvænt ásamt Þorsteini Guðmundssyni.

Mikið hefur gengið á hjá Randveri í haust en hann var meðal annars rekinn úr Spaugstofunni eftir áratugalangt starf. Brottvikningin var mjög umdeild og lýstu margir yfir óánægju sinni með hana.

- hdm / sjá síðu 50

SPURNING DAGSINS

Ágúst, fáið þið bara jarðepli í skóinn?

Forsvarsmenn Jarðvéla fá að minnsta kosti jarðepli í skóinn. Fær maður það ekki alltaf þegar maður er óþekkur?

Líkur eru á að starfsmenn Jarðvéla fái ekki launin sín fyrir jól. Ágúst Þorláksson er þjónustufulltrúi hjá Eflingu sem er stéttarfélag verkamanna hjá Jarðvélum.

Rannsókn Alþjóðabankans sýnir að verðlag á Íslandi er það hæsta í heiminum:

Ísland er dýrasta land í heimi

NEYTENDUR Ísland er dýrasta land í heimi til að búa á, samkvæmt nýrri rannsókn Alþjóðabankans. Rannsókn á hagkerfum heimsins, byggð á tölum frá árinu 2005, sýnir að verðlag á Íslandi er rúmlega áttfalt hærra en í ódýrasta landi heims, Tadsjikistan.

Verðlag á Íslandi er 54 prósentum hærra en í Bandaríkjunum, sem var viðmiðunarlandið í könnuninni. Á hæla Íslands koma Danmörk, Sviss, Noregur og Írland. Japan er dýrasta land heims utan Evrópu, 18 prósentum dýrara en Bandaríkin, en fimmtán Evrópuríki voru á listanum yfir tuttugu dýrustu löndin.

MATVÆLI Dýrast er að búa á Ísland af öllum löndum heims, samkvæmt Alþjóðabankanum.

Ísland mælist jafnframt í þriðja sæti yfir lönd með mesta einkaneyslu, á eftir Lúxemborg og Bandaríkjunum. - sgj

ÓDÝRUSTU LÖND Í HEIMI

6.	Egyptaland - 28
5.	Kirgisistan - 28
4.	Laos - 28
3.	Eþíópía - 26
2.	Gambía - 26
1.	Tadsjikistan - 24

DÝRUSTU LÖND Í HEIMI

Bandaríkin notuð til viðmiðunar

1.	Ísland - 154
2.	Danmörk - 142
3.	Sviss - 140
4.	Noregur - 137
5.	Írland - 127
20.	Bandaríkin - 100

Stjórnarkreppan í Belgíu:

Bráðabirgða-stjórn mynduð

BELGÍA, AP Guy Verhofstadt var í gær í þann mund að mynda bráðabirgðastjórn í Belgíu til að takast á við aðkallandi efnahagsmál. Hún mun að óbreyttu sitja fram í lok marz og hafa meiri völd en sú óformlega bráðabirgðastjórn sem setið hefur í hálft ár.

Verhofstadt, sem hefur verið forsætisráðherra frá árinu 1999, hefur í reynd gegnt embættinu áfram frá þingkosningum í júní á meðan reynt hefur verið að mynda meirihlutastjórn borgaralegu flokkanna, flæmsku og vallónsku, sem unnu kosningarnar. Þeir hafa nú þriggja mánaða frest til að útkljá ágreining sinn. - gb/aa

RIST MEÐ HNÍF Í GEGNUM LEÐUR Það er greinilegt að virkilega beitt verkfæri hefur þurft til að skera í gegnum töskuna svo lítið bæri á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þjófar í miðbænum:

Skorið á leðurtösku í biðröð

ÞJÓFNAÐUR **„Ég vil bara að fólk viti af því að svona gerist," segir Guðbjörg Jónsdóttir. Hún var ásamt vinkonum sínum í röð á skemmtistað um helgina. Þegar vinkona hennar ætlaði að sækja sér tyggjó í töskuna sína komst hún að því að rist hafði verið gat á hana.**

Svo heppilega vildi til að hún geymdi peninga sína ekki í stærsta hólfinu sem skorið var á heldur í renndu hliðarhólfi. Guðbjörg furðar sig á því hve vel útbúnir þjófarnir hafa verið því það þarf virkilega beitt verkfæri til að rista gat á jafnþykka leðurtösku og vinkonan var með.

„Þetta er óhugnanlegt og rétt að láta vita af þessu svo fólk geti verið viðbúið svona löguðu," segir hún. - kdk

BANDARÍKIN

Kona káfaði á jólasveini

Kona kann að sæta ákæru fyrir kynferðislega áreitni eftir að jólasveinn í verslanamiðstöð í Kentucky í Bandaríkjunum sagði hana hafa káfað á sér þegar hún settist í kjöltu hans. Konunni var sleppt úr haldi lögreglu og skal mæta fyrir rétt 3. janúar.

Vasaþjófar að erlendri fyrirmynd í Reykjavík

Kona varð fyrir barðinu á skipulögðum vasaþjófum í miðbæ Reykjavíkur. Þeir kröuðu hana af í verslun og hnupluðu peningaveski úr tösku hennar. Fréttir af slíkum vasaþjófnaði koma flatt upp á lögreglu, sem biður fólk að hafa varann á.

LÖGREGLUMÁL „Maður hefur auðvitað alltaf varann á í útlöndum en það hvarflar ekki að manni að svona gerist á Íslandi," segir Ragnheiður Guðjónsdóttir, sem varð á mánudag fyrir barðinu á skipulögðum vasaþjófum að erlendri fyrirmynd.

Ragnheiður brá sér inn í Tiger á Laugavegi til að kaupa eitthvað smálegt fyrir dóttur sína. Að hennar sögn stóðu þrír búðargestir, tvær konur og einn karl sem töluðu saman erlent tungumál, óvenjulega þétt upp við hana á meðan hún skoðaði vörur í búðinni. „Það var nóg pláss í búðinni," segir hún. „Ég skildi ekki hvað var að þessu fólki."

GEIR JÓN ÞÓRISSON

RAGNHEIÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR

Það var svo ekki fyrr en hún kom að afgreiðsluborðinu að hún uppgötvaði að ekkert peningaveski var lengur í hliðartösku hennar. „Ég áttaði mig náttúrulega strax á því hvað hafði skeð og af hverju fólkið hafði króað mig svona af," segir Ragnheiður. Í veskinu voru um þrjátíu þúsund krónur, bankabækur, skilríki og fleiri mikilvæg gögn.

Allslaus þurfti Ragnheiður svo að ganga heim í slagviðri og eyddi deginum í gær í að verða sér úti um nauðsynleg skjöl og gögn.

Fréttir af skipulögðum vasaþjófnaði af þessu tagi koma flatt upp á lögreglu. Geir Jón Þórisson lögregluvarðstjóri segist sárasjaldan hafa heyrt af hnupli sem þessu hérlendis. „Það er ekkert nýtt að veski séu hrifsuð af fólki með bægslagangi en ég hef ekki heyrt oft af svona, að menn læðist í vasa eins og tíðkast víða erlendis."

Geir Jón segir ástæðu til biðja fólk að hafa varann á í jólainnkaupunum. „Þegar fólk er í mannhafi eða fjölda og það þrengir að þá er hættan greinilega sú að það verði stolið af því. Það er alveg ljóst að það er fagfólk á ferð sem ætlar sér að stela og gerir það vel, þannig að fólk ætti að gæta að sér." stigur@frettabladid.is

VIÐ TIGER Lögregla hefur ekki orðið vör við aukningu í vasaþjófnaði. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn telur samt ástæðu til að biðja fólk að gæta að sér í jólaösinni. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Nefndur BíBí frændi af Össuri

Ég lít á þetta sem vinarbragð

STJÓRNMÁL **„Ég lít á þetta sem vinarbragð frá Össuri," segir Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, aðspurður um nafngiftina BíBí frændi sem Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra velur Birni á bloggi sínu.**

BJÖRN BJARNASON

Össur fjallar um útrásarverkefni Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar á bloggi sínu í fyrrinótt. Segir Össur ósamræmi í viðhorfi sjálfstæðismanna til þessara tveggja verkefna eftir því hvort þeir séu í borgarstjórn eða í landstjórninni. „BíBí frændi segir á heimasíðu sinni að þar sé allt í stakasta lagi og allir séu vinir í þeim skógi," skrifar Össur. - gar

Olíuleit Íslendinga:

Útboð olíuleyfa eftir rúmt ár

ORKUIÐNAÐUR Ríkisstjórnin samþykkti í gær að hægt verði að bjóða út sérleyfi til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu norðaustur af Íslandi um miðjan janúar 2009.

„Niðurstöður jarðeðlisfræðilegra mælinga á svæðinu þykja gefa vísbendingar um að þar geti verið að finna bæði olíu og gas í vinnanlegu magni," segir í frétt frá iðnaðarráðuneytinu. Þar segir að mikil þróun hafi orðið í bor- og vinnslutækni og reynsla fengist af olíu- og gasvinnslu á miklu hafdýpi á norðlægum slóðum. „Frekari rannsóknir, þar á meðal rannsóknarboranir, þarf hins vegar til að sannreyna hvort olíu og gas sé í reynd að finna á Drekasvæðinu." - gar

VÖNDUÐ HÚSGÖGN
SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA
BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM Á HAGSTÆÐU VERÐI

Calia Italia Premium hvíldarsófi (Stærð: 222 sm)
Öll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
Verð kr. 179.900,-
OPNUNARTÍMI:
MÁN. - FÖS 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00
SUNNUDAGA 13:00 - 16:00
SETT
SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI: 534 1400 • WWW.SETT.IS

Heilbrigðisráðherra ræddi við landlækni vegna frétta af spítalasýkingum:

Landlæknir vill láta kanna aðstæður

HEILBRIGÐISMÁL „Hættan er raunveruleg," segir Sigurður Guðmundsson landlæknir um hættu á spítalasýkingum vegna þrengsla á sjúkrahúsum.

Fréttablaðið greindi frá málinu í gær og hafði Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra samdægurs samband við landlækni vegna málsins.

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON LANDLÆKNIR

Gunnar Skúli Ármannsson, sveflinga- og gjörgæslulæknir segir fjölda Íslendinga deyja á hverju ári vegna sýkinga sem þeir fá á sjúkrastofnunum. Þrengsli eru einn helsti áhættuþáttur spítalasýkinga. Hann bendir þó jafnframt á að þeir sem deyi vegna sýkinganna séu að jafnaði veikustu sjúklingar spítalans.

Sigurður segir að í teikningum að nýrri spítalabyggingu verði tekið tillit til þessara mála og þess gætt að jafnmikil þrengsli og nú eru á spítölum myndist ekki. Þá sé í undirbúningi úttekt á stöðunni hér á landi en hingað til hafi verið stuðst við tölur frá löndum sem Íslendingar bera sig saman við.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞRENGSLI Erlendar rannsóknir sýna að einn af hverjum tíu sjúklingum verður fyrir skaða vegna meðferðar á spítala.

„Fjölmargar rannsóknir sem gerðar hafa verið í heiminum að undanförnu og snúa að öryggi sjúklinga á spítölum og möguleikum á að eitthvað geti farið úrskeiðis sýna að einn af hverjum tíu sjúklingum sem leggjast inn á spítala getur orðið fyrir skaða vegna meðferðarinnar beint," segir Sigurður. Í stórum hluta þeirra tilfella er það spítalasýking sem veldur skaðanum. - kdk

NOKIA 6267 - 3G

Léttkaupsútborgun:

900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 24.900 kr.

Tónlist, myndsímtal og háhraða-nettenging í símanum þínum.

SONY ERICSSON Z310i

Léttkaupsútborgun:

1.900 kr.

750 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 10.900 kr.

Léttur og lipur samlokusími
með myndavél.

SONY ERICSSON K810i - 3G

Léttkaupsútborgun:

5.900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 29.900 kr.

Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og
háhraðanettenging í símanum þínum.

Harðir pakkar

Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember. Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann ásamt skemmtun og afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

Sími

Netið

Sjónvarp

GENGIÐ 18.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,88	63,18
Sterlingspund	126,57	127,19
Evra	90,46	90,96
Dönsk króna	12,12	12,19
Norsk króna	11,295	11,361
Sænsk króna	9,59	9,646
Japanskt jen	0,5541	0,5573
SDR	98,42	99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,3109
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Milljónir múslimskra pílagríma komnir til Sádi-Arabíu:

Heilög stund á fjallinu Arafat

SÁDI-ARABÍA, AP Hinar árlegu pílagrímaferðir múslima til Sádi-Arabíu náðu hámarki í gær þegar þeir fjölmenntu upp á fjallið Arafat, þar sem Múhameð spámaður er sagður hafa flutt síðustu ræðu sína.

Fjallið er einnig nefnt fjall náðarinnar vegna þess að þar trúa múslimar því að Adam og Eva hafi sameinast á ný og hlotið fyrirgefningu guðs eftir brottreksturinn úr Eden.

Meðal pílagrímanna voru nokkrir íranskir ráðamenn, þar á meðal Mahmoud Ahmadinejad forseti. Þetta er í fyrsta sinn sem forseti Írans tekur þátt í pílagrímaför til Mekka. - gb

Á FJALLI NÁÐARINNAR Á öðrum degi pílagrímaferðanna er haldið upp á fjallið Arafat. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dæmdur á skilorð fyrir hótun:

Sagði daga lögregluþjóna talda

DÓMSMÁL Hálfþrítugur maður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til sektargreiðslu fyrir að hóta tveimur lögreglumönnum lífláti, slá annan þeirra og rústa fangaklefa.

Lögreglumennirnir tveir handtóku manninn vegna ölvunarláta. Hann varðist handtökunni og hótaði lögreglumönnunum lífláti með orðunum „þetta verður þitt síðasta verk“.

Þegar í fangaklefa var komið lét maðurinn öllum illum látum, sló annan lögreglumanninn, braut loftljós og reif niður dýnu þannig að hvort tveggja eyðilagðist. - sh

VIÐ MEÐALFELLSVATN Skorað er á alla í Kjósinni að gera upp við sveitarsjóðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Oddviti skorar á Kjósverja:

Góð samviska um áramótin

SVEITARSTJÓRNIR „Skrifstofa Kjósarhrepps mun á næstu dögum taka fagnandi öllum þeim sem vilja gera upp sín mál gagnvart sveitarsjóði Kjósarhrepps fyrir áramót,“ segir Sigurbjörn Hjaltason, oddviti Kjósarhrepps, í ávarpi til íbúa og sumarhúsaeigenda. Ávarpið er birt á heimasíðu hreppsins undir yfirskriftinni: Hafðu góða samvisku um áramót. „Rík hefð er fyrir því hjá okkar þjóð að gera upp það sem út af stendur fyrir hver áramót,“ skrifar Sigurbjörn sem segir hreppinn hafa farið mjög mildilega í innheimtu útistandandi gjalda. - gar

Ísland-Palestína aflar fjár:

Selur ólívuolíu frá Palestínu

JÓLIN Félagið Ísland-Palestína mun selja ólívuolíu frá Landinu helga í sérstökum gjafaumbúðum fyrir jólin.

Einnig verða til sölu vinsælir hálsklútar með palestínsku sniði, ásamt peysum, geisladiskum og öðrum varningi tengdum félaginu.

Allur ágóði sölunnar rennur í neyðarsöfnun til handa íbúum á hernumdum svæðum Palestínu, en þar eru lyf, vatn og rafmagn af skornum skammti.

Á Þorláksmessu verður sölubás félagsins á horni Bankastrætis og Skólavörðustígs. - kóp

Óskylt að tilkynna öðrum um veikindi

Atvinnurekendur skylda starfsmenn til að hringja bæði í yfirmann sinn og sérstakt skráningarfyrirtæki til að tilkynna veikindi og hóta jafnvel að hýrudraga þá ef þeir ekki hlýða. Stríðir gegn kjarasamningi, að sögn formanns SFR.

VINNUMARKAÐUR Atvinnurekendur skylda starfsmenn í vaxandi mæli til að hringja í sérstakt skráningafyrirtæki til að tilkynna veikindi sín auk þess að hringja í sinn yfirmann eins og áður. Þá eru mörg fyrirtæki sem skylda starfsmennina til að hringja daglega í vinnustaðinn til að láta fylgjast með heilsufarinu í veikindum.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir farið fram á það að starfsmenn á Droplaugarstöðum, í Seljahlíð og víðar tilkynni veikindi til einkafyrirtækis. Félagið hefur mótmælt þessu og er málið til skoðunar hjá Reykjavíkurborg.

„Við teljum að þetta sé brot á kjarasamningi. Þar kemur skýrt fram að sá sem er veikur þarf að tilkynna það til yfirmanns en nú er verið að ætla fólki að hringja til yfirmanns og einkafyrirtækis og láta jafnvel vita af sér daglega. Þetta er allt meira og minna íþyngjandi fyrir starfsmanninn,“ segir Kristín og telur Sjúkraliðafélagið fara lengra með málið ef borgaryfirvöld hætti ekki við.

Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra í Reykjavík er í hópi þeirra sem hafa farið fram á það að starfsmenn tilkynni veikindi til verktakafyrirtækis. Svæðisskrifstofan hefur þegar prufukeyrt þetta fyrirkomulag á þremur sambýlum og mun láta það gilda um alla starfsemi sína frá áramótum, að sögn Árna St. Jónssonar, formanns SFR Stéttarfélags í almannaþjónustu. Árni kveðst hafa undir höndum lögfræðiálit sem sýni að þetta stríði gegn kjarasamningi. „Þetta er ekki heimilt nema með breytingu á kjarasamningi,“ segir hann.

Í SFR-blaðinu kemur fram að fleiri hafi reynt að koma á svipuðu fyrirkomulagi. „Í einhverjum tilvikum hefur málið tekið á sig mjög alvarlega mynd. Þannig hefur starfsmönnum verið hótað að þeir verði hýrudregnir sinni þeir ekki tilkynningaskyldunni,“ segir í blaðinu. „Einnig hefur starfsmönnum verið hótað því að ef þeir felli sig ekki við umræddа tilkynningaskyldu til þriðja aðila þá þurfi þeir án undantekninga að skila læknisvottorði fyrir hvern dag.“ Vottorðið og læknisheimsóknina greiði þeir sjálfir.

RANGT AÐ MATI MANNAUÐSSTJÓRA Stjórnendur stofnana og fyrirtækja skylda í vaxandi mæli starfsmenn til að hringja í verktakafyrirtæki úti í bæ til að láta vita af veikindum sínum. „Brot á kjarasamningi,“ segir formaður Sjúkraliðafélags Íslands. Mannauðsstjóri Reykjavíkur segir „rangt“ að kveðið sé á um veikindatilkynningar í kjarasamningum.

ÍÞYNGJANDI „Íþyngjandi fyrir starfsmanninn,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

EKKI HEIMILT „Þetta er ekki heimilt nema með breytingu á kjarasamningi,“ segir Árni St. Jónsson, formaður SFR.

Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkur, segir „algjörlega rangt“ að kveðið sé á um veikindatilkynningar í kjarasamningum. Starfsmönnum bjóðist aukin þjónusta. Enginn sé skyldugur til að nýta sér hana. ghs@frettabladid.is

ÚRSLITUM FAGNAÐ Júlía Tymosjenkó fagnaði sigri sínum í úkraínska þinginu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr forsætisráðherra Úkraínu:

Tæp kosning Tymosjenkó

ÚKRAÍNA, AP Júlía Tymosjenkó var í gær kjörin forsætisráðherra Úkraínu af þinginu. Kosning Tymosjenkó var tæp þar sem hún hlaut 226 af 450 atkvæðum eða nákvæmlega þann atkvæðafjölda sem þurfti til.

Atkvæðafjöldinn gæti táknað erfiðleika fram undan fyrir bandalag Tymosjenkó og Viktors Júsjenkó, forseta Úkraínu. Stjórnarandstaðan undir forystu Viktors Janúkóvitsj, fyrrverandi forsætisráðherra, er í sterki stöðu til að berjast gegn stjórninni. Júsjenkó og Tymosjenkó þykja hliðholl Vesturlöndum og Janúkóvits Rússlandi. - sdg

REYKJAVÍKURBORG

Nefnd fagnar körlum

Mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar fagnaði því á síðasta fundi sínum að karlar væru í meirihluta í fyrsta skipti í sögu nefndarinnar. „Mannréttindanefnd telur þetta vera jákvætt skref í jafnréttisbaráttunni,“ sagði í bókun nefndarinnar sem lýtur formennsku Sóleyjar Tómasdóttur úr VG.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílar velta í hálku

Bíll valt á Hellisheiði í gærmorgun. Enginn slasaðist en sjúkrabíll var kallaður á svæðið til öryggis. Þá valt bíll austan við Svínavatn nokkru síðar. Þar varð ekki heldur slys á fólki. Að sögn lögreglunnar á Selfossi má rekja báðar velturnar til hálku.

OPIÐ
ALLA HELGINA 10-16
Stór humar
Humarsúpa prinsinns
Þorláksmessu skata
Mikið úrval fiskrétta
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

VÆTUSAMT VESTAN TIL

Sem betur fer verður nú hlé á alvöru stórviðrum og það að líkindum fram yfir jól. Ég er þó ekki að tala um eitt allherjar logn heldur eðlilegra veður. Hins vegar verður að viðurkennast að vesturhluti landsins verður almennt mjög blautur, bæði í dag og á morgun jafnvel einnig á föstudag. Þurrara verður austan til á landinu næstu daga. Þeir verða því ansi dimmir næstu dagar.

REYKJAVÍK Í DAG

Sunnan strekkingur og talsverð rigning. Hiti 7-10 stig.

um hádegi »



» á morgun



Strekkingur

» föstudagur



5-10 m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	5°C heiðskírt	London	7°C heiðskírt	Friedrichshafen	8°C heiðskírt
Billund	3°C heiðskírt	París	2°C heiðskírt	Lúxemborg	3°C heiðskírt
Osló	1°C heiðskírt	Amsterdam	6°C heiðskírt	Alicante	18°C skúrir
Stokkhólmur	2°C heiðskírt	Frankfurt	4°C léttskýjað	Róm	11°C hálfskýjað
Gautaborg	6°C heiðskírt	Berlín	3°C heiðskírt	Las Palmas	21°C rigning

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

www.nova.is

Hjá Nova færðu aðgang að stærsta skemmtistað í heimi,
Internetinu, beint í símann þinn!

Gullpakkinn
Internet í símann
~~990~~ kr./mán. fylgir
með á **0** kr./mán.

Internetið // MSN
CNN // MTV // Skífan TV
Hringitónar // Vinatónar

NOKIA
6120
Internetsíminn!

890 kr.
á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:
9.900 kr.

Fullt verð: ~~24.900~~ kr.

Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.*

Nova býður þennan farsíma og fjölda annarra á frábæru tilboðsverði!

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

Nova | Verslanir Lágmúla og Smáralind | Þjónustuver 5191919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

KJÖRKASSINN

Á Landsvirkjun að taka þátt í orkuútrás með einkaaðilum?

Já 39%

Nei 61%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú búin(n) að setja upp jólaskraut?

Segðu skoðun þína á visir.is

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að selja hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja:

Fjármunirnir nýttir til að greiða skuldir

STJÓRNMÁL Tillaga meirihluta Samfylkingar og Vinstri grænna um sölu á 95 prósenta hlut Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja (HS) til Orkuveitu Reykjavíkur (OR) var samþykkt á fundi bæjarstjórnar í gær. Tillaga sjálfstæðismanna um að selja allan hlutinn var felld.

Hlutur Hafnarfjarðar í HS er nú 15,4178 prósent og verður seldur á genginu sjö. Í tillögu meirihlutans segir einnig að bæjarstjórn samþykki að fela starfshópi að leita eftir samkomulagi við OR um hugsanleg hlutafjárskipti og er þar vísað til sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaganna og íbúa þeirra.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri sagði oddvitana vera sammála í meginatriðum þessa máls, að selja beri stærstan hluta í Hitaveitu Suðurnesja og nota féð til að greiða skuldir. Hann sagði tillögu sjálfstæðismanna fljótvirknislega gerða þar sem hún gengi út frá einfaldri aðferðafræði um hvernig söluandvirðinu skuli varið. Horfir meirihlutinn meðal annars til langtímaskulda, lífeyris- og einkaskuldbindinga bæjarfélagsins.

Lúðvík rifjaði upp að á sínum tíma hefði Hafnarfjarðarbær lagt Rafveitu Hafnarfjarðar inn í Hitaveitu Suðurnesja og vildi meirihlutinn með tillögum sínum um hlutafjárskipti við OR tryggja aðkomu bæjarins að þeim dreifikerfum sem eru í bænum.

Rósa Guðbjartsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, fagnaði því að allir bæjarfulltrúar vildu selja hlutinn en hún lýsti hins vegar vonbrigðum með að ekki ætti að selja hann allan. Kallaði hún eftir nánari rökum fyrir því sem og af hverju Hafnarfjarðarbær ætti að eiga hlut í OR.

- ovd

AF BÆJARSTJÓRNARFUNDI Í HAFNARFIRÐI Bæjarfulltrúar deildu um hvort selja ætti allan hlutinn eða 95 prósent hans. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Kjaraviðræður settar í bið:

Viðræðuhópar farnir í jólafrí

VINNUMARKAÐUR Viðræðuhóparnir í kjarasamningsviðræðunum eru að fara í jólafrí.

„Það hafa engin stór skref verið tekin. Það er verið að hjakka í þessu og það tekur bara tíma. Það eru mjög margir þættir til umræðu," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Við verðum að þessa viku. Þegar hún er liðin reikna ég ekki með því að menn hittist aftur fyrr en eftir áramót."

VILHJÁLMUR EGILSSON

- ghs

Sveitarstjórinn í Grímsey:

Rekinn fyrir fals og fjárdrátt

LÖGREGLUMÁL Sveitarstjórinn í Grímsey, Brynjólfur Árnason, hefur verið leystur frá störfum vegna gruns um skjalafals og stórfelldan fjárdrátt úr sjóðum hreppsins.

Fyrir nokkrum vikum var sveitarstjórinn dæmdur fyrir að hafa stolið um þrjú þúsund lítrum af olíu frá olíufélagi sem hann var umboðsmaður fyrir í Grímsey. Haft var eftir Alfreð Garðarssyni hreppsnefndarmanni á Stöð 2 í gær að stuldurinn næmi að líkindum milljónum króna og að Brynjólfur hafi við svik sín beitt yfirburða tölvukunnáttu umfram aðra hreppsnefndarmenn.

- gar

LÖGREGLUFRÉTT

Sofnaði og velti steypudælu

Steypudælubíll valt á hringveginum í Reykjadal í gærmorgun. Talið er að bílstjórinn hafi sofnað. Vegurinn var auður og veður gott. Bíllinn er talsvert skemmdur en bílstjórann sakaði ekki.

Lagaheimildir um orkuútrás óljósar

Lögfróðir segja margt óljóst í máli útrásararmsins Landsvirkjun Power hvað varðar lagaheimildir. Svara þurfi því hvort heimildir séu í lögum fyrir slíkri breytingu á starfsemi ríkisfyrirtækis. Óðagot, segir formaður Vinstri grænna.

ORKUMÁL Álitamál er hvaða lagaheimildir þurfi að vera til staðar til að Landsvirkjun geti gert umbreytingu á starfsemi sinni, eins og kom til með stofnun Landsvirkjunar Power. Þetta segja lögfróðir menn sem Fréttablaðið hefur rætt við um málið. Enginn þeirra treysti sér til þess að svara þeirri spurningu að svo stöddu.

Tilkynnt var á dögunum um stofnun Landsvirkjunar Power, dótturfyrirtækis Landsvirkjunar, sem mun taka þátt í útrásarverkefnum Landsvirkjunar í orkumálum. Um hlutafélag er að ræða, og verður eigið fé félagsins átta milljarðar króna. Það tekur til starfa um áramót.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er margt óljóst í málinu hvað varðar lagaheimildir, og ýmis atriði sem beri að skoða nánar. Annars vegar þurfi að svara því hvaða lagaheimildir þurfi að vera til staðar til að fyrirtæki í eigu ríkisins geti gert slíkar breytingar á starfsemi sinni, og hins vegar hvort þær séu fyrir hendi.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Geir H. Haarde forsætisráðherra teldi ekkert athugavert við stofnun dótturfyrirtækis Landsvirkjunar. Þar sé ríkisfyrirtæki að búa til umgjörð um framkvæmdir innanlands og fjárfestingar í útlöndum.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, kveðst ósammála Geir. Hann setji spurningamerki við samkrull innlendrar starfsemi Landsvirkjunar og útrásarverkefnum. Þar eigi að taka átta milljarða út úr Landsvirkjun og setja í einkahlutafélag, þar sem stjórnendur þess fái að ráðskast með féð án þess að almenningur fái neitt með það að segja.

KÁRAHNJÚKAVIRKJUN Meðal verkefna Landsvirkjunar Power verður að ganga frá framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og halda utan um undirbúning virkjana í neðri hluta Þjórsár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það vakna margar aðrar spurningar, til dæmis um lagaumhverfið sem kann að taka breytingum á næstunni og hvort þetta sé undanfari einkavæðingar Landsvirkjunar.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

„Það vakna margar aðrar spurningar, til dæmis um lagaumhverfið sem kann að taka breytingum á næstunni og hvort þetta sé undanfari einkavæðingar Landsvirkjunar. Síðan er það ekki síst sérlega vel til þess fallið til að skapa traust að gera þetta opinbert tveimur dögum eftir að Alþingi fer heim í jólafrí. Þetta er óðagot, og það gengur ekki."

Hann segist hefðu viljað sjá þetta mál rætt opinberlega, og Vinstri grænir muni vekja máls á því þegar þing kemur saman á ný eftir áramót.

salvar@frettabladid.is

ATKVÆÐI FELLUR Þessi aldraða kona setur kjörseðil í kassann. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar í Kirgisistan:

Ásakanir um kosningasvindl

KIRGISISTAN, AP Stjórnarandstæðingar í Kirgisistan saka ríkisstjórn landsins um að hafa stundað kosningasvindl í þingkosningunum, sem haldnar voru um helgina.

Ak Jol, flokkur Kurmanbeks Bakiyevs forseta, atti kappi við Sósíaldemókrata og Ata Meken, flokk sem fyrrverandi þingforseti er í forystu fyrir.

Stjórnarandstaðan hótar að efna til fjöldamótmæla ef ljóst þykir að stjórnin hafi átt við úrslitin til að bola andstæðingum forsetans af þingi.

- gb

SLÖKKVILIÐ

Flæddi inn í fimm kjallara

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnti fimm lekaútköllum í fyrrinótt og gærmorgun. Í öllum tilvikum var um að ræða að regnvatn hafði flætt inn í kjallara og valdið tjóni. Hvergi var þó um meiriháttar tjón að ræða.

NEYTENDUR

Stöð 2 hækkar áskriftarverð

Verð á mánaðaráskrift að Stöð 2 mun hækka um 3,71 prósent frá og með 5. janúar næstkomandi. Fullt verð fyrir mánuðinn mun því hækka úr 5.390 krónum í 5.590 krónur. Verð á öðrum áskriftarmiðlum hjá 365 miðlum hækkar ekki.

Ógild bankaábyrgð Amitelo vegna uppbyggingar GSM-kerfis kærð til lögreglu:

Gruna að tékkinn sé gúmmí

FJARSKIPTI Grunur leikur á að bankaábyrgð svissneska fjarskiptafyrirtækisins Amitelo, sem bauð lægst í útboði vegna uppbyggingar GSM-kerfis á landsbyggðinni, sé fölsuð. Tilboði fyrirtækisins var hafnað og því næstbesta, frá Vodafone, tekið í staðinn. Ríkiskaup, sem önnuðust útboðið, hafa kært tilurð bankaábyrgðarinnar til lögreglu.

„Þetta var ekki fullgild ábyrgð sem við fengum," segir Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa. „Það vantaði í hana ýmis formsatriði og þess vegna gátum við ekki tekið hana gilda." Hann segir að nú sé skoðað hvort bankinn sem nefndur var í ábyrgðinni hafi yfir höfuð gefið hana út.

„Þetta eru mikil vonbrigði eftir að hafa unnið hörðum höndum að tilboðinu í marga mánuði," segir Jan Malkus, sem situr í stjórn Amitelo. Hann þvertekur fyrir að ábyrgðin sé fölsuð.

AMITELO Stjórnarmaður í Amitelo segir mikil vonbrigði að fyrirtækið hafi ekki hlotið samninginn.

„Við áttum von á mjög köldum mótvindi þegar við ákváðum að hefja rekstur á Íslandi. Ég vona bara að næsta útboð verði unnið með sanngjörnum hætti."

Hann segist furða sig á því að Amitelo hafi yfir höfuð verið krafið um bankaábyrgð áður en skrifað var undir samning. Það sé ekki venjan í útboðum.

- sþs

FARSÍMI Forstjóri Ríkiskaupa segir að nú sé verið að skoða hvort bankaábyrgðin sem Amitelo lagði fram sé raunveruleg eða ekki.

Gjöf til framtíðar

Með 5.000 kr. gjafabréfi fær nýr Framtíðarbókareigandi
2.500 kr. mótframlag frá bankanum.

Framtíðarbók

KAUPÞING
Hugsum lengra

LEGGÐU GÓÐAN GRUNN AÐ FRAMTÍÐ BARNSINS

Framtíðarbókin er verðtryggður sparireikningur sem gefur hæstu vexti almennra innlánsreikninga. Aðstandendur barna geta stofnað Framtíðarbók hvenær sem er fyrir 15 ára aldur barnsins og lagt þannig grunninn að fjárhagslega öruggri framtíð þess. Innstæðan sem safnast er laus til úttektar við 18 ára aldur.

Kynntu þér kosti Framtíðarbókar á kaupthing.is. Þú getur gengið frá kaupum á gjafabréfi í næsta útibúi Kaupþings.

ENNEMM/SIA/NM43954

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hversu hárri upphæð hafa íslensk stjórnvöld heitið Palestínumönnum í fjárhagsaðstoð næstu þrjú árin?*
2. *Hvað heitir fyrrverandi varaforseti Suður-Afríku sem nú fer fram gegn sitjandi forseta?*
3. *Hvers lags óvenjulegar sundlaugar, tvær að tölu, tóku til starfa á Íslandi síðastliðinn vetur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Leiðtogakjör Afríska þjóðarráðsins fór fram í gær:

Zuma tekur við af Mbeki

SUÐUR-AFRÍKA, AP Hinn umdeildi en vinsæli Jacob Zuma sigraði í leiðtogakjöri Afríska þjóðarráðsins, ANC, í gær. Hann verður því að öllum líkindum forsetaefni flokksins þegar kosið verður árið 2009.

Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, lætur því af formennsku í flokknum, en segist ætla að styðja Zuma til þess að kljúfa ekki flokkinn. ANC barðist áratugum saman gegn aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans og hefur síðan ráðið ríkjum í Suður-Afríku í þrettán ár.

Þeir Mbeki og Zuma þykja afar ólíkir. Mbeki er menntaður á Vesturlöndum og skreytir mál sitt gjarnan með tilvitnunum í Shakespeare, en Zuma er lítt skólagenginn, var leiðtogi hernaðararms ANC og sat á sínum tíma í fangelsi á Robbin-eyju eins og Nelson Mandela.

Zuma hefur sætt harðri gagnrýni vegna spillingarmála og var fyrir tveimur árum ákærður fyrir nauðgun, en það hefur þó engu breytt um sívaxandi vinsældir hans. „Sannleikurinn er sá að þessi flóðbylgja er óstöðvandi," sagði einn af stuðningsmönnum Zuma um vinsældir nýja leiðtogans.

Atkvæðagreiðslan fór þannig að Zuma hlaut 2329 atkvæði en Mbeki 1505. **- gb**

MBEKI OG ZUMA Vel virtist fara á með keppinautunum á flokksþingi ANC í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkalýðsfélag Akraness:

Rannsakar kjarabrot

VINNUMARKAÐUR Verkalýðsfélag Akraness hefur til rannsóknar mál erlendra félagsmanna þar sem grunur leikur á að réttur sé gróflega brotinn. Þannig sýnir ráðningarsamningur til dæmis að dagvinnukaup starfsmanns sé 635 krónur á tímann en manninum sé skylt að vinna á helmingi launa fyrsta mánuðinn þar sem um reynslutíma sé að ræða.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélagsins, segir á vefsíðu félagsins að um gróft brot sé að ræða. Einn starfsmaður hafi unnið þrjá og hálfan mánuð án þess að fá nokkur laun, einungis frítt fæði og húsnæði. **- ghs**

Fyrir jólin

SIEMENS

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.

Gæðaryksugur frá Siemens.
Virkilega þrífandi hrífandi.

Þessi er nauðsynleg við jólabaksturinn.

Er ekki upplagt að fá sér ný ljós fyrir jólin?

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

REYNT AÐ FINNA LAUSN Starfsmenn hafa gengið út af dvalarheimilinu upp á síðkastið vegna samstarfserfiðleika við hjúkrunarforstjórann. Á næstunni verður gert skipurit, starfslýsingar og unnið að því að fá heildarsýn yfir stjórnunina.

Erfitt samstarf við forstjórann olli uppsögnum

Sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingur hafa gengið út af dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli vegna samstarfsörðugleika við hjúkrunarforstjórann. Unnið er að lausn málsins í samstarfi við ráðgjafa.

HEILBRIGÐISMÁL Tveir af þremur sjúkraliðum hafa gengið út á elli- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli. Sjúkraliðarnir segja samstarfsörðugleika við hjúkrunarforstjóra sem ástæðu í bréfi til stjórnarinnar. Í fundargerð kemur fram að litið verði á bréf sjúkraliðanna sem uppsögn. Þá hefur einn hjúkrunarfræðingur, sem veiktist, sagt upp störfum.

Sjúkraliðarnir tveir hafa gengið á fund landlæknis og rætt samstarfsörðugleikana við hann en ekkert formlegt erindi er komið til landlæknisembættisins.

Unnur Brá Konráðsdóttir, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra, staðfestir að samstarfsörðugleikar séu á milli sjúkraliðanna og hjúkrunarforstjórans. Hún bendir á að utanaðkomandi ráðgjafi hafi verið fenginn til að fara yfir málin og honum falið að vinna úr því. „Það er vinna sem er í gangi og í raun-inni bara nýbyrjuð af okkar hálfu en ráðgjafinn hefur unnið fyrir okkur í nokkrar vikur," segir hún.

Unnur Brá rifjar upp að bætt hafi verið við rýmum og heimilið þyngst. Á heimilinu býr nú maður sem þarf mjög sérhæfða þjónustu og höfðu sjúkraliðarnir verið þjálfaðir í að sinna honum en í sumar var gerður þjónustusamningur við heilbrigðisráðuneytið þar um.

„Við höfum sem betur fer afar gott starfsfólk sem hefur ráðið vel við þetta verkefni. Starfsfólkið hefur þurft að læra margt nýtt en það hefur gengið vel," segir Unnur og bendir á að það starfsfólk sem eftir er hafi tekið á sig aukið álag síðustu daga. Nýtt fagfólk verði síðan ráðið við fyrsta tækifæri og svo taki tíma að þjálfa upp fólk í svo sérhæfða vinnu.

„Að sjálfsögðu metum við þetta ekki þannig að maðurinn sé í lífshættu en auðvitað má alltaf gera betur og það væri gaman að fjölga faglærðu starfsfólki, ekki bara á þessari stofnun heldur á flestöllum hjúkrunarheimilum á landsbyggðinni. Það er alls staðar vöntun á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum."

Á næstunni verður gert skipurit, skýrar starfslýsingar gerðar og unnið að því að fá heildarsýn yfir stjórnunina auk þess sem unnið verður að því að leysa samskiptaerfiðleikana. **ghs@frettabladid.is**

...er kominn út

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Munið borðapantanir fyrir Þorláksmessuskötuna í veitingahúsi okkar

sími 587-2882 & galleryfiskur@galleryfiskur.is

Opið laugardag og sunnudag 22. & 23. 10-22

Gallerý fiskur
Veitingahús og verslun Nethyl 2, 110 Reykjavík

EN.NEMM / SÍA / NM30937

Afgreiðslutímar

í vínbúðunum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík um jól og áramót 2007

Fimmtudagur
20. desember
Opið kl.
11.00 - 20.00
Vínbúðirnar
Dalvegi & Skeifunni
opna kl. 09.00

Föstudagur
21. desember
Opið kl.
11.00 - 20.00
Vínbúðirnar
Dalvegi & Skeifunni
opna kl. 09.00

Laugardagur
22. desember
Opið kl.
11.00 - 22.00
2 dagar til jóla!

Sunnudagur
23. desember
ÞORLÁKSMESSA
LOKAÐ*

Mánudagur
24. desember
Opið kl.
09.00 - 13.00
Vínbúðirnar
Kringlunni & Smáralind
opna kl. 10.00

Föstudagur
28. desember
Opið kl.
11.00 - 20.00
Vínbúðirnar
Dalvegi & Skeifunni
opna kl. 09.00

Laugardagur
29. desember
Opið kl.
11.00 - 20.00
2008 nálgast!

Sunnudagur
30. desember
LOKAÐ*

Mánudagur
31. desember
Opið kl.
09.00 - 14.00
Vínbúðirnar
Kringlunni & Smáralind
opna kl. 10.00

Afgreiðslutíma vínbúða um allt land má sjá á www.vinbud.is

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

* Skv. áfengislögum er óheimilt að hafa opið á sunnudögum.

Bandaríkin styðja árásirnar á Kúrda

Tyrkneski landherinn réðst í gær inn í Írak, tveimur dögum eftir að Tyrkir gerðu loftárásir á Kúrda í Írak. Condoleezza Rice segir það sameiginlegan hag Bandaríkjanna, Tyrklands og Íraks að hafa hemil á uppreisnarsveitum Kúrda.

ÍRAK, AP Um það bil 300 tyrkneskir hermenn réðust inn í norðanvert Írak í fyrrinótt. Þeir héldu um það bil þrjá kílómetra inn í landið þar sem er hrjóstrugt og strjálbýlt fjalllendi og hugðust ráðast þar gegn liðsmönnum Kúrdasamtakanna PKK, sem vilja stofna sjálfstætt ríki Kúrda á þessum slóðum.

Á sunnudaginn hafði tyrkneski herinn sent allt að fimmtíu hermenn til að varpa sprengjum á Kúrda í þorpum enn lengra inni í Írak. Írakska þingið fordæmdi þær árásir og sagði þær gróf brot á fullveldi Íraks.

Tyrknesk stjórnvöld sögðust hafa fengið samþykki frá Bandaríkjunum fyrir þessum árásum og meira að segja fengið upplýsingar frá bandarísku leyniþjónustunni til að styðjast við.

Í gær kom Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til Íraks og hitti þar ráðamenn, bæði í höfuðborginni Bagdad og í Kirkuk, sem er stærsta borgin í norðanverðu landinu.

Í Bagdad sagði hún að Bandaríkin, Tyrkland og Írak hafi sameiginlegan hag af því að halda kúrdneskum uppreisnarmönnum í skefjum. Hún varaði þó Tyrki við því að gera neitt sem stofnað gæti stöðugleikanum í norðanverðu Írak í hættu.

Hoshyar Zebari, utanríkisráðherra Íraks, sagðist sömuleiðis hafa fullan skilning á því að Tyrkir hefðu áhyggjur af uppreisnarsveitum Kúrda, en kvartaði þó undan því að Tyrkir hefðu ekki látið stjórnvöld í Írak vita af árásunum fyrir fram.

Samtökin PKK, eða Kúrdíski verkamannaflokkurinn, hafa barist í meira en tvo áratugi fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis Kúrda í suðvesturhluta Tyrklands. Herskáir liðsmenn samtakanna hafa haft bækistöðvar í norðanverðu Írak og gert þaðan árásir á tyrkneska herinn og fleiri skotmörk í Tyrklandi.

Fljótlega eftir að leiðtogi þeirra, Abdullah Öcalan, var handtekinn og dæmdur í lífstíðarfangelsi í Tyrklandi lögðu liðsmenn PKK niður vopn, en á síðustu árum hafa þeir gripið til þeirra á ný.

Hörð árás á tyrkneska hermenn í september síðastliðnum varð til þess að tyrkneska þingið samþykkti að veita hernum heimild til að gera árás á Kúrda handan landamæranna í Írak. Bandaríkin mótmæltu í fyrstu þeim áformum, en hafa síðan lofað að styðja Tyrki í baráttunni gegn PKK.

gudsteinn@frettabladid.is

FULLTRÚAR BANDARÍKJANNA Í ÍRAK Þau Ryan Crocker sendiherra og Condoleezza Rice utanríkisráðherra á fundi með fulltrúum Kúrda, súnní-múslima, kristinna, Túrkmena og sjía-múslima í Kirkuk í norðanverðu Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

vodafone

Frábær jólatilboð

Nokia 2626
Frábær og flottur sími með FM útvarpi, heyrnartólum og hátalara. Fer á Netið með Vodafone live!

7.900 kr.

Nokia 3110
Öflugur sími með Bluetooth, myndavél og stórum tökkum. Fer á Netið með Vodafone live!

18.900 kr.

Nokia 6500
Örþunnur og stílhreinn 3G sími með innbyggðu 1GB minni, myndavél og MP3 spilara. Fer á Netið með Vodafone live!

39.900 kr.

Komdu við í næstu Vodafone verslun

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Hann fékk Berlín, hún fékk Barcelona...

Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark

Langar þig að gleðja einhvern sérstaklega mikið um jólin? Jólagjafabréf Iceland Express gefur þeim sem þér þykir vænt um spennandi fyrirheit á nýju ári, hvert sem hugurinn leitar.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is

» Verð:

22.900 kr.

Jólaglaðningur
10 heppnir kaupendur jólagjafabréfa vinna ferð fram og til baka til hvaða áfangastaðar Iceland Express sem er!

Gjafabréfið gildir sem flug fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum til eins af áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 31. janúar 2008 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 30. júní 2008. Sætaframboð er takmarkað.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

BOSS HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur

HUGO HUGO BOSS

CANALI

AJ ARMANI JEANS

FINUCCI collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI collezione

bugatti

50% afsláttur af öllum öðrum vörum

Herra fatagrunn outlet

Jólatilboð!

Ótrúleg verð!

BELLINI collezione

Jakkaföt

19.980

VERÐ ÁÐUR 44.980

ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

eterna

Skyrtur

5.586

VERÐ ÁÐUR 7.980

ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

30% afsláttur nýjar skyrtur

Opið lengur

BELLINI collezione

Skyrtur

3.980

VERÐ ÁÐUR 7.980

ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

strellson

Frakkar

19.980

VERÐ ÁÐUR 39.980

Lengri opnunartími til jóla!

Opið frá kl. 11 til 22 í dag.

Opið frá kl. 11 til 22
20. til 23 des.

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

Karlmaður hlaut 8 mánaða dóm fyrir að berja tvo menn með golfkylfu í bræði:

Hefndi vinkonu með golfkylfu

DÓMSMÁL Héraðsdómur Austurlands dæmdi í fyrradag 27 ára karlmann í átta mánaða fangelsi, þar af sex skilorðsbundna, fyrir að berja tvo menn með golfkylfu. Þarf hann einnig að greiða þeim um 370 þúsund krónur samtals í miskabætur.

Mennirnir tveir, ásamt einum öðrum, höfðu hitt vinkonu ákærða á Egilsstöðum í maí síðastliðnum og farið með hana í bíltúr. Þeir voru í glasi og sögðu henni, í stríðni að eigin sögn, að þeir ætluðu að keyra hana til Eskifjarðar. Varð hún skelkuð og hringdi í ákærða. Hann kom á vettvang og krafði mennina um afsökunarbeiðni. Þegar þeir neituðu kýldi hann annan þeirra í andlitið.

Mennirnir fóru því næst á golfvöll á Eskifirði og léku golf. Þegar þeir komu heim til sín á Eskifirði birtist ákærði og réðst að þeim. Barði hann annan þeirra til óbóta með golfkylfu með þeim afleiðingum að hausinn brotnaði af kylfunni. Hinn manninn barði hann í öxlina með kylfunni.

Árásarmaðurinn sagði að annar mannanna hefði ætlað að lemja sig með golfkylfu og hafi hann barið hann í sjálfsvörn. Dómarar féllust ekki á það. Sögðu þeir að honum hefði verið í lófa lagið að keyra burt af vettvangi. **- sgj**

GOLFKYLFUR Árásarmaðurinn barði hina tvo af svo miklu afli að hausinn brotnaði af kylfunni.

Starfsleyfi daunillrar fiskþurrkunar stytt

Umhverfisráðuneytið hefur stytt starfsleyfi fiskþurrkunar Lýsis í Þorlákshöfn úr fjórum árum í átján mánuði. Skilyrði er uppsetning tiltekins lykteyðingarbúnaðar sem sveitarfélagið Ölfus hefur hafnað að veita byggingarleyfi fyrir.

UMHVERFISMÁL Starfsleyfi sem Heilbrigðisnefnd Suðurlands gaf út fyrir fiskþurrkun Lýsis hf. í Þorlákshöfn hefur verið stytt úr fjórum árum í átján mánuði af umhverfisráðuneytinu.

Fiskþurrkun Lýsis hefur mætt mikilli andspyrnu. Sveitarfélagið Ölfus og aðrir sem kærðu starfsleyfi Lýsis sögðu lyktina frá fiskþurrkuninni vera kæfandi og að „á vissum tímum hafi nánast verið ólíft í nábýli við starfsemina," eins og segir í úrskurði ráðuneytisins. Sögðust kærendur ósáttir við að Lýsi fengi endurnýjað starfsleyfi til fjögurra ára „þrátt fyrir ítrekaðar vanefndir fyrirtækisins um að ráða bót á lyktarmengun," segir í úrskurðinum.

Meðal skilyrða fyrir endurnýjuðu starfsleyfi var að Lýsi kæmi upp nýjum búnaði til að eyða lyktarmenguninni. Um var ræða þvotta- og þéttiturn sem síðar reyndist ekki unnt að fá byggingarleyfi fyrir hjá sveitarfélaginu. Lýsi fyrir sitt leyti kærði þetta ákvæði starfsleyfisins til umhverfisráðuneytisins sem tók undir með fyrirtækinu og sagði það hafa verið ólögmætt af hálfu heilbrigðisnefndarinnar sem ekki hafi getað treyst því að Lýsi fengi nauðsynlegt byggingarleyfi fyrir búnaðinum.

Þegar auglýst var á sínum tíma eftir athugasemdum við fyrirhugað starfsleyfi Lýsis kom fram að það ætti að vera til átján mánaða. Heilbrigðisnefnd Suðurlands ákvað síðan að leyfið yrði veitt til mun lengri tíma, eða til fjögurra ára þar sem sá tímarammi væri meginreglan í útgáfu starfsleyfa. Umhverfisráðuneytið tekur hins vegar undir með andstæðingum starfsleyfisins og segir það hafa verið ólögmæta stjórnsýsluhætti af hálfu heilbrigðisnefndar að gera þessa breytingu eftir að frestur til athugasemda var liðinn.

Niðurstaða umhverfisráðuneytisins er að Lýsi fái átján mánaða starfsleyfi fyrir fiskþurrkuninni frá 1. desember 2006 að telja ef fyrirtækinu tekst að afla sér byggingarleyfis fyrir áðurnefndum þvotta- og þéttiturni. Fyrir liggi að mikil og langvarandi mengun hafi stafað frá fiskþurrkuninni. Lýsi er því enn háð því að fá byggingarleyfi frá bæjaryfirvöldum í Ölfusi sem áður hafa hafnað því að gefa út slíkt leyfi.

gar@frettabladid.is

ÞORLÁKSHÖFN Fiskþurrkun Lýsis í Þorlákshöfn hefur verið íbúum þyrnir í augum vegna lyktar sem þeir segja vera kæfandi þannig að stundum sé nánast ólíft í grennd við starfsemina.

> Á vissum tímum hafi nánast verið ólíft í nábýli við starfsemina.
>
> **KÆRENDUR FISKÞURRKUNAR LÝSIS Á ÞORLÁKSHÖFN**

Enginn starfsmaður verður dreginn til ábyrgðar vegna klórslyssins í Varmá:

Vottar ekki fyrir menguninni

HVERAGERÐI „Það vottar ekki fyrir mengun í Varmá," segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðinga.

Hún telur það rangt sem fram hefur komið um að lífríki árinnar verði lengi að jafna sig eftir mengunarslysið, sem varð í byrjun mánaðarins. Þá láku niður 800 lítrar klórs úr tanki við sundlaugina í Laugaskarði og síðan í Varmá. Mikið drapst af fiski.

„Lifandi botndýr hafa fundist á þeim fjórum stöðum þar sem sýni hafa verið tekin neðan spillingarstaðar og við erum farin að sjá fiska upp með allri á," segir Aldís.

„Útlitið er því alls ekki eins svart og virtist vera í fyrstu," segir hún.

Enginn verður áminntur vegna slyssins, enda hefði „enginn mannlegur máttur getað komið í veg fyrir að kraninn brast", segir Aldís. Hún viðurkennir þó að mannleg mistök hafi ráðið því að ekki var tappi í karinu sem lá til öryggis utan um sjálfan tankinn.

„En nei, við ætlum ekki að fara út í það. Starfsmennirnir eru náttúrulega miður sín og verklagsreglum hefur verið breytt," segir hún. Slysið hafi verið áminning í sjálfu sér.

Til að koma í veg fyrir svipuð slys í framtíðinni er nýr tankur í smíðum og klór verður ekki settur í þann gamla. **- kóþ**

TANKURINN OG KARIÐ Enginn tappi var í karinu, sem átti að hindra leka úr tankinum við sundlaugina í Laugaskarði.
MYND/SUNNLENSKA

ROLEX



OYSTER PERPETUAL
LADY-DATEJUST

WWW.ROLEX.COM

Franch Michelsen

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900

WWW.SVISS.IS

Bókmenntaverðlaun 2007
Starfsfólk bókaverslana

Bókmenntaverðlaun sta

Besta íslenska skáldsagan

1 **Himnaríki og helvíti**
Jón Kalman Stefánsson

2 **Harðskafi**
Arnaldur Indriðason



3 **Óreiða á striga**
Kristín Marja Baldursdóttir

Besta þýdda skáldsagan

1 **Þúsund bjartar sólir**
Khaled Hosseini

2 **Mæling heimsins**
Daniel Kehlmann

3 **Yacoubian byggingin**
Alaa Al-Aswany

Besta ævisagan

1 **Bíbí - Sagan um Bíbí Ólafsdóttur**
Vigdís Grímsdóttir

2 **Þar sem vegurinn endar**
Hrafn Jökulsson

3 **Snert hörpu mína**
Friðrik G. Olgeirsson

eymundsson.is

arfsfólks bókaverslana 2007

Besta íslenska barnabókin

1 **Gælur, fælur og þvælur**
Þórarinn & Sigrún Eldjárn

2 **Loforðið**
Hrund Þórsdóttir

3 **Ballið á Bessastöðum**
Gerður Kristný



Besta þýdda barnabókin

1 **Harry Potter og dauðadjásnin**
J.K. Rowling

2 **Dansar Elías?**
Katarina Kieri



3 **Þú ert frábær**
Max Lucado



Besta ljóðabókin

1 **Blótgælur**
Kristín Svava Tómasdóttir

2 **Fjöllin verða að duga**
Þórarinn Eldjárn

3 **Höggstaður**
Gerður Kristný

Besta handbókin / fræðibókin

1 **Maðurinn**
JPV



2 **Silfur Hafsins**
Nesútgáfan

3 **Stiklað á stóru um næstum allt**
JPV



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson
Bóksali frá 1872

„ORÐRÉTT“

Stríðsástand í Fossvogi

„Þrengslin á deildum spítalans í Fossvogi eru orðin eins og í hermannaskála.“

GUNNAR SKÚLI ÁRMANNSSON, SVÆFINGA- OG GJÖRGÆSLULÆKNIR, UM FJÖLDA ÍSLENDINGA SEM LÁTA LÍFIÐ ÁRLEGA VEGNA SÝKINGA SEM ÞEIR FÁ Á SJÚKRASTOFNUNUM.

Fréttablaðið 18. desember

Það varð klúður

„Það varð klúður í sambandi við REI þegar verið var að fá einkaaðila til samstarfs.“

GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA ÚTLISTAR HVERNIG LANDSVIRKJUN POWER ER HELST FRÁBRUGÐIÐ REYKJAVÍK ENERGY INVEST.

Fréttablaðið 18. desember.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GÍSLI FREYR VALDÓRSSON HÓTELSTARFSMAÐUR

Á hótelþaki um áramótin

„Það er náttúrulega bara vinna og skóli og svona,“ segir Gísli Freyr Valdórsson, nemi og starfsmaður Hótels Sögu. „Það eru próf þessa dagana,“ segir Gísli, sem nemur stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. „Ég þykist vera að klára það nám núna um jólin.“ Hjá Hóteli Sögu ber Gísli titilinn forstöðumaður gistisviðs. „Það er mikill erill þar bæði um jól og áramót, þannig að það er af nógu að taka.“

Jólaundirbúningurinn hefur ekki verið efstur á baugi hjá Gísla upp á síðkastið. „Við getum orðað það þannig að ég leyfi konunni að sinna því. Hún er svo yndisleg að hjálpa til við það.“ Hann er þó búinn að standa sig vel í jólagjafainnkaupum. „Já, ég er búinn að kaupa eiginlega allar jólagjafir. Aðalgjöfin er reyndar eftir.“

Gísli og eiginkonan halda fast í hefðirnar. „Við höfum skipst á að vera hjá foreldrum okkar um jólin og höldum þeim góða sið örugglega, en annars verða jólin örugglega fyrst og fremst bara afslöppun. Sjálfur losna ég við mestu vinnuna helstu dagana.“ Hann hyggst ekki sprengja gamla árið burt með miklum látum. „Síðustu ár hef ég yfirleitt farið upp á þak á Hótel Sögu og horft á aðra spandera rakettum. Þar er besta útsýnið í bænum.“

En það er annað sem Gísli og frú hlakka meira til en jólin þetta árið. „Það er von á erfingja í janúar. Það fer nú væntanlega einhver tími í það eftir áramótin.“

MORTÉL:

MÖRG ÞÚSUND ÁRA GAMALT ELDHÚSÁHALD

Mortél og stautur (ítalska: mortaio e pestello) eru eldhúsáhöld sem notuð eru til að kremja ýmis matvæli, til dæmis hvítlauk eða kryddjurtir, í smærri agnir. Einnig er það notað við gerð lyfja. Fyrirbærið er mörg þúsund ára gamalt og er minnst á það í fornum egypskum ritum og Gamla testamenti Biblíunnar. Mortél og stautur eru gerð úr hörðum efnum, en þó ekki brothættum, vegna þess mikla þrýstings sem þau eru beitt. Leir er mikið notaður, en einnig eru til mortél úr postulíni. Pestó dregur nafn sitt af stautnum (ít. pestello), enda eru mortél og stautur notuð við gerð þess.

SJÓNARHORN

PÓKERVARNINGUR VINSÆL JÓLAGJÖF

Spil eru skemmtileg

ÁSDÍS ÓSK EINARSDÓTTIR
Verslunarmaður

Spilaverslunareigendur segjast merkja aukna sölu á pókervarningi í aðdraganda jólanna, Framkvæmdastjóri SÁÁ segir þetta slæma þróun og vill að yfirvöld skerist í leikinn.

„Ég hef persónulega mjög gaman af öllum spilum, svo lengi sem það er ekki verið að leggja fjárhæðir undir,“ segir Ásdís Ósk Einarsdóttir, eigandi Fair Trade-búðarinnar við Klapparstíg. „Ég held að flestir sem spila póker geri það vegna félagsskaparins og skemmtanagildisins en ekki vegna fíknar. Það er ólöglegt að stunda fjárhættuspil á Íslandi og ég er sammála því. En mér finnst varasamt að ríkið fari að skipta sér af því hvort menn kaupi pókerspil eða verslunum sem selja slíkan varning. Það þarf fyrst og fremst að fylgjast vel með þróuninni og halda umræðunni og fræðslunni um spilafíkn opinni. Ég sé ekki hvað annað er til ráða.“

PÉTUR BÜRCHER REYKJAVÍKURBISKUP Kaþólski biskupinn fyrir framan Kristskirkju. Hann er fullur tilhlökkunar að fara um landið til að kynnast sóknarbörnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með ráðningu frá Róm

Pétur Bürcher tók við embætti Reykjavíkurbiskups síðastliðinn laugardag. Hann sagði Fréttablaðinu frá sjálfum sér, páfanum, hugmyndum sínum og þeim áherslum sem hann mun beita sér fyrir. Vel á átta þúsund manns eru skráðir í kaþólsku kirkjuna hér á landi.

JÓHANNES Í RÆÐUSTÓLI Jóhannes Gijsen er hér á milli prúðbúinna varða á meðan Pétur stendur fyrir aftan. LÁRUS E. BJARNASON

KYSSIR KROSSINN Pétur kyssir róðukross eins og hefð gerir ráð fyrir við athöfn sem þessa. Það er séra Jürgen Jamin dómkirkjuprestur sem réttir honum krossinn. MYND/STEFÁN HELGI VALSSON

Hinn 30. október fékk Pétur Bürcher boð frá sendiherra páfans í Stokkhólmi um að hann verði útnefndur biskup á Íslandi. „Ég hafði aldrei til Íslands komið en það kom aldrei neitt annað í huga en að hlýða þessu kalli enda leit ég á þetta sem gjöf frá páfanum,“ segir Pétur.

Ísland getur reynst hrjúft fyrir þá sem koma hingað í skammdeginu úr suðri en Pétur gerir ekki mikið úr því. „Ég er alinn upp í Fiescher-dalnum í Oberwallis í Sviss þar sem skriðjöklar teygja sig niður dalinn en ég er hins vegar ekki vanur þessu myrkri,“ segir hann. Hann hefur þegar hafist handa við að læra íslensku sem honum finnst reyndar nokkuð snúin en hann hefur lagt stund á arabísku svo honum þykir ekki við hæfi að veigra sér við íslenskuna sem er af germönskum stofni en Pétur er þýskumælandi og reyndar frönskumælandi líka.

Hann var settur í embætti Reykjavíkurbiskups síðastliðinn laugardag við virðulega athöfn í Kristskirkju. „Mér hefur verið sérlega vel tekið hérna og það gladdi mig sérlega að sjá að þarna voru komnir meðal annarra Geir Haarde forsætisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Björn Bjarnason kirkjumálaráðherra og Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands en ég átti nokkur orð við hann þar sem ég sagði meðal annars að ég væri til í að vinna að einingu kirknanna með honum,“ segir Pétur.

Ekki hafa öll samskipti Péturs og páfa farið í gegnum milliliði því hann hefur oft hitt Benedikt XVI sem og fyrirrennara hans Jóhannes Pál II. „Páfinn er með sérstaka viðtalstíma fyrir biskupa og hef ég margoft nýtt mér þá tíma. Benedikt er mjög vel gefinn maður og sérlega hógvær. Til dæmis kom það upp þegar hann var kardínáli og var að ganga yfir Péturstorg á leið til vinnu sinnar að á vegi hans urðu nokkrir þýskir ferðamenn sem taka hann tali. Allt í einu spyrja þeir svo „hefðir þú nokkuð á móti myndatöku?“ Hann hélt nú ekki og tók af þeim myndavélina tilbúinn að taka af þeim mynd þegar þeir voru í raun að falast eftir því að fá að taka af honum mynd, en svona er hann nú hógvær,“ segir Pétur og brosir við.

En í hverju felst starf Reykjavíkurbiskups? „Það er í raun þríþætt. Í fyrsta lagi er það fræðsla um starf kirkjunnar en það má fræða með ýmsum hætti. Til dæmis með fyrirlestrum, blaða- og bókaskrifum og svo framvegis. Í annan stað verður biskup einnig að leiðbeina, prestum, systrum og leikmönnum kirkjunnar og í þriðja lagi er það helgun. Jóhannes Páll páfi II lagði mikla áherslu á að heilagleiki væri ekki yfir dauðlega menn hafinn. Í raun getur ótrúaður maður komist í snertingu við heilagleikann ef hann lifir hógværu lífi. Þetta verður biskup að sýna í orði og á borði.“

En hverjar verða áherslur hins nýja biskups? „Nú á ég eftir að fara um allt landið og hitta sóknarbörnin en við erum með kapellu á Ísafirði, kirkju á Akureyri og svo er klaustur og sóknarkirkja á Reyðarfirði svo fátt sé talið. Og það sem ég vil leggja áherslu á er að sameina alla í einn heilsteyptan söfnuð en þó þannig að hver hópur fái að halda sínum sérkennum.“

Pétur hefur nokkra reynslu af því að miðla á milli ólíkra hópa svo sú reynsla ætti að koma sér vel við að ná þessu markmiði. „Ég hef til dæmis haft milligöngu um málefni múslíma og kaþólskra manna í Sviss. Ég held að ef við sameinumst um nokkur viðhorf til lífsins þá getum við öll lifað í sátt og samlyndi rétt eins og múslímar og kristnir menn gerðu öldum saman eins og til dæmis í Líbanon þar sem ég þekki nokkuð til.“

Pétur tók við af Jóhannesi Gijsen sem lét af embætti fyrir aldurs sakir. Vel á átta þúsund manns eru skráðir í kaþólsku kirkjuna á Íslandi en þó má ætla að fleiri kaþólskir búi hér þar sem ekki láta allir skrá sig í kirkjuna.

jse@frettabladid.is

EDGE

Ford

Nýtt tákn um gæði

FORD EDGE SEL PLUS AWD
Verð 4.790.000 kr.*
3,5i V6 265 hö 339 Nm
6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 313 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 11,8 l/100 km

Jólatilboð Brimborgar

Ammríkskur jólasveinn kemur við í Brimborg

Sveinki lækkar gengi dollars svo um munar. Ford Edge lækkar um hundruð þúsunda íslenskra jólakróna. Komdu núna í Brimborg. Þú færð að auki 104.000 króna jólapakka í formi gæða vetrardekkja frá Nokian. Og sumardekkin í skottið. Verðmæti dagsins eru 304.000 íslenskar jólakrónur. Komdu og heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg.

Tugir þúsunda íslenskra jólakróna í jólagjöf
Heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg

Jóladollarinn lækkar og lækkar:
- Hundruð þúsunda í verðlækkun: 200.000 íslenskar jólakrónur
- Finnsk gæða vetrardekk frá Nokian: 94.000 íslenskar jólakrónur
- Undir bílinn: 10.000 íslenskar jólakrónur
- Sumardekkin í skottið: verðmæti alls, tugir þúsunda

Skoðaðu jólasveinatilboðið á Ford Edge SEL Plus AWD: V6, 3,5 lítra, 265 hestafla jólapakki með 6 þrepa sjálfskiptingu á aðeins **4.790.000** íslenskar jólakrónur. Plús vetrardekkin. Var áður 4.990.000 kr. Verðmæti vetrardekkja **104.000** íslenskar jólakrónur.



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Svona erum við

> Fjöldi almennra póstsendinga í þúsundum talið.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: AFRÍSKA ÞJÓÐARRÁÐIÐ

Áratuga barátta gegn aðskilnaðarstefnu

Kosið var um leiðtoga Afríska þjóðarráðsins (ANC), á flokksþingi flokksins í Suður-Afríku á mánudag og niðurstaðna er að vænta í dag.

Hvað er Afríska þjóðarráðið?
Afríska þjóðarráðið hefur verið stjórnarflokkurinn í Suður-Afríku frá því meirihlutaræði var komið á í landinu árið 1994. Flokkurinn skilgreinir sig sem „agað vinstri afl". Samtökin Þjóðþing innfæddra Suður-Afríkumanna voru stofnuð árið 1912 til að berjast fyrir réttindum svartra í landinu. Samtökin urðu síðan Afríska þjóðarráðið árið 1923. Árið 1961 var hernaðararmur Afríska þjóðarráðsins myndaður, Spjót þjóðarinnar.

Hvernig var starfsemi Afríska þjóðarráðsins?
Afríska þjóðarráðið var í upphafi réttindasamtök og fór síðar að berjast gegn aðskilnaðarstefnunni. Baráttan einskorðaðist í upphafi við friðsamlegar aðgerðir en fóru síðan að verða ofbeldisfyllri þegar friðsamar aðgerðir þóttu ekki nógu árangursríkar.

Afríska þjóðarráðið var skilgreint sem hryðjuverkasamtök af suðurafrískum stjórnvöldum og af flestum vestrænum stjórnvöldum, þar á meðal Bandaríkjunum og Bretlandi.

Sovétríkin veittu Afríska þjóðarráðinu fjárstuðning. Fall þeirra í lok níunda áratugarins batt enda á fjárstuðninginn og um sama leyti breyttist afstaða margra vestrænna ríkja sem áður höfðu stutt suðurafrísku stjórnina sem bandamann gegn kommúnisma. Þetta leiddi meðal annars til friðarviðræðna í byrjun tíunda áratugarins.

Hverjir eru helstu leiðtogar Afríska þjóðarráðsins?
Fyrsti leiðtogi hernaðararmsins Spjót þjóðarinnar, Nelson Mandela, er án efa frægastur. Hann var handtekinn árið 1962 og varði alls 27 árum í fangelsi. Mandela varð fyrsti þeldökki forseti Suður-Afríku árið 1994 eftir kosningasigur Afríska þjóðarráðsins.

Heimild: www.anc.org, www.wikipedia.org

SPURT & SVARAÐ
FRUMVARP UM VARALIÐ LÖGREGLU

STEFÁN EIRÍKSSON Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Þörf á varaliði

Frumvarp um varalið lögreglu hefur verið kynnt í ríkisstjórn, en ákveðið var að fresta framlagningu þess fram yfir áramót. Fram kemur í skýrslu dómsmálaráðherra til starfshóps um hættumat að sérstakar aðstæður geti kallað á tímabundna fjölgun lögreglumanna við störf. Varalið myndi geta hlaupið í skarð venjulegs lögregluliðs og aðstoðað það ef því þyrfti að beita af miklum þunga. Stefán Eiríksson er lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Er þörf á varaliði lögreglu?
„Það er alveg klárt að sú staða getur komið upp í margvíslegum tilfellum. Til dæmis vegna almannavarnaástands og stórra uppákoma, svo sem fjölmennra alþjóðlegra funda.

Hvernig yrði slíkur mannskapur þjálfaður?
„Ríkislögreglustjóri myndi væntanlega sjá um útfærslu þess í samvinnu við dómsmálaráðuneytið. Við erum með vel skipulagða lögreglusveit og höfum verið í góðum og miklum samskiptum við björgunarsveitir sem hafa því virkað eins og varalið lögreglu ef þörf er á. Með frumvarpinu yrði samt skýrari rammi settur utan um þá starfsemi sem yrði þá aðeins til góða.

Dregur saman með keppinautum

Þegar aðeins fáeinar vikur eru til fyrstu forkosninganna fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum virðist vera að draga nokkuð saman með keppinautunum í báðum stóru flokkunum.

Fyrstu forkosingarnar fyrir forsetakjör í Bandaríkjunum verða í Iowa ríki 3. janúar, meira en ellefu mánuðum áður en kosningarnar sjálfar fara fram. Þar hefur ungi þingmaðurinn frá Illinois, Barack Obama, jafnað forskot Hillary Clinton meðal demókrata. Hjá repúblikum hefur suðurríkjabaptistaklerkurinn Mike Huckabee tekið fram úr Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóra New York, sem annars hefur lengi haft mest fylgi meðal repúblikana á landsvísu.

Pólitískt „hreinir sveinar"
Obama og Huckabee eiga það sameiginlegt, sérstaklega í samanburði við reynsluboltana Clinton og Giuliani, að vera tiltölulega „hreinir sveinar" í pólitík. Velgengni þeirra í skoðanakönnunum meðal Miðvesturríkja-smábæjakjósendanna í Iowa er ekki sízt rakin til þess hve margir eru orðnir þreyttir á stjórnmálunum eins og þau hafa birzt fólki á síðustu árum. Hjá þeim kjósendum eiga pólitískir „hreinir sveinar" meira upp á pallborðið eins og er.

Obama og Huckabee forðast pólitískan skotgrafahernað af því tagi sem tíðkast hefur á síðustu árum vestra; þeir vilja báðir gegnsæjar lausnir. Obama berst enn fyrir því að bandarískri herinn í Írak verði kallaður heim. Huckabee vill leggja bandarísku alríkisskattstofuna niður. Í stað hefðbundinnar skattheimtu komi um 30 prósenta virðisaukaskattur, sem að hans sögn ætti að skila svipuðum skatttekjum. Stefnumið af þessu tagi komast vel til skila í sjónvarpi, þar sem fljótlegt er að lýsa þeim.

„Endurkoma siðferðisins"
Margir kjósendur eru þreyttir á valdataflinu og óska sér „endurkomu siðferðisins" í stjórnmálin. Þetta fólk í báðum flokkafylkingum er móttækilegt fyrir einfeldningslegum hugmyndum Obama og Huckabees.

En eins og stjórnmálaskýrandinn Anjana Shrivastava spyr sig í grein á fréttavef þýzka vikuritsins Der Spiegel – er þessi einfeldningsháttur ekta, eða er hann bara kænska? Huckabee nýtur ráðgjafar Dicks Morris, sem á sínum tíma var kosningaráðgjafi Bills Clinton. Og Morris var á tíunda áratugnum þekktari fyrir skilvirkni sína í starfi frekar en einfeldningsháttur, unz hann þurfti að segja af sér vegna vændishneykslis. Obama er aftur á móti maður sem hefur klifið metorðastigann hratt, sem bendir heldur ekki til einfeldni.

Stjórnmálareynsla Huckabees takmarkast að mestu við að hafa verið ríkisstjóri í Arkansas. Hann kemur frá sama litla bæ í því ríki og Bill Clinton, Hope. Hann á það líka sameiginlegt með Clinton að vera jafnan snöggur til svars og beita óspart kímni í tilsvörum. En í stjórnmálaviðhorfum eiga þeir fátt sameiginlegt.

Öfáum Bandaríkjamanninum óar við sumum skoðunum baptistapredikarans. Hann er meðal annars fylgjandi alríkisbanni við fóstureyðingum og hjónaböndum samkynhneigðra og hann álítur þróunarkenninguna ósannaða. Öðrum finnst hann með þessari óbilgjörnu afstöðu sýna siðferðilegan styrk sem geri hann að trúverðugri stjórnmálamanni. Að minnsta kosti gerir þessi afstaða hans hann að pólitískum mótpól innanflokks-keppinautarins Giulianis, sem er þekktur fyrir frjálslynda afstöðu sína í þessum efnum.

Margir óákveðnir
Eftir árs kosningabaráttu virðast kjósendur í Iowa og New Hampshire enn klofnir í afstöðu sinni til frambjóðenda beggja flokka. Enn er um helmingur óákveðinn, samkvæmt könnun CBS/New York Times sem AP-fréttastofan vitnar til.

Meðal demókrata mælist fylgi við Clinton, Obama og John Edwards nánast jafnt. Keppinautar Clintons líta á Iowa sem tækifæri þeirra til að skáka henni svo að hún slái þá ekki út strax frá fyrstu forkosningunum eins og annars er útlit fyrir miðað við það mikla forskot sem hún hefur notið í könnunum meðal demókrata á landsvísu. Clinton hefur þægilegt forskot í New Hampshire, þar sem forkosningar fara fram þann 8. janúar, og kosningamaskína hennar hefur úr milljóna dollara sjóðum að spila til að heyja slaginn í ríkjunum sem röðin kemur að næst þar á eftir.

Hvað repúblikana varðar vonast Mitt Romney til að sigur bæði í Iowa og New Hampshire ryðji brautina fyrir sig alla leið til útnefningar, en Huckabee hefur tekið forystuna í Iowa. Giuliani treystir á að sigra í stærri og veigameiri ríkjum eins og Flórída, Kaliforníu, New York og Illinois. En hann á enn í höggi við Romney í New Hampshire, þar sem sá síðarnefndi – sem er fyrrverandi ríkisstjóri Massachusetts – á traust fylgi.

Fred Thompson, hvers fylgi hefur dalað mjög á sama tíma og Huckabee hefur unnið á, vonast til að sigra í Suður-Karolínu og McCain gæti náð góðu fylgi í New Hampshire.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Forkosningar í Bandaríkjunum

Forkosningar til að velja forsetaframbjóðendur í Bandaríkjunum hefjast í Iowa og New Hampshire snemma í janúar; eftir „ofur-þriðjudaginn" 5. febrúar mun liggja fyrir hverjir frambjóðendur bæði repúblikana og demókrata verða. S



FRAMBJÓÐENDUR DEMÓKRATA

Hillary Clinton | Barack Obama | John Edwards

Barack Obama hefur unnið 5% á **Hillary Clinton**.



FRAMBJÓÐENDUR REPÚBLIKANA

Rudolph Giuliani | Mike Huckabee | Mitt Romney | John McCain | Fred Thompson

Sex síðustu skoðanakannanir á landsvísu sýna að ***Mike Huckabee***, fyrrv. ríkisstj. Arkansas, er að sækja hratt á ***Rudy Giuliani***, sem notið hefur mests fylgis til þessa. ***Fred Thompson*** hefur tapað 9%.



Símaviðtöl CNN/Opinion Research Corporation, framkvæmd 6.-9. desember 2007.
Vikmörk 4,5% (demókr.) og 5% (repúbl.)
Myndir: AP
Heimild: RealClearPolitics kannanameðaltal
© GRAPHIC NEWS



JOE BOXER®
Kringlan • Smáralind

Eitt allra glæsilegasta LCD sjónvarpið á markaðinum!

HD ready

Frá frumkvöðlum LCD sjónvarpstækninnar

SHARP

- **Örþunnt – aðeins 9,5cm þykkt.**
- **1080p Full HD**
- 1920x1080 upplausn
- Skerpa: 2000:1 (Dynamic 10000:1)
- 4 ms svartími (LC-46X20)
- 6 ms svartími (LC-37X20 og LC-32X20)
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
- TruD myndvinnsla eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video

46" LCD sjónvarp SHARP LC-46X20
Verð kr. 279.900,-
37" LCD sjónvarp SHARP LC-37X20
Verð kr. 219.900,-
32" LCD sjónvarp SHARP LC-32X20
Verð kr. 189.900,-

HD ready

SHARP

42" LCD sjónvarp
SHARP LC42WD1E

- HD Ready - 1366x768 punkta upplausn
- Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa
- Svartími: 6ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
- Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur
- TruD myndvinnsla - eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

Listaverð kr. 219.900,-
Tilboðsverð kr. 189.900,-

HD ready

SAMSUNG

Frábær upplifun

42" PLASMA sjónvarpstæki
Samsung PS42Q96HDX

- Tilbúið í HD útsendingar
- Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
- Upplausn 1024x768
- 13 bita myndvinnsla
- Kontrast 1:15.000
- Birta 1300 cd/m2
- 3 HDMI tengi

Listaverð kr. 219.900,-
Tilboðsverð kr. 189.900,-



MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BAE

SAFAPRESSAN VINSÆLA
Kr. 15.900,-
Ertu að hugleiða hollari lifnaðarhætti?

TEFAL

JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI

EÐAL POTTA- OG PÖNNUSETT
HANNAÐ AF JAMIE OLIVER OG TEFAL

TEFAL

privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI

Solis OF SWITZERLAND

Vinsæl og
glæsileg
kaffivél frá
SOLIS.
Verð kr. 69.900,-

ZWILLING

Færustu
matreiðslumeistarar
um allan heim
velja ZWILLING
hnífa - og ekki að
ástæðulausu.

Úrvals hnífar - vönduð matargerð.

LANGVARANDI ÁNÆGJA

TEFAL

TEFAL STRAUJÁRN
Verð frá kr. 4.790,-

brabantia
solid company

BRABANTIA STRAUBORÐ

NÝ TÆKNI
SILVER NANO
TILBOÐ:
219.900 kr.

SAMSUNG- RS21DGUS
Burstað stál
Tvöfalt kælikerfi
Kælir: 346 l - Frystir: 186 l
Orkunotkun: 520 kwst /ári

AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Varnir Íslands og Atlantshafsbandalagið:

Skynsamlega unnið úr aðstæðum

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Á komandi vori mun sveit franskra orrustuþotna taka sér í fyrsta sinn stöðu á Keflavíkurflugvelli og stunda æfingar í íslenzku lofthelginni um nokkurra vikna skeið. Þetta gerist í kjölfar samkomulags sem Ísland hefur gert við Atlantshafsbandalagið um svonefnt lofthelgiseftirlit. Grundvöllurinn fyrir því er annars vegar að sömu staðlar um öryggi skuli gilda í öllu loftrými NATO, en eftir að Ísland varð alveg herlaust land haustið 2006 hefur íslenzka lofthelgin sannarlega skorið sig úr öðrum hlutum loftrýmis NATO með því að eina eftirlitið sem með því var stundað var frá ratsjárstöðvum á jörðu niðri. Hins vegar varð brottför bandaríska herliðsins eftir 65 ára viðveru íslenzkum stjórnvöldum tilefni til að vekja bandalagsþjóðirnar í Evrópu til vitundar um þá breyttu stöðu öryggismála hér á norðvesturjaðri álfunnar.

Í beiðni Íslendinga um að NATO-þjóðir legðu til orrustuþotur til lofthelgiseftirlits hérlendis fólst í raun beiðni um að evrópskir bandamenn Íslendinga sýndu í verki áhuga á að taka virkan þátt í að tryggja öryggi Íslands einnig á friðartímum. Það ánægjulega er að ekki stóð á viðbrögðum af hálfu bandamanna okkar. Auk Frakka hafa Norðmenn, Danir, Þjóðverjar, Spánverjar og Pólverjar, auk Bandaríkjamanna og fleiri þjóða sem yfir flugher ráða, lýst áhuga á að taka þátt í lofthelgiseftirlits-áætluninni, en hún felur í sér að flugsveit sé við eftirlit og æfingar á Íslandi í um þriggja vikna skeið í senn, til skiptis um fjórum sinnum á ári að jafnaði.

Þetta fyrirkomulag lofthelgiseftirlits hér er mun viðaminna en það sem loftherslausu nýju NATO-ríkin Eistland, Lettland, Litháen og Slóvenía hafa notið síðan þau gengu í bandalagið vorið 2004. Fyrirkomulagið er annars að því leytinu sambærilegt, að kostnaðinn af sjálfri útgerð flugsveitarinnar – laun áhafna, eldsneyti, viðhald o.s.frv. – greiðir útgerðarríkið, en gistiríkið leggur til aðstöðu og hýsir og fæðir mannskapinn. Það er sá kostnaður sem Íslendingar leggja til, auk þess að reka ratsjárkerfið.

Andstæðingar NATO-aðildar Íslands hafa gagnrýnt hið fyrirhugaða lofthelgiseftirlit sem óþarfa „hernaðarbrölt“. Af því tilefni er full ástæða til að minna á að sú staða Íslands sem fullvalda lýðveldis, að geta látið aðra þjóð algerlega annast hervarnir sínar og það á kostnað hinnar erlendu þjóðar, var sögulegt undantekningarástand. Það er einu sinni svo, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, meðal grunnskyldna stjórnvalda í hverju fullvalda ríki að tryggja varnir þess og öryggi borgaranna fyrir hugsanlegum ógnum. Það sem gerir Íslandi það kleift, án þess að halda úti eigin her, er fyrst og fremst aðildin að varnarbandalaginu NATO.

Núverandi ríkisstjórn hefur markað þá stefnu að efla samstarf við önnur NATO-ríki, einkum og sér í lagi grannríkin sem deila ströndum að Norður-Atlantshafi, auk þess að viðhalda varnarsamningnum við Bandaríkin. Hið nýja lofthelgiseftirlit er liður í þessu. Ekki stendur til að stofna íslenskan her, en unnið er að mati á þeim ógnum sem að landinu kunna að steðja, á sjálfstæðum íslenzkum forsendum. Með því, eflingu borgaralegra stofnana sem að öryggi borgaranna koma og boðuðum lögum um varnarmál, er skynsamlega unnið úr snúnum aðstæðum. Ekki er þó vanþörf á að öflug umræða um öryggismál Íslands haldi áfram á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki maður einhamur

Össur Skarphéðinsson heldur áfram að pönkast á sjálfstæðismönnum í enn einu næturblogginu. Í nýjasta útspili sínu miðar hann á Björn Bjarnason en Össur hefur hins vegar þann hátt á að eftir að hafa skvett úr koppnum á samstarfsmenn sína í ríkisstjórn, fullyrðir hann iðulega að enginn ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna. Það er ekkert leyndarmál að margir innan Sjálfstæðisflokksins eru orðnir langþreyttir á þessu. Sá grunur gæti jafnvel verið farinn að læðast að þeim að einhvers konar æði hljóti að renna á ráðherrann eftir að sól hnígur til viðar – ekki ósvipað og í skáldsögunni um dr. Jekyll og hr. Hyde.

Meiri lax en maður

Fleira rennir stoðum undir þá kenningu að laxadoktorinn sé ekki maður einhamur. Af tímasetningum bloggfærslna hans um miðjar nætur má draga þá ályktun að hann sofi varla mikið meira en þrjá til fjóra tíma á nóttu. Með öðrum orðum virðast svefnvenjur hans eiga meira skylt við hvíldarþörf laxa en manna.

Höfuðstöðvar SÞ til Íslands?

Á dögunum birti dagblað í Des Moines í Bandaríkjunum lesendabréf frá heimamanni, sem óskapaðist yfir því að Sameinuðu þjóðirnar skyldu setja Ísland í efsta sæti lífskjaralista síns en Bandaríkin ekki í eitt af tíu efstu sætunum. Lagði lesandinn til að hinar handónýtu Sameinuðu þjóðir, sem Bandaríkin sóuðu allt of miklu fé í, flyttu höfuðstöðvar sínar frá New York til Íslands. Þar úti í hafsauga væru þær bezt geymdar. Þessa hugmynd greip Þorsteinn Hjálmar Gestsson á lofti og útlistaði á vef sínum „Market for Aid“ hve vel færi á því að Sameinuðu þjóðirnar flyttu höfuðstöðvar sínar frá umdeildasta stórveldi heimsins til fyrirmyndarríkisins Íslands, sem einmitt hefði kjöraðstæður fyrir alþjóðlega ráðstefnumiðstöð og skrifstofur SÞ í hinni yfirgefnu herstöð Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli.



bergsteinn@frettabladid.is
audunn@frettabladid.is

Sá gamli kemur í heimsókn

EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Frakklandsheimsókn Líbýuforseta

Föstudaginn 14. desember birtist teikning í franska blaðinu „Le Monde“. Þar gat að líta hálfopnar dyr kyrfilega merktar „utanríkisráðuneytið“, öðrum megin við þær var stóll og hinum megin lágt borð með vasa, en út um dyrnar gægðist mannshöfuð ofur varfærnislega og spurði: „Er hann farinn?“

Ekki fór á milli mála við hvað var átt. Þessa daga var í opinberri heimsókn í París hinn fyrirferðarmikli Kaddafí ofursti, leiðtogi Líbíumanna, og ætlaði allt lifandi að drepa. Menn veltu því fyrir sér hvað hefði eiginlega komið yfir Sarkozy að bjóða til sín þessum frumlega gesti, sem aðrir stjórnmálamenn í Evrópu sniðganga að mestu nema af einhverjum sérstökum ástæðum og þá heima hjá honum sjálfum. Eina haldbæra skýringin var sú, að þessi heimsókn hefði verið eitt atriðið í leynisamningnum sem Sarkozy varð að gera við Líbíuleiðtogann til að fá búlgörsku hjúkrunarkonurnar látnar lausar, og þeirra vegna virða fréttamenn það, þótt menn telji reyndar að afskipti Sarkozys af málinu (þar sem hann kom fram sem hálfgildings slettireka) hafi fyrst og fremst verið til að fá honum sjálfum aukið rými á forsíðum blaða.

Senunni stolið

Nú er Sarkozy ekki allur þar sem hann er séður og kann að láta krók koma á móti bragði. Hann gætti þess t.d. vandlega, ef einhver skyldi enn vera á þeim buxunum að láta 30. nóvember vera „dag án Sarkozys“, að koma í sjónvarpið kvöldið hinn 29. og halda ræðu sem öllum fréttamönnum fannst þeir vera knúðir til að fjalla um daginn eftir. En um leið og Kaddafí sté fæti sínum á franska grund mætti Sarkozy ofjarli sínum, og er í frásögur fært að þá sex daga sem heimsókn hans stóð yfir hafi Líbíumaðurinn sífellt orðið stærri og breiðari, duttlungafyllri en hispursmey í gamla daga og með sigurbros á vör, en Sarkozy að sama skapi minni og fölari. Starfsmenn ráðuneyta hvísluðu því að fréttamönnum að þeir hefðu aldrei komist í annað eins. Hverri senunni eftir annarri var stolið af franska forsetanum.

Sarkozy gerði þó allt sem hann gat. Þegar Kaddafí kom þaggaði hann niður í öllum þeim hægri mönnum sem voru ekki of ánægðir með gestinn, einkum og sér í lagi mannréttindamálaráðherranum Rame Yade sem sagði að Frakkland væri ekki fótaþurrka þar sem einhver stjórnandi, hvort sem hann væri hryðjuverkamaður eða ekki, gæti komið til að þurrka blóð illverkanna af fótum sér. Þegar allt leit út fyrir að heimsóknin væri að verða að farsa rauk Sarkozy til og tók á móti mönnum sem áttu um sárt að binda vegna hryðjuverka af völdum Líbíumanna.

Sinn er siður

Kaddafí lét þetta sem vind um eyru þjóta. Strax eftir komuna hélt hann á hótelið, en hann fór ekki í neina þjóðhöfðingjasvítu heldur reisti sér bedúínatjald í garðinum, og þar gisti hann og tók á móti mönnum meðan heimsóknin stóð yfir. Að því búnu hélt hann til viðræðna við Sarkozy. Franski forsetinn var borubrattur og sagði fréttamönnum að hann hefði veitt ofurstanum yfirhalningu um mannréttindi í Líbíu og síðan hefðu þeir skrifað upp á viðskipta- og hermálasamninga upp á tíu milljarða evra. En fréttamenn tóku upp reiknivélar sínar og fundu út að upphæðin væri mun lægri, kannski einir þrír miljarðar. Og þegar Kaddafí tók á móti blaðamönnum í bedúínatjaldinu bar hann til baka að þeir leiðtogarnir tveir hefðu nokkuð minnst á mannréttindamál, slíkur talsmáti tíðkaðist ekki meðal vina. Það eina sem ritari Frakklandsforseta gat sagt var: „Jú, jú, þeir töluðu víst um mannréttindi, ég sat hjá og heyrði það.“

Framhaldið var ekki skárra. Kaddafí kom í heimsókn í franska þingið og í bústað þingforseta, og tók þá upp á því að tala um mannréttindi í Frakklandi: „Áður en menn fara að tala um mannréttindi í öðrum löndum, ættu þeir að athuga hvort þau eru virt gagnvart innflytjendum í Frakklandi sjálfu.“ Með þessu afrekaði hann að reita allmarga Frakka til reiði. Á fundi með fréttamönnum vísaði utanríkisráðherra Líbíu, sem var í fylgd með ofurstanum, öllu tali um mannréttindi svo á bug. Hann sagði að um þau hefðu Líbíumenn ekkert að læra: „Í augum Frakka eru hjónabönd argra manna mannréttindi,“ sagði hann, „en hins vegar líta þeir ekki svo á að fjölkvæni sé mannréttindi. Sinn er siður í landi hverju.“ Kannske var hámark allra þessara umræðna eftir annan fundinn með Sarkozy þegar Kaddafí hélt ráðstefnu um kvenréttindi, umkringdur fjölda af skrautlega klæddum grúppíum. Þar talaði hann um hin hörmulegu kjör kvenna í Evrópu sem yrðu oft að stunda vinnu sem þær vildu ekki. „Ég vildi frelsa evrópskar konur,“ sagði hann að lokum. Svo fór hann til Versala að skoða hásæti Lúðvíks 14.

Ekki er takið líklegt að Sarkozy gleymi þessum dögum í bráð.

Hundrað milljónir í námsgögn

UMRÆÐAN
Menntamál

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Ný löggjöf um námsgögn sem var samþykkt á vorþingi 2007 er strax farin að hafa áhrif á skólastarf. Markmið laga um námsgögn er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Lögin gera ráð fyrir að starfsemi Námsgagnastofnunar haldist svo til óbreytt. Nýbreytnin felst í að kveðið er á um nýjan sjóð, námsgagnasjóð, sem hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja og auka val þeirra um námsgögn.

Menntamálaráðuneytið er því nú í fyrsta sinn frá 1936 að færa til grunnskóla landsins fjármagn til námsgagnakaupa sem skólarnir velja sér sjálfir á opnum markaði. Nú fær hver og einn grunnskóli, til viðbótar við sinn kvóta hjá Námsgagnastofnun, fé til innkaupa á námsgögnum út frá þörfum skólans og hugmyndafræðilegri stefnu. Á þessu ári er búið að greiða samtals 100 milljónir og í framtíðinni verður greitt úr námsgagnasjóði í maí ár hvert. Ráðstöfun á þessu fé er til kaupa á námsgögnum frá lögaðilum og eiga námsgögnin að samrýmast markmiðum aðalnámskrár.

Námsgögn grunnskóla hafa hingað til verið tiltölulega einsleit enda hefur Námsgagnastofnun ekki haft mikið svigrúm miðað við fjárframlög síðustu ára. Í raun hafa stjórnendur Námsgagnastofnunar unnið þrekvirki í útgáfu námsgagna. Það er hins vegar löngu tímabært í ljósi stefnumarkandi ákvarðana skóla, sveitarfélaga og löggjafa þess efnis að skólar fái meira svigrúm í ákvarðanatöku að þeir fái að auki tækifæri til að velja og kaupa inn þau námsgögn sem henta þeirra hugmyndafræðilegu stefnu.

Höfundur er formaður stjórnar námsgagnasjóðs.

Gleðjumst saman!

nettó

Góðar bækur á betra verði!

www.markhonnun.is

Hverfið á vit ævintýranna með börnunum.

Bjóðum fjölda bókatitla fyrir börn og fullorðna.

nettó

Akureyri, Grindavík, Höfn, Kópavogi og Mjódd Reykjavík

OPIÐ
til 22:00
öll kvöld til jóla

Landsliðið að

við val á jólakjötinu

Ferskt með flugi!

Bláber

Blæjuber

Trönuber

Jarðarber

Rifsber

Hindber

Brómber

Kirsuber

Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!

Tamarillo


Passion

Dreka ávöxtur

Guave

Granatepli

Grenadilla

Kaktus fíkjur

Maracuya

Ramboutan

Curuba

Ítalskir

ítölsk matarg

framreidd af einum færasta m
landsins í ítalskri mat



Matarvín - tilvalið í súpur og sósur

Eðal ísterta - með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni

Gildir á meðan birgðir endast.

stoðar

Landslið
matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Holtagörðum, Kringlu, Smáralind og Skeifu og aðstoðar þig við val á jólakjötinu. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Holtagarðar, Kringla, Smáralind og Skeifa
19. - 21. desember
kl. 16-18

réttir

gerðarlist

natreiðslumanni
argerð!

Leifur Kolbeinsson

Fyrir þá sem vilja vera öðruvísi!

Fasanabringur


Kengúra


Strútskjöt

Hreindýr

Krónhjörtur

Dúfa


Lynghænur

Andabringur

Frönsk berberieönd


Fasani

Gæða
hangikjöt
í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hækkun lífeyris vantar

UMRÆÐAN
Hagur aldraðra

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja fram frumvarp næsta vor um að draga úr skerðingum tryggingabóta aldraðra vegna tekna þeirra og vegna tekna maka felur í sér verulegar endurbætur á málefnum aldraðra. Það hefði vissulega verið æskilegt að þessar umbætur hefðu tekið gildi strax um áramót en ei að síður ber að fagna þessum umbótum sem mikikvægum áfanga. En eldri borgarar sakna þess,að ekki skuli að finna í tillögum ríkisstjórnarinnar ákvörðun um að hækka lífeyri aldraðra frá almannatryggingum. Afnám tekjutenginga er mikilvægt skref en það njóta ekki allir eldri borgarar hagræðis af þeirri breytingu. Einhleypingar meðal eldri borgara, sem ekki eru á vinnumarkaði, njóta ekki afnáms tekjutenginga vegna atvinnutekna. Þeir njóta þess heldur ekki að skerðingar vegna tekna maka séu afnumdar. Brýnt er að bæta kjör þessa hóps eldri borgara og raunar allra eldri borgara þar eð lífeyrir þeirra frá almannatryggingum er allt of lágur og dugar hvergi nærri fyrir framfærslukostnaði samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Samfylkingin lýsti því yfir fyrir síðustu alþingiskosningar, að hún vildi leiðrétta kjör eldri borgara með hækkun lífeyris. Samfylkigin benti á, að lífeyrir aldraðra hefði ekki um langt skeið tekið eðilegum vísitöluhækkunum heldur dregist verulega aftur úr í launaþróuninni. Samfylkingin sagði: Við ætlum að leiðrétta þetta. Tillögur um þessa leiðréttingu hafa ekki komið fram enn. Ef til vill stendur á Sjálfstæðisflokknum en á sama hátt og Sjálfstæðisflokkurinn hefur fallist á að draga úr tekjutengingum hlýtur hann að fallast á að leiðrétta lífeyri aldraðra verulega. Það þarf að stórhækka lífeyrinn svo eldri borgarar geti lifað sómasamlegu lífi.

Það sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að gera er eftirfarandi:

Skerðing tryggingabóta vegna tekna maka fellur niður 1. apríl. Þessi breyting hefði átt að vera komin fyrir mörgum árum, þar eð Hæstiréttur úrskurðaði í hinum fræga öryrkjadómi, að það væri brot á stjórnarskránni að skerða lífeyri öryrkja vegna tekna maka. Hið sama á að sjálfsögðu við um ellilífeyrisþega. Frítekjumark vegna atvinnutekna á að hækka í 100 þúsund krónur á mánuði 1. júlí nk. Áður hafði verið ákveðið að það væri 25 þúsund kr. á mánuði. Hér er um stefnumál Samfylkingarinnar frá síðustu kosningum að ræða. En Samfylkingin vildi að frítekjumarkið næði einnig til lífeyrissjóðstekna og það er ef til vill enn mikilvægara þar eð flestir eru í lífeyrissjóði en tiltölulega fáir eldri borgarar eru á vinnumarkaði. Hér fer ríkisstjórnin þá leið sem ódýrust er fyrir ríkissjóð en ekki þá leið sem gagnast eldri borgurum best. Þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til þess að draga úr tekjutengingum draga úr því að lífeyrisþegum sé refsað fyrir að vinna en þær fela ekki í sér hækkun á grunnlífeyri frá Tryggingastofnun. Þessar ráðstafanir geta einnig sparað ríkinu stórfé á móti útgjöldum, þar eð ríkið fær skatta af öllum atvinnutekjum. Háskólinn á Bifröst hefur reiknað út að ef allar tekjutengingar væru afnumdar mundi ríkið fá fjóra milljarða á ári í auknum skatttekjum.

Höfundur situr í stjórn 60+.

Jólagjöfin í ár

UMRÆÐAN
Jónas og jólin

HALLGRÍMUR HELGASON

Mikið var um dýrðir á tvíöld Jónasar Hallgrímssonar og skáldskapur hans fyllti hvern krók og kima þjóðlífsins. Ekki man ég eftir betra afmæli og það lýsir vel sígildi þessara kvæða að þau skuli enn þola slíkan þaulflutning. Jónasarunnandinn varð þvert á móti enn æstari í aðdáun sinni og ók næstum ölvaður af línum hans til og frá vinnu dag eftir dag, svo stundum lá við slysi. (Spurning hvort lögreglan útvegi sér ekki tæki til að mæla þann eilífðar anda.) Á hverjum degi þöktu hugann nýjar „gleymdar“ hendingar. „...maðkinn tíni þrátt um byggð...“

Ýmislegt bar til tíðinda í kringum afmælið. Aðspurður í Víðsjá um eftirlæti sitt eftir JH valdi Guðmundur Andri „Enginn grætur Íslending“. Og í einu vetfangi komst kvæði það, sem kallast svo hversdaglega „Stökur“ í Ljóðmælum skáldsins, á stall með „Ég bið að heilsa“, „Dalvísu“ og „Ferðalokum“. Þannig er menningararfurinn í sífelldri mótun og jafnvel hin klassískustu skáld enn síkvik og „virk“.

Það sem kom einna mest á óvart við 200 ár Jónasar var hversu sterkur hann mætti til leiks. Hversu djúpur og lifandi hann er. Satt að segja grunaði mann, einhverstaðar lengst inni við beinið, að ef til vill væri fullausið úr brunni hans. En nei, þessi brunnur er eins og ástin hjá Shakespeare; hann dýpkar aðeins við hverja fötu sem úr honum er tekin. Það er víst sama hversu oft menn segja Jónas bestan skálda, hann hlær að öllum okkar klisjum og verður alltaf betri en okkar bestu orð.

Því vakti talsverða undrun á afmælismorgni að leiðari Morgunblaðsins fengi það ekki af sér að minnast höfuðsnillings þjóðarinnar án þess að flagga sínu „núlifandi þjóðskáldi“ og var hlegið að þessu víða. Menningarstjórnun blaðsins er sannarlega á enda komin þegar ekki einu sinni Jónas Hallgrímsson má skyggja á Matta Jó.

Einn af hápunktum hátíðahaldanna var útgáfa geisladisksins „Íslands minni“ þar sem Fífilbrekkuhópurinn flytur lög Atla Heimis við ljóð Jónasar. Hér og þar hafði maður heyrt sum þessara laga en að hlusta á þau í einum sveig er sterk upplifun. Lagasmíðarnar eru hver annarri betri og fara ljóðunum ákaflega vel, gæða mörg þeirra glænýju lífi. Atli Heimir tekst óhræddur á við kvæði sem þegar eiga sér þjóðþekkt lög, líkt og „Álfareiðin“ og „Ég bið að heilsa“, en kemst ætíð vel frá verki, þótt reyndar verði seint samið betur fyrir „Smávini fagra“ en Jón Nordal gerði á sínum tíma.

Það er eitthvað rammíslenskt við þennan ljóðasveig sem spannar allt frá léttu sumarlyndi til dauðalegs skammdegisdrunga. En um leið er hér ákaflega heimsborgaralega að verki staðið. Ef Jónas er okkar Heine er Atli Heimir okkar Schumann og hér hefur þjóðin eignast sinn Liederkreis. Ekki lítil gjöf það.

Það er eitthvað rammíslenskt við þennan ljóðasveig sem spannar allt frá léttu sumarlyndi til dauðalegs skammdegisdrunga. En um leið er hér ákaflega heimsborgaralega að verki staðið.

Lögin við „Söknuð“, „Gráttittling“ og „Dalvísu“ eru unaðslega fögur og það má heita mikið afrek hjá tónskáldinu að hafa fundið með sér lag sem hæfir„Ferðalokum“. Að aka niður Öxnadal í snjóbjörtu desembermyrkri með þessar perlur í grænjunum er líkt og að aka inn í sjálfa nítjándu öldina á gúmjárnuðum nútíðarjálki með útvarpið stillt á Útvarp Fjölni. Og allt er þetta frábærlega flutt af Fífilbrekkuhópnum. Hljóðfæraskipanin píanó, fiðla, klarinett og bassi er auðvitað ákaflega Jónasarleg; klarinettið flögrar um fífilbrekkurnar á meðan bassinn fetar sig „að þeim dimmu dyrum“. Þá fara söngvararnir vel með lag og brag. Einkum vekur athygli hinn ungi og heiðskýri tenór Eyjólfur Eyjólfsson, sem margir hlýða hér á í fyrsta sinn.

Þessi diskur er mikil þjóðargjöf. Megi þjóðin fá hann og gefa í jólagjöf.

Höfundur er rithöfundur.



KVEIKT Á ÖLLU
Nýtt met í raforkunotkun var sett á höfuðborgarsvæðinu 10. desember síðastliðinn en ástæðan er umfangsmikil jólalýsing ásamt hefðbundinni notkun í atvinnulífinu.
JÓL 2

HEIL HEIM
Þeir sem þurfa að ferðast landshorna á milli til þess að komast heim til sín um jólin en eiga ekki góðan bíl geta kynnt sér möguleikann á því að taka bílaleigubíl á einum stað og skila honum á öðrum.
BÍLAR 4

HÚSGAGNA-LAGERSALA

• Leðursófasett
• Hornsófasett
• Sófasett með innbyggðum skemli
• Borðstofuborð og stólar
• Sófaborð
• Eldhúsborð
• Rúmgaflar
• Rúm í ýmsum stærðum og gerðum

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr
Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr
Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú 159,000 kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Sigríður utan við fagurlega skreyttan glugga Laugarnesskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Stofan heilagt svæði

Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla á jólaminningar úr æsku sem gæddar eru fögnuði og spennu. En fyrst er hún innt eftir upprunanum að íslenskum sveitasið.

„Ég er svolítil flökkukind. Átti heima í Ólafsvík þar til ég var sjö ára, þá flutti ég vestur í Dali, síðan á Akranes og svo til Reykjavíkur. Ég held að eftirminnilegustu jólin séu úr Ólafsvíkinni," segir Sigríður brosandi og útskýrir það nánar. „Þá var venjan sú að börnin sæju ekki jólatréð og pakkana fyrr en á aðfangadagskvöld. Stofan var heilagt svæði. Mamma skreytti tréð og lagði á borð þegar við systur vorum sofnaðar. Svo var stofunni lokað en ég man eftir mér kíkjandi gegnum skráargatið að gá hvort ég sæi tréð. Það var mikill spenningur."

Jólin voru fjölskylduhátíð þá eins og nú. „Það var venja að frændur og frænkur og önnur skyldmenni kæmu í heimsókn þannig að ég á fallega mynd í huga mér af okkur frændsystkinum prúðbúnum og drekkandi appelsín. Svo kom alltaf jólasveinn og ég man hvað ég var hrædd við hann. Mér stóð líka ógn af jólakettinum sem ég las um í bók og skoðaði myndir af. Mér fannst Grýla ljót en ég var hræddari við jólaköttinn. Það var þó alveg passað upp á að ég fengi ný föt svo ég hafði ekkert að óttast."

Þegar Sigríður er á leið í myndatöku fyrir utan Laugarnesskólann bendir hún á fallegt furutré í matsal skólans og rekur uppruna þess. „Kennarafélag skólans á land uppi í Mosfellsdal sem heitir Katlagil. Þangað fara nemendur í vinnu vor og haust, gróðursetja, grisja, byggja brýr og búa til stíga. Nú erum við með tvö jólatré úr Katlagili og þetta er annað þeirra. Ég fór á laugardaginn með fjölskyldunni og valdi það sjálf. Það er dálítið sérstakt að vera þátttakandi í öllu þessu ferli."

gun@frettabladid.is

Epli eru afskaplega jólaleg, Ilmurinn og bragðið minna á hátíðina góðu og auk þess eru fagurrauð epli hin fínasta jólaskreyting. Það má til dæmis skera í þau og setja sprittkerti í miðjuna.

Helgi Pétursson segir kerfið vel anna aukinni notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Orkunotkun aldrei meiri

Orkunotkun á höfuðborgarsvæðinu fór í fyrsta skipti yfir 200 megavött nú í desember. Helgi Pétursson hjá OR segir umfangsmikla jólalýsingu ásamt hefðbundinni notkun í atvinnulífinu vera ástæður þessarar miklu notkunar.

„Öfugt við það sem fólk kannski heldur, þá er ekki mest raforkunotkun á aðfangadag eins og oft var fyrr á árum. Orkunotkunin nær hámarki snemma í desember þegar allar skreytingar eru komnar upp en skólar, stofnanir og fyrirtæki eru enn í gangi," segir Helgi Pétursson hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Raforkunotkun náði nýju meti 10. desember þegar hún fór í fyrsta skipti yfir 200 megavött.

Helgi segir Orkuveituna vel í stakk búna til að anna þessu álagi. Fyrir nokkrum vikum hóf fyrirtækið rafmagnsframleiðslu í nýrri vél í Hellisheiðarvirkjun og fer orkan frá henni alfarið á almennan markað.

„Kerfið er hannað til að bera mikið álag og því verða engin vandræði af þessu. Við verðum með vakt yfir hátíðirnar ef eitthvað bilar en kerfið er mjög öflugt og við fljót að bregðast við ef eitthvað kemur upp á."

Þeir sem hafa áhuga á að spara orku geta nýtt sér vefsíðu Orkuveitunnar, www.or.is, en þar er að finna orkureiknivél sem kemur að góðum notum við að skipuleggja orkunotkun heimilisins.

hnefill@frettabladid.is

Verð kr. 3.490,- m/vsk

Jólabók golfarans!

eftir Arnar Má Ólafsson og Úlfar Jónsson

Fæst í helstu bókabúðum og víðar!

heimur Borgartúni 23 · 105 Reykjavík · Sími: 512 7575 · www.heimur.is

NÝJAR VÖRUR

Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur

Kopp HÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta

GRÆNN MARKAÐUR

ALLT TIL INNPÖKKUNAR!
KÖRFUR, SATÍNBORÐAR, KRULLUBÖND, GJAFAÖSKJUR, POKAR,
GJAFAPAPPÍR Á RÚLLUM, SILKIPAPPÍR, SELLÓFAN OG FLEIRA

GRÆNN MARKAÐUR

EINGÖNGU SALA TIL FYRIRTÆKJA
www.flora.is - info@flora.is - Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - S: 535-8500


Jólin eru alls staðar haldin til þess að minnast fæðingar Jesú þó að þau séu ekki alls staðar haldin á sama tíma.

Mismunandi siðir

Jólin eru í þann mund að ganga í garð en nokkuð misjafnt er hvenær þau eru haldin.

Jólin eru ein stærsta hátíð kristinna manna og eru eins og alkunna er haldin hátíðleg til að minnast fæðingar Jesú. Haldið er upp á jól um hinn gjörvalla kristna heim og eins víða annars staðar þar sem kristni er jafnvel í miklum minnihluta. Ekki er þó alls staðar haldið upp á þau á sama tíma.

Hjá mótmælendum og rómversk-kaþólskum er haldið upp á jól hinn 25. desember, eða á jóladag, þó sumir hafi heilagt frá klukkan 18 á aðfangadag jóla. Í austurkirkjunni (grísk-kaþólsku og orþódox) eru jólin haldin hátíðleg um það bil hálfum mánuði síðar.

- ve

Jólakertin

Tæp vika er til jóla og á sunnudaginn næsta verður kveikt á fjórða og síðasta kertinu á aðventukransinum en það kallast englakertið.

Síðustu fjórar vikurnar fyrir jól eru kallaðar aðventa eða jólafasta. Á hverjum sunnudegi í aðventu er kveikt á einu kerti á aðventukransinum en þau eru fjögur. Hvert kerti hefur þema sem hjálpar til við að íhuga boðskap jólanna. Fyrsta kertið er Spádómskertið en það minnir á spádóma Gamla testamentsins sem sögðu fyrir um komu frelsarans. Annað kertið kallast Betlehemskertið en það leiðir hugann að bænum þar sem Jesús fæddist í fjárhúsi. Þriðja kertið er Hirðakertið sem nefnt er eftir hirðunum sem fengu fyrstir fregnir af fæðingu frelsarans. Fjórða kertið er svo Englakertið sem minnir á englana sem birtust á jólanótt og sögðu frá því að Jesús væri fæddur.

- hs

Hvert kerti á aðventukransinum stendur fyrir ákveðinn boðskap.

Bílaþjónusta Magga

Viðgerðaþjónusta - Smurþjónusta - Púströrþjónusta - Hjólbarðaþjónusta - Bón og þvottur

***TILBOÐ**

á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr

*tilboðið gildir út 2007

Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opið. 9-18 og 9-16 á laugardögum

Sérverslun með kvensilfur

Margar gerðir af búningasilfri.

Samgönguráðuneytið hefur samið við Vodafone vegna síðari áfanga á uppbyggingu GSM-þjónustu á Íslandi. Snýst það um uppbyggingu á þjónustu á völdum svæðum þar sem markaðslegar forsendur standa ekki undir rekstri slíks kerfis.

Stefnt er að því að ljúka verkinu á tólf mánuðum að því er fram kemur í tilkynningu. Samningsupphæðin er fjögur hundruð milljónir króna. Þrjú tilboð bárust, frá Símanum, Vodafone og svissneska fjarskiptafyrirtækinu Amitelo. Öll voru tilboðin undir kostnaðaráætlun en Amitelo bauð lægst. Fyrirtækið mun hins vegar ekki hafa fullnægt kröfum sem gerðar voru vegna verkefnisins eftir því sem fram kemur í tilkynningunni. Því var gengið til samninga við Vodafone sem átti næstlægsta tilboðið.

Síðari áfangi farsímaverkefnisins varðar styrkingu GSM-farsímaþjónustu á stofnvegum og ferðamannasvæðum þar sem GSM-þjónusta er takmörkuð í dag. Alls eru þjónustusvæðin í þessum áfanga 32. GSM-þjónustan verður bætt á vegum á Vestfjörðum, Norðausturlandi, í Fljótum, víða á Snæfellsnesi, á Bröttubrekku, Dölunum og Suðurstrandarvegi svo dæmi séu tekin. Ferðamannasvæðin eru til dæmis þjóðgarðarnir við Snæfellsjökul og í Jökulsárgljúfrum.

Síminn átti lægsta tilboð í fyrri áfanga GSM verkefnisins og er það nú langt komið. Í þeim áfanga var komið á GSM-þjónustu á öllum hringveginum, fimm fjallvegum og nokkrum ferðamannasvæðum.

- hhs

ÍSLAND VEL TENGT Samgönguráðuneytið hefur samið við Vodafone um síðari áfanga á uppbyggingu GSM-þjónustu á Íslandi.

FARSÆLL FORSTJÓRI Lloyd Blankfein, forstjóri Goldman Sachs, þykir hafa stýrt skútu sinni afar vel í gegnum ólgusjó lausafjárkrísunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Goldman Sachs yfir væntingum

Bandaríski bankinn Goldman Sachs hagnaðist um 10,74 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 677 milljarða íslenskra króna, á fjórða ársfjórðungi sem lauk í enda nóvember. Til samanburðar nam hagnaðurinn á sama tíma í fyrra 9,41 milljarði dala.

Þetta var metár í sögu bankans og talsvert yfir væntingum markaðsaðila. Þetta er sömuleiðis þvert á þróunina hjá öðrum risabönkum í Vesturheimi sem hafa komið illa út úr lausafjárþurrðinni. David Viniar, fjármálastjóri bankans, segir í samtali við fréttastofu Associated Press að horfurnar séu ekki jafn hagstæðar á næsta ári og á síðasta ársfjórðungi. **- jab**

SEÐLABANKASTJÓRI EVRÓPUBANKANS Seðlabankar í Evrópu og Bandaríkjunum ætla að bæta úr lausafjárþurrð banka með innspýtingu fjármagns. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Evrópubankinn opnar punginn

Evrópski seðlabankinn hefur ákveðið að úthluta bönkum og fjármálafyrirtækjum á evrusvæðinu 348,7 milljörðum evra, jafnvirði rúmra 31.700 milljarða íslenskra króna, á afar lágum vöxtum í því skyni að mýkja áhrif lausafjárkrísunnar yfir jólin. Þá er horft til þess að lánveitingarnar skili sér í lægri vöxtum til viðskiptavina yfir hátíðarnar.

Þetta er í samræmi við samstillt átak fimm seðlabanka í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi, Sviss og Kanada gegn lausafjárþurrðinni, sem kynnt var í síðustu viku. Seðlabanki Bandaríkjanna greip til sömu ráða í vikubyrjun en þá stóð bönkum til boða að fá jafnvirði 1.261 milljarða íslenskra króna lán að undangengnu sérstöku uppboði. **- jab**

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hilmar Garðars

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 5. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í dag, miðvikudaginn 19. desember, kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Hilmars er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

Þorgerður Jörundsdóttir
Anna María Hilmarsdóttir
Þorsteinn Hilmarsson — **Guðrún Sóley Guðjónsdóttir**
Þorgerður Jörundsdóttir — **Þorsteinn Jörundsson**
Þuríður Elfa Jónsdóttir — **Jörundur Jörundsson**
Jóhanna Símonardóttir — **Steinunn Guðmundsdóttir**
Hilmar Þorsteinsson — **Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir**
og barnabarnabörn.

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jóhann Ragnarsson
læknir,

lést á heimili sínu, Laufásvegi 62, mánudaginn 17. desember. Útförin fer fram í Dómkirkjunni fimmtudaginn 27. desember kl. 13.

Hanna Gunnarsdóttir
Anna Jóhannsdóttir — **Ástráður Eysteinsson**
Heiða Jóhannsdóttir — **Björn Þór Vilhjálmsson**
Magnús Jóhannsson — **María Björg Sigurðardóttir**
Stefán Þorri Magnússon
Jóhann Ástráðsson
Anna María Magnúsdóttir
Eyja Ástráðsdóttir.

†

Elskulegur sonur okkar, fóstursonur og bróðir,

Högni Kristinsson,
Jörundarholti 33, Akranesi,

sem lést á krabbameinsdeild LSH fimmtudaginn 13. desember, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju föstudaginn 21. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Eva Björk Karlsdóttir — **Alfreð Örn Lilliendahl**
Sindri Snær Alfreðsson
Aron Máni Alfreðsson

Kristinn Richter — **Sigríður María Gísladóttir**
Tinna Richter
Ari Richter.

†

Innilegar þakkir til allra er sýndu samhug og hlýju vegna veikinda og andláts ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, sonar, tengdasonar og bróður,

Níelsar Rafns Níelssonar
bifvélavirkjameistara, Funalind 15.

Sérstakar þakkir færum við heimahjúkrun Karítas, læknum og hjúkrunarfólki á krabbameinsdeild og líknardeild Landspítalans.

Guðbjörg Elsa Sigurjónsdóttir
Ómar Níelsson
Anna Björg Níelsdóttir — **Sigurður Sigurðsson**
Níels Birgir Níelsson — **Svanborg Gísladóttir**
Arnar Bjarki, Glódís Rún og Védís Huld.
Hrefna Skagfjörð — **Hulda Sigurbjörnsdóttir**
Hermann Níelsson
Björn Níelsson
Hanna Níelsdóttir
Halldóra Þórðardóttir
Pálmi Þórðarson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

tímamót

timamot@frettabladid.is

MARIANNE FAITHFULL TÓNLISTARKONA ER 58 ÁRA

„Uppreisn er það eina sem heldur í manni lífinu.“

Marianne var þekktust fyrir að vera kærasta Mick Jagger á hátindi frægðar The Rolling Stone á sjöunda áratugnum.

ÞETTA GERÐIST: 19. DESEMBER 1996

Mastroianni lést

Ítalski stórleikarinn Marcello Mastroianni lést þennan dag. Hann er talinn vera einn besti leikari Ítala fyrr og síðar og er eini leikarinn, ásamt Jack Lemmon, sem hefur tvívegis fengið verðlaun, á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Hann var einnig tilnefndur til Óskarsverðlauna þrisvar sinnum. Mastroianni fæddist hinn 26. september 1924 í Fontana Liri og ólst upp bæði í Tórínó og Róm. Hann var tekinn til fanga af nasistum í seinni heimsstyrjöldinni, en náði að flýja og fór í felur í Feneyjum. Í kjölfarið byrjaði hann í leiklist. Stjarna hans reis mjög hratt og hans frægasta mynd er sennilega La dolce vita eftir Federico Fellini árið 1960. Mastroianni giftist leikkonunni Floru Carabella og áttu þau eina dóttur saman. Þrátt fyrir að hann hafi verið giftur Floru til dauðadags, átti hann aðrar kærustur og er þar frægust Catherine Deneuve sem hann var með stóran hluta sjöunda áratugarins. Þau eiga saman dóttur, Chiara. Mastroianni lést sjötíu og tveggja ára gamall. Við dánarbeð hans voru samankomnar Flora, Deneuve og þáverandi kærasta hans Anna.

VATNAMÆLINGAR ORKUSTOFNUNAR: DAGSKRÁ Í TILEFNI AF 60 ÁRA AFMÆLI

Breytileiki í veðri og vatnafari

Starfsemi Vatnamælinga hófst árið 1947 með rennslismælingum á vegum raforkumálastjóra.

Af því tilefni er efnt til tvískiptrar afmælisdagskrár í dag. Að dagskránni koma allmargir íslenskir og erlendir sérfræðingar á sviði loftslags-, orku- og þróunarmála og vatnafræði. Síðastliðin tuttugu ár hafa Vatnamælingar heyrt undir Orkustofnun og miðað að kerfisbundinni söfnun upplýsinga um vatnafar landsins og umhverfiseiginleika. Árni Snorrason, forstöðumaður Vatnamælinga Orkustofnunar, segir þetta þó ekki eina hlutverkið.

„Við stundum líka jöklamælingar og ýmsar rannsóknir. Gerum til að mynda vatnafræðileg líkön og afrennsliskort og stundum jöklarannsóknir og fleira í þeim dúr,“ segir Árni og bætir við: „Svo skoðum við reglulega áhrif loftslagsbreytinga á endurnýjanlega orkugjafa, sérstaklega vatn.“

Árni segir mikilvægi vatnamælinga mikið. „Í grunninn er mikill breytileiki í bæði veðri og vatnafari og þegar á að nýta auðlindir á borð við vatn skiptir miklu að þekkja þennan breytileika,“ segir Árni og bendir á að öll hönnun og áætlanagerð við virkjanir byggi á að þekkja sem best þennan breytileika. Þá þurfi að huga snemma að mælingum enda tíminn afstæður þegar kemur að vatnamælingum því breytingar geta orðið með margra mánaða, ára eða jafnvel áratuga millibili.

Vatnamælingar hafa að sögn Árna breyst nokkuð á síðastliðnum sextíu árum sem þær hafa verið stundaðar. „Í upphafi var verið að skoða miklu smærri skala í nýtingu á vatni,“ segir Árni, en mikil breyting hafi orðið þar á með tilkomu Búrfellsvirkjunar. „Mesta breytingin síðari ár er aukinn áhugi á loftslagsbreytingum, tækniþróun og meiri menntun á þessu sviði,“ segir Árni, en starfsmenn Vatnamælinga hafa menntun úr ýmsum áttum og má þar nefna vatnafræðinga, jöklafræðinga, landfræðinga og sérfræðinga í upplýsingatækni. Flóðamál hafa einnig verið mönnum hugleikin frá flóðinu mikla úr Vatnajökli árið 1996. „Þetta var viðvörun um að hér gætu átt sér stað atburðir, stærri en áður höfðu sést í okkar mælingum. Mönnum varð ljóst að þetta væri eitthvað sem þyrfti að athuga mikið betur og síðan hefur verið tekið stórt skref í þeim málum,“ útskýrir Árni.

Afmælisdagskrá Vatnamælinga fer fram á tveimur stöðum. Fyrir hádegi er málstofa í Orkugarði, Grensásvegi 9, um loftslags- og jöklabreytingar á 21. öld og áhrif þeirra á nýtingu vatnsorku. Eftir hádegi verður afmælisdagskrá á Hótel Loftleiðum, þar sem fjallað verður í víðu samhengi um málefni tengd vatni. Nánari upplýsingar: www.os.is

solveig@frettabladid.is

VATNAMÆLINGAR 60 ÁRA Árni Snorrason, forstöðumaður Vatnamælinga. 60 ár eru liðin frá stofnun Vatnamælinga og af því tilefni verður haldin vegleg afmælisdagskrá í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AFMÆLI

JAKE GYLLENHAAL kvikmyndaleikari er 27 ára.

ALYSSA MILANO leikkona er 35 ára.

JENNIFER BEALS leikkona er 44 ára.

LIMAHL poppstjarna er 49 ára.

†

Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Valdemars Sveinssonar
Ólafsgeisla 111, Reykjavík.

Ingunn Stella Björnsdóttir
Elísabet Heiða Valdemarsdóttir
Sveinn Hólm Valdemarsson
Íris Björk Ingadóttir — **Ingvar Hafbergsson**
Jóhanna E. Ingadótttir — **Þórður Þrastarson**
Lilja Karen, Aldís Dröfn og Darri Freyr
Karen Rós Valdemarsdóttir.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Svana Ragnarsdóttir
Suðurbraut 20, Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans fimmtudaginn 13. desember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í dag, miðvikudaginn 19. desember, kl. 15.00.

Jón Skúli Þórisson
Ragnar Gunnar Þórhallsson — **Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir**
Jóhanna Þórey Jónsdóttir
Ragnheiður Helga Jónsdóttir
Berglind Jónsdóttir — **Ríkharður Sigurðsson**
barnabörn og langömmubarn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjalti Ragnarsson,
vélfræðingur, Ársölum 1, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi.

Sigríður E. Konráðsdóttir
Konný R. Hjaltadóttir — **Óskar Guðjónsson**
Hjalti Heiðar Hjaltason — **Margrét Jónsdóttir**
Sigurður Ingvar Hjaltason — **Magnea Helga Magnúsdóttir**
Aðalheiður Íris Hjaltadóttir — **Árni Árnason**
barnabörn og barnabarnabörn.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus gjafakortin

Rafræna Bónus gjafakortið er góð jólagjöf. Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13 s.588 8699 gjafakort@bonus.is

Skatan er komin í Bónus
Þrjú tonn í boði !

Saltfiskbitar útvatnaðir **725 kr/kg.**
Sjófryst ýsuflök roðlaus **808 kr/kg.**

Skata kæst og söltuð **899 kr/kg.**
Tindaskata kæst og söltuð **499 kr/kg.**

Matgæðingar DV segja:
Ali Hamborgarhryggurinn bestur!



Ali hamborgarhryggurinn sem valinn var besti hryggurinn af matgæðingum DV fæst í Bónus

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI Í DESEMBER: www.bonus.is

Skemmtilegar

2.499kr

Vilhjálmur
- Myndin af þér

1.999kr

Guðrún og Friðrik
- Ég skemmti mér um jólin

2.499kr

Pottþétt 45

1.999kr

100 Íslensk jólalög

Raggi Bjarna
- Gleðileg jól

1.999kr

Laddi
- Jóla hvað

1.999kr

100 Íslensk Barnalög

1.999kr

Sigga Beinteins
-Til eru fræ

2.499kr

Nýdönsk
1987-2007

Vinsælir tölvuleikir!

5.499kr

The Simpsons game

5.999kr

Fífa 08 PS2

6.299kr

Need for speed ProStreet

2.899kr

Sims 2 Bon Voyage

4.999kr

PES 2008

4.490kr

Tumi og táknin

3.999kr

Buzz! The Hollywood Quiz

2.899kr

SingStar R&B

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.
Styttri opnunartími í Borgarnesi og Njarðvík.

jólagjafir

OPIÐ TIL 22:00
alla daga til jóla

1.999kr

Björgvin Halldórsson
- Jólagestir 4

1.999kr

Dísella
- Solo Noi

Páll Óskar
- Allt fyrir ástina

1.999kr

LUXOR

1.999kr

Hjálmar
- Ferðasót

1.999kr

Magni

1.999kr

Sprengihöllin
- Tímarnir okkar

1.999kr

Birgitta
- Ein

1.999kr

Cortes

Vinsælar DVD myndir!

2.199kr

Simpsons
The Movie

1.999kr

Shrek
The Third

3.699kr

Næturvaktin
Allir þættirnir

2.199kr

Hairspray

1.999kr

Pirates of The Caribbean
At Worlds End

2.199kr

Mýrin



1.999kr

Harry Potter
And The Order of The Phoenix

2.199kr

Skoppa og Skrítla
Litla stundin

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Viltu gleðja krakkana?
Klæddu þig þá í jólasveinagalla. Hringdu bara dyrabjöllunni en láttu strompinn eiga sig – óþarfi að taka áhættu, þú manst hvernig fór fyrir jólasveininum í laginu ... Þú færð allt sem til þarf í Tiger fyrir 800 krónur.

Hestur með innbyggðu frýsi!
Þeystu af stað á nýja hestinum þínum. Ef þú kippir í eyrað á honum heyrðirðu hófadyn og síðan frýsar hann hressilega. Hott, hott! 800 krónur.

TIGER

Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Miðbæjarblús í desember

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR HYGGST FLYTJAST TIL SVALBARÐA

Þið hélduð þó ekki að ég myndi skrifa um eitthvað annað en jól? O, nei. Engin ástæða til þess, enda er ég jólabarn af bestu gerð. Það tilkynnist hér með að með einni örlítilli undantekningu er ég búin að kaupa allar jólagjafir ársins. Þeir verslunarleiðangrar þykja mér þeir allra, allra skemmtilegustu. Ekki í ár.

Ef ekki hefði verið fyrir skrepp yfir hafið, þar sem ég komst í færi við þurrar gangstéttar í fyrsta skiptið í margar vikur, hefðu jólaleiðangrar mínir í ár verið frekar ömurlegir. Ég tilheyri nefnilega þeim hópi fólks sem finnst lítil stemning fólgin í því að skjótast á milli búða í upplýstum verslunarmiðstöðvum þar sem jafn vel fer um mann og fíl í flugvél. Eða bara manneskju yfir 40 kílóum í flugvél, en það er önnur saga. Í desember er mér nefnilega bara vel við myrkrið, og vil komast út í það á milli þess sem ég sting nefinu inn í búðir. Svo á myrkrið náttúrulega að bíta vel í kinnar og fingur, svo maður komi hálfloppinn inn í hlýjuna og hafi afsökun fyrir því að setjast niður yfir kaffi- eða kakóbolla, eftir því hversu miklu nostalgíuflippi maður er á.

En, nei. Ég gerði hetjulega tilraun til að útrétta á Laugaveginum um síðustu helgi. Þeir sem ekki voru í yfirliði af skammdegisþunglyndi muna kannski að vatnsmagnið sem þá helltist af himnum ofan jaðraði við nýtt syndaflóð. Sem var mikil synd. Ég króknaði hvorki á kinnum né fingrum, og hafði mun meiri áhuga á að komast í tæri við ofn og þurra sokka en kakóbolla.

Ég kann hreinlega ekki við þetta. Ég hef hingað til kyngt því að ekki sé hægt að panta hvít jól á hverju ári, en þetta er náttúrulega bara einhver vitleysa. Ég hef alltaf sagt að ég vilji hvergi annars staðar en á Íslandi vera á jólunum og fussað yfir þeim sem fljúga til Kanarí á Þorláksmessu. Það fer að breytast. Nema að ég tek flugið í hina áttina. Ætli þeir séu með góðan miðbæ á Svalbarða?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BUBBI

OG STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Í LAUGARDALSHÖLL

NÝÁRSTÓNLEIKAR

4. OG 5. JANÚAR 2008

AUKATÓNLEIKAR
4. JANÚAR KL. 20

TILVALIN JÓLAGJÖF

Bubbi Morthens og öll bestu lögin hans í nýjum „Big Band“ búningi í útsetningu Þóris Baldurssonar.

SÉRSTAKIR GESTIR

Garðar Thór Cortes og Raggi Bjarna.

TILVALIN JÓLAGJÖF Í VEGLEGUM GJAFAUMBÚÐUM

- Fimmtugasti hver sem kaupir miða á midi.is fær geisladisk með Bubba að eigin vali.
- Allir geisladiskar Bubba á tónleikatilboði í verslunum Skífunnar.
- Veglegar gjafaumbúðir fáanlegar í verslunum Skífunnar

TUBORG LÉTTÖL

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni

CONCERT
WWW.CONCERT.IS

Jólin með J.S. Bach

Jólatónleikar Kammerkórs Seljakirkju fara fram í kvöld í Kristskirkju í Landakoti kl. 20 og í Seljakirkju annað kvöld kl. 20. Á efnisskránni er eingöngu tónlist eftir tónskáldið mikla Johann Sebastian Bach og verður blandað saman kórtónlist og tónlist fyrir orgel og selló.

Með kórnum koma fram sópransöngkonan Hallveig Rúnarsdóttir, trompetleikarinn Einar St. Jónsson og sellóleikarinn Örnólfur Kristjánsson. Stjórnandi kórsins er Jón Bjarnason, en hann sér jafnframt um orgelleik.

- vþ

VIÐ ÆFINGAR Kammerkór Seljakirkju æfir fyrir jólatónleika sína.

Mozart við kertaljós

Kammersveitin Cammerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika nú rétt fyrir jólin. Tónleikarnir fara fram í kvöld í Hásölum í Hafnarfjarðarkirkju kl. 21, í Kópavogskirkju á fimmtudaginn kl. 21 og í Dómkirkjunni í Reykjavík á föstudaginn kl. 21.

KAMMERSVEITIN CAMMERARCTICA Heldur kertaljósatónleika fimmtánda árið í röð.

Sveitin er skipuð þeim Ármanni Helgasyni klarinettuleikara, Hallfríði Ólafsdóttur flautuleikara, Hildigunni Halldórsdóttur fiðluleikara, Guðrúnu Þórarinsdóttur víóluleikara og Sigurgeiri Agnarssyni sellóleikara. Ármann segir tónleikana vera orðna ómissandi hluta af jólaundirbúningnum hjá fjöldamörgum, ekki síst sjálfum meðlimum hópsins.

„Þetta er fimmtánda árið í röð sem við höldum þessa tónleika. Þeir hafa verið nokkurn veginn í föstum skorðum alveg frá upphafi; við höfum alltaf haldið þrenna tónleika í þessum þremur kirkjum og leikið tónlist eftir Mozart og samtímamenn hans. Þessir tónleikar eru því orðnir órjúfanlegur hluti jólanna í okkar huga.“ Sveitin er ekki ein um þessa skoðun þar sem margir gestanna hafa vanið komur sínar á tónleikana frá upphafi, enda er gott að koma úr æstri jólaösinni inn í kyrrðina og kertaljósin í rökkrinu.

Á efnisskrá tónleikanna eru tveir kvartettar eftir W.A. Mozart ásamt kvartett eftir Carl Stamitz sem var samtímamaður Mozarts. „Annar kvartettinn eftir Mozart er klarinettukvartett sem er umritun á sónötu sem hann samdi fyrir fiðlu og píanó. Svo leikum við kvartett fyrir flautu og strengi sem hollenski læknirinn og áhugaflautuleikarinn DeJean pantaði af Mozart á sínum tíma, en kvartettinn hefur notið mikilla vinsælda æ síðan. Stamnitz og aðrir samtímamenn Mozarts eiga það til að falla dálítið í skuggann af ótrúlegri snilli hans. Það var engu að síður mikið samið af fallegri tónlist á þessum tíma og því um að gera að leika stundum verk eftir aðra en Mozart. Kvartettinn sem við leikum eftir Stamnitz er til að mynda ákaflega léttur og fallegur,“ segir Ármann.

Að venju verða tónleikarnir eingöngu upplýstir með kertaljósum. „Lýsingin skapar afskaplega hátíðlega stemningu á tónleikunum og undirstrikar þessa fallegu tónlist sem við flytjum. Það er þó ekki hlaupið að því að lýsa upp heila kirkju með kertum. Við notumst til að mynda við sérsmíðaða kertastjaka og erum með mann í að stilla kertunum upp fyrir okkur. Fyrsta árið sáum við sjálf um lýsinguna og það var aðeins meiri vinna en við höfðum gert ráð fyrir,“ segir Ármann og hlær.

Hefð hefur skapast fyrir því að tónleikunum ljúki með því að Cammerarctica leiki jólasálminn góða Í dag er glatt í döprum hjörtum og verður þar engin breyting á í ár. Með sálminum mætti segja að Cammerarctica leiki jólin inn. Tónleikarnir eru klukkustundar langir og hefjast klukkan 21. Miðasala fer fram við innganginn og er miðaverð 2.000 kr.

Nemar og eldri borgarar fá miðann á 1.000 kr. og börn fá frítt inn.

vigdis@frettabladid.is

Höfundar, kaffihús og bóksala

Upplestrardagskrá verður haldin í dag og á morgun á hinu nýopnaða Háskólatorgi. Höfundar lesa úr nýútkomnum bókum og er aðgangur opinn öllum.

Háskólatorgið er staðsett á milli Aðalbyggingar Háskóla Íslands og Íþróttahússins við Sæmundargötu.

Byggingin er hin glæsilegasta og er opin hverjum þeim sem hefur hug á að sækja hana heim. Þar má enda finna ýmislegt sem vekur áhuga annarra en bara háskólanema, til að mynda kaffihúsið og veitingastaðinn Hámu og Bóksölu stúdenta. Byggingin hýsir að auki helstu þjónustueiningar háskólasamfélagsins.

Á upplestrardagskránni í dag koma fram þau Ingólfur Gíslason, Sigurbjörg Þrastardóttir, Bragi Ólafsson og Óskar Árni Óskarsson. Ekki er upplestrardagskrá morgundagsins lakari, en þá koma fram þeir Gísli Hvanndal, Aron Pálmi, Sigurður Pálsson og Arnar Eggert Thoroddsen. Báða dagana hefst upplesturinn kl. 16.

Upplestrarnir eru því tilvalið tækifæri fyrir þá sem enn eiga í vandræðum með jólagjafakaupin að kynna sér nokkrar áhugaverðar íslenskar bækur og berja í leiðinni hið splunkunýja og áhugaverða Háskólatorg augum.

- vþ

SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR RITHÖFUNDUR Hún les upp á Háskólatorgi í dag kl. 16.

FLOKKUR
ÆVISÖGUR

„Ég spændi hana í mig
... sagan er gríðarlega áhugaverð
... hittir mann beint í hjartastað."

Sigrún Birna Björnsdóttir / Helgarútgáfan, RÚV

FLOKKUR
ÞÝDDAR SKÁLDSÖGUR

„Rosalega vel skrifuð og sagan hrífur mann
með sér í gegnum allan tilfinningaskalann
... stóðst allar mínar væntingar."

Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson

KASTLJÓSIÐ
Bókmenntaverðlaun
2007
Starfsfólk bókaverslana

FORLAGIÐ
www.forlagid.is



FLOKKUR
ÍSLENSKAR BARNABÆKUR

„Þórarinn hefur auðugt ímyndunarafl sem nýtur sín
til fulls í þessari geislandi fjörugu bók. Myndir Sigrúnar
setja síðan sinn skemmtilega blæ á bókina."

Kolbrún Bergþórsdóttir / Mannlíf

FLOKKUR
FRÆÐI- OG HANDBÆKUR

Einstakt verk í máli og myndum, fullt af fróðleik,
snertir á öllu sem viðkemur manninum
og eykur skilning okkar á því hver við erum.

Salurinn
LAUGARDAG 12. JANÚAR 2008 KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR.
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Miðaverð 2000/1600 kr.
MIÐASALAN ER OPIN VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 – 16 FRAM AÐ JÓLUM
SMELLTU Á NÝJU HEIMASÍÐUNA WWW.SALURINN.IS OG SKOÐAÐU FALLEGU GJAFAKORTIN
FRÁBÆR JÓLAGJÖF!
GLEÐILEG JÓL
ÞÖKKUM ÁNÆGJULEGAR SAMVERUSTUNDIR Á ÁRINU
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Rétt dagsetning Dómkórsins

Þau leiðinlegu mistök urðu í Fréttablaðinu í gær að gefin var upp röng dagsetning á tónleikum Dómkórsins. Það er nefnilega eftir lokun verslana í kvöld, en ekki annað kvöld, sem fólki býðst tækifæri til að koma í Dómkirkjuna og hlýða á kyrrláta og ljúfa jólatónlist við kertaljós. Hlutaðeigandi aðilar eru beðnir velvirðingar á mistökunum.

Á efnisskrá Dómkórsins í kvöld eru mótettur eftir Praetorius, Eccard og Brahms og jólasálmar í fallegum útsetningum. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er aðgangur ókeypis. Stjórnandi Dómkórsins er Marteinn H. Friðriksson.

- vþ

Hrafnssaga

Í flóðinu hefur ekki farið mikið fyrir bók Hrafns Jökulssonar, Þar sem vegurinn endar, utan hrósyrða í auglýsingum þar sem texta hans er líkt við blávatn, hann sé svo tær.

Bókin sjálf er ekki mikil að vöxtum, snoturlega brotin á 144 síðum í litlu broti, gott rúm gefið í lok kafla og upphaf. Hún fellur undir það sem kalla má æviminningar, þótt minningabrotin séu í raun afar fá, en samt um margt býsna athyglisverð. Þess á milli reikar höfundurinn um bókasafnið og umskrifar texta sem varða ramma verksins, upphafsár hans í sveit á Ströndum þar sem hann er niðurkominn við bókarlok: líkingin um sveitina þar sem vegurinn endar og þar sem vegurinn hefst er falleg og það má Hrafn eiga að bókina alla einkennir fallegur tónn þótt efnið sé ekki alltaf þess eðlis að fegurðin komi fyrst í hugann. Þetta er sérkennileg blanda af játningum um örfáa staði í lífshlaupi söguhetjunnar: afvötnun í Winnipeg, tuttugasti og eitthvað dagur á túr, Bosnía, dánartilkynning á Drafnarstíg, voðaverk í Þórskaffi, falleg minning um bernskuvinkonu og sorgleg endalok hennar. Þar sem Hrafn gengur næst sjálfum sér og stöðu sinni í tilvist þessa heims tekst honum best upp og þó hugsar lesandinn: því var ekki meira af slíku, samfelldari og fleiri myndum úr lífi hans?

Víst er greinargerð hans um sumardvöl á Ströndum um margt skemmtileg, sposk í aðdáun hans og fjarlægð á bernsku í sveit við ysta haf, en dugar samt ekki sem lím í söguna þótt vel sé hún víða stíluð og henni niðurskipað af smekkvísi manns sem kann vel að stýra frásögn.

Hinn partinn af lýsingu sinni á lífi til forna á Ströndum sækir hann í forn rit, Finnbogasögu ramma, þá skemmtilegu drengjabók, Sturlungu og yngri annála. Allt er það prýðilega umskrifað, en breytir ekki því að allt ritið, fortíð forn og ný, tíminn sem okkur er næstur, gerir fátt annað en vekja hjá lesanda löngun eftir meiru. Bókin er sundurlaus, en skemmtileg, reykur af rétti sem Hrafni Jökulssyni öðlast vonandi einhvern tíma að koma á hlóðir þegar hann gerir upp sitt registur í okkar táradal.

Páll Baldvin Baldvinsson.

BÓKMENNTIR

Þar sem vegurinn endar

Hrafn Jökulsson

★★★

Snotur en brotakennd sjálfsmynd

Síðasti upplestur á Boston

Í kvöld fer fram þriðji og síðasti upplesturinn á Boston við Laugaveg 28b. Þar koma fram rithöfundar og listamenn og kynna áhugaverðar bækur sem koma út nú fyrir jólin.

Halldóra Thoroddsen kynnir bók sína sem kallast Aukaverkanir. Í henni kemur fram og segir sögur gamaldags og tilgerðarlegur skrásetjari sem segir sögur sínar knúinn áfram af sannleiksþrá í anda upplýsingarinnar.

Kynnt verður bókin Óraplágan eftir slóvenska heimspekinginn Slavoj Žižek. Hann er í hópi þekktustu samfélagsrýna samtímans og vakti eðlilega óskipta athygli flestra þegar hann sótti Ísland heim í mars síðastliðnum. Óraplágunni mætti lýsa sem vitsmunalegri rússíbanareið þar sem vísunum í alþekktar kvikmyndir og hversdagsleg menningarfyrirbæri er blandað saman við kenningar merkustu heimspekinga.

Lesið verður úr bókinni Söngvar steinasafnarans eftir Sjón. Sjón þarf vart að kynna þar sem hann er einn af okkar framsæknustu rithöfundum og hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir skrif sín. Gaman er að geta þess að Söngvar steinasafnarans eru einmitt tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í ár.

Síðast en ekki síst kynna þeir Bragi Ólafsson og Einar Örn Benediktsson bókina Mátunarklefinn og aðrar myndir. Bókin sú er langt frá því að vera fyrsta samstarfsverkefni þeirra félaga, þar sem þeir hafa unnið saman að listsköpun og skólaverkefnum frá árinu 1981. Í kvöld heldur samstarf þeirra áfram þar sem Einar Örn mun fremja teiknigjörning undir lestri félaga síns Braga.

Upplesturinn hefst stundvíslega kl. 20. Boðið verður upp á jólaglögg og piparkökur.

- vþ

BRAGI ÓLAFSSON
Les upp á Boston við Laugaveg í kvöld.

ÁST
Í samstarfi við Vesturport
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
7. og 8. des uppselt
30. des
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

HANDVERKSHÚSIÐ
(áður Hjá Gylfa, Hafnarfirði)
GLÆSILEG NÝ VERSLUN BOLHOLTI 4
Jólatilboð á handverkshúsið.is
GJAFABRÉF – TILVALIN JÓLAGJÖF
Hringdu og við sendum
Námskeið - vélar - verkfæri - bækur
Silfurleirssett 4.950 kr. 20% afsl
Steinatromla 8.500 kr. 15% afsl
Útskurðarsett 11.750 kr. 15% afsl
Smáfræsari 6.950 kr. 20% afsl
MÁLMUR • SILFUR • KVEIKING • NÁMSKEI
STEINN • SÖGUN • BORUN • SLÍPUN
TRÉ • ÚTSKURÐUR • VÉLAR • RENNIBEKKIR
ÍHLUTIR • SKRÚFUR • KLUKKUR • FESTINGAR
Opið lau - sun 10 –16 • opið 17. – 23 desember 10 – 21
Handverkshúsið Bolholt 4, 105 Rvk. Sími: 555 1212 Vefverslun: handverkshusid.is

Jólatilboð
Gjafakort fyrir tvo á Skilaboðaskjóðuna og geisladiskur á kr. 5.500

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Gefum góðar stundir
Gjafakort í Þjóðleikhúsið er frábær jólagjöf fyrir alla fjölskylduna!
Sími 551 1200
www.leikhusid.is

Hvað gerist þegar forsetanum leiðist í vinnunni?
„Ógeðslega skemmtileg bók með brjáluðum myndum eftir Halldór Baldursson.“
Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is
„... allt skapar þetta sögu sem bæði börn og fullorðnir ættu að geta glatt sig linnulaust yfir.“
Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is
„Það er gott grín í þessari bók.“
Svanhildur Hólm / Ísland í dag, Stöð 2
1. prentun á þrotum
2. prentun væntanleg
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Fyrir þig og þá sem þér þykir vænst um

> VISSIR ÞÚ?

Leikkonan **America Ferrera**, sem leikur í Ljótu Betty, var talin á að taka hlutverkið í þáttunum að sér þegar hún hitti **Sölmu Hayek** við tökur á þætti **Opruh Winfrey**. Ferrera hefur látið hafa eftir sér að **Bette Midler** sé eina ástæða fyrir því að hún lagði leiklistina fyrir sig.

fólk

folk@frettabladid

Aska Yrsu kemur út í Noregi

„Aska kom út hér á landi um miðjan nóvember og hefur fengið rífandi viðtökur. Hún fer með himinskautum á metsölulistum landsins og dómar hafa verið afar jákvæðir," segir Pétur Már Ólafsson útgefandi hjá Veröld. Og kann sér ekki læti.

Ekkert lát er á fregnum af landvinningum glæpasagnadrottningarinnar Yrsu Sigurðardóttur og hér kemur enn ein í það safn. Veröld hefur sem sagt gengið frá samningum við Damm í Noregi um útgáfu á Ösku eftir Yrsu. Áður hefur verið samið um útgáfu á bókinni í Þýskalandi, Svíþjóð, Póllandi, Grikklandi og um allan hinn spænskumælandi heim. Yrsa hefur átt velgengni að fagna á Norðurlöndunum en Damm hefur áður gefið út Þriðja táknið eftir Yrsu og Sér grefur gröf er væntanleg á norsku í ágúst á næsta ári.

YRSA SIGURÐARDÓTTIR Samið hefur verið um útgáfu nýjustu bókar hennar í Noregi við Damm forlag.

„Fréttablaðið gefur Ösku fimm stjörnur af fimm mögulegum, Morgunblaðið segir að Yrsa fari á kostum í persónusköpuninni og að lesendur fyrri bóka hennar muni taka Ösku fagnandi," segir Pétur og er rétt að byrja á að þylja upp dæmi um lofsamlega dóma og góðar viðtökur sem bækur Yrsu njóta. **- jbg**

Opið til kl. 22
alla daga fram að jólum

BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net

TÍSKUGÚRÚAR Sarah Jessica Parker og stöllur hennar í Sex and the City þykja svo miklir tískugúrúar að hönnuðir slást um að fá að vera með í myndinni. Hér eru þær í heimsókn hjá Opruh Winfrey.

Barist grimmt um Beðmál í borginni

Sex and the City kvikmyndin er væntanleg í kvikmyndahúsin á næsta ári, eins og aðdáendur hafa fæstir látið fram hjá sér fara. Tískuhönnuðir slást um að föt frá sér verði notuð í myndinni.

Sjónvarpsþættirnir Beðmál í borginni, Sex and the City, nutu gríðarlegra vinsælda, og var það ekki síst vegna fatnaðarins sem aðalleikkonurnar klæddust. Stílistinn Patricia Field skaust upp á stjörnuhimininn í kjölfar þáttanna, og vinsældir skónna frá Manolo Blahnik ruku upp úr öllu valdi. Þegar Sarah Jessica Parker, sem leikur Carrie, sást í skóm frá Dior á tökustað kvikmyndarinnar seldust þeir upp á örfáum dögum.

Tískuhönnuðir vita hversu mikil lyftistöng það gæti orðið ef Carrie, Miranda, Charlotte eða Samantha klæddust fötum frá þeim í kvikmyndinni og hafa því nánast slegist um tækifæri til að vera með, að sögn breska blaðsins Daily Mail. „Trúið mér, ef Patricia Field [sér um búninga í myndinni] hringir og biður um eitthvað þá hoppar fólk af gleði, það er eins og að vinna í lottóinu," segir heimildarmaður blaðsins úr tískuiðnaðinum.

Vivienne Westwood er meðal þeirra hönnuða sem geta hrósað happi, en Carrie mun klæðast brúðarkjól frá henni. Samantha sést í Zac Posen og Charlotte og Miranda klæðast Chanel og verða í Louboutin-skóm. Samkvæmt Daily Mail varð þessi ofgnótt rándýrra hátískuklæða til þess að framleiðendur kvikmyndarinnar þurftu að ráða sérstaka verði til þess að passa upp á fötin. Þau voru þar að auki tryggð fyrir meira en 20 milljónir dollara.

Tískuhönnuðirnir eru ekki þeir einu sem vilja eiga aðild að kvikmyndinni. Carrie og vinkonur hennar þykja þvílíkar tískufyrirmyndir að allt frá náttfötunum þeirra til hársápunnar sem þær nota gæti haft áhrif á markaðinn. Það á einnig við um áfengi, en framleiðandinn Michael Patrick King segist hafa verið mjög nærri því að gera samning við framleiðendur Campari. „Það hefði þýtt að Carrie hefði pantað það í staðinn fyrir Cosmopolitan á barnum. Eftir að hafa hugsað aðeins um þetta sá ég að það gekk ekki upp, Carrie hefði aldrei pantað það," segir King.

Leno aftur í loftið

JAY LENO Bandarískur spjallþáttastjórnandinn Jay Leno tekur viðtal við Arnold Schwarzenegger.

Bandarísku spjallþáttastjórnendurnir Jay Leno og Conan O´Brien ætla að taka upp þætti sína á nýjan leik í janúar, þrátt fyrir að verkfall handritshöfunda standi enn yfir.

Leno segist hafa skyldum að gegna gagnvart þeim eitt hundrað starfsmönnum þáttar síns sem starfa við annað en skriftir og O´Brien vonar það besta. „Auðvitað verður þátturinn minn ekki eins góður og áður. Hann gæti meira að segja stundum orðið hræðilegur," sagði O´Brian. Hann ætlar að gera eins góða útgáfu af þætti sínum og hægt er miðað við aðstæður á sama tíma og hann mun virða verkfallið.

Báðir þættirnir hafa verið endursýndir síðan verkfallið hófst fyrir sjö vikum. Engar viðræður eru fyrirhugaðar á næstunni til að leysa hnútinn.

Stutt er síðan David Letterman og Craig Ferguson, keppinautar Leno og O´Briens, gerðu samning við samtök handritshöfunda um að þættir þeirra færu aftur í loftið þrátt fyrir verkfallið.



Glæný og mögnuð skáldsaga eftir

EINAR MÁ GUÐMUNDSSON

„Einn af fremstu rithöfundum þjóðarinnar um þessar mundir . . .“

Úr Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING 2007

„. . . . enn ein af hlýju og mannlegu sögunum hans Einars Más, sem snerta mann djúpt.“

Vigdís Finnbogadóttir

„Hann skrifar af krafti og innblæstri . . . úrvinnsla hugmyndarinnar brilljant.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„Þetta er bók um að bæta heiminn.“

Svavar Gestsson sendiherra

„Frábær bók og áríðandi umræða um mikilsvert málefni, fléttað í hrífandi ástarsögu.“

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

3. PRENTUN VÆNTANLEG

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

RAGNHILDUR STEINUNN, YESMIN OLSSON, ADDI FANNAR OG LEIFUR B. DAGFINNSSON.

Flott jólateiti

Framleiðslufyrirtækið Truenorth og Vesturport leiddu saman hesta sína og slógu upp sameiginlegu jólateiti síðastliðið föstudagskvöld. Þrátt fyrir leiðinlegt veður lögðu margir góðir gestir leið sína í jólagleðina á Skólabrú og virtust njóta sín vel.

UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR OG KRISTBJÖRG KJELD

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON OG MAGNÚS ÓLAFSSON

ÁGÚSTA, DÖGG OG GUÐBJÖRG.

GÍSLI GALDUR

LISTAFÓLK LYFTIR SÉR UPP

Mörg þeirra andlita sem fyrir augu bar á Skólabrú á föstudagskvöldið voru ansi kunnugleg, enda hafa Truenorth og Vesturport unnið með mörgu þekktasta listafólki þjóðarinnar. Sjónvarpsfólk og leikarar, tökumenn og framleiðendur gerðu sér glaðan dag, og ekki var annað að sjá en að vonskuveður hefði lítil áhrif á jólagleðina.

„Stórbrotin örlagasaga.“

Egill Helgason / Kiljan, RÚV

2. prentun komin

„… sjálfstætt framhald bókarinnar *Karítas án titils* … en er þeirri bók mun fremri … bæði fyndin og dramatísk og á stundum bregður fyrir kostulegri íróníu sem skapar vel heppnaða margröddun innan textans.“

Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is

„Mikil dramatík … lýsing á móðurhlutverki afskaplega sterk … höfundur veltir fyrir sér áleitnum spurningum um kúgun kvenna … meðvituð kvennasaga með öllu því sem fylgir.“

Auður Aðalsteinsdóttir / Víðsjá, RÚV

„… breið og stórskemmtileg mannlífslýsing, mögnuð saga samfélags og kvenfrelsis á Íslandi um leið og þetta er saga allra þreyttra þvottakvenna heimsins.“

Steinunn Inga Óttarsdóttir / Morgunblaðið

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

Rólyndis Rökkurró

TÓNLIST

Það kólnar í kvöld...

Rökkurró

★★★

Viðkunnanleg plata sem heillar auðveldlega þrátt fyrir að hún sé á margan hátt einsleit og hálf tíðindalaus.

Rökkurró er ung sveit, ættuð úr Reykjavíkinni og Það kólnar í kvöld... er fyrsta plata hennar. Það fyrsta sem ég hjó eftir hjá Rökkurró (fyrir utan að sveitinni finnst greinilega gaman að láta hitt og þetta stuðla) er óvenju tær og falleg rödd söngkonunnar Hildar Kristínar Stefánsdóttur. Gríðarlegt efni þar á ferð en þarf örlítið að leira söng sinn til og gefa honum meiri persónuleika. Annað atriði, sem áberandi er í tónlist Rökkurróar, er hversu frábærlega sellóið og harmonikkan, eins ólík hljóðfæri og þau nú eru, spinnast saman.

Því miður er samt heildarsamhljómur sveitarinnar ekki nægilega góður. Réttast væri reyndar frekar að segja að til lengdar virkaði hann óáhugaverður. Yfir sveitinni ríkir sakleysislegur ungdómsblær, með hliðarspor í uppsveitum Austur-Evrópu, sem tjáir sig með snotrum íslenskum textum. Í sveitinni býr greinilega mikil og góð sköpunargáfa sem í framtíðinni gæti gefið mikið af sér. Í staðinn líður Það kólnar í kvöld... fyrir að þau sem plötuna vinna eiga enn eftir að taka út greinlegan tónlistarlegan þroska sem endurspeglast í oft einhæfum en umfram allt einsleitum lagasmíðum.

Allt gullið er hins vegar lag sem færir manni trú í hjarta um ágæti Rökkurróar með sinni flögrandi og dramatísku stemningu. Í sjávarháska sameinar líka ágætlega flest allt gott í fari Rökkurróar. Það kólnar í kvöld... er ekki ein af fimm eða tíu bestu plötum ársins á Íslandi, ekki að mínu mati, en hún fær mann til þess að vilja meira frá meðlimum Rökkurróar. Tónleikar sveitarinnar hafa einnig sýnt það og sannað að það býr margt í mörgu hjá Rökkurró. **Steinþór Helgi Arnsteinsson**

Bjóða gleðileg Astrójól

Sigurður Jónas Eggertsson og fjölskylda hans senda vinum og vandamönnum frumleg jólakort í ár.

Í 17 KÍLÓA BRYNJU Fjölskyldufaðirinn Sigurður Jónas Eggertsson lét sig ekki muna um að fara í 17 kílóa brynju fyrir jólamyndatökuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við fórum á Astrópíu í bíó og datt í hug að það væri fyndið að herma eftir veggspjaldinu þeirra," segir Sigurður Jónas Eggertsson tölvunarfræðingur sem sendir frumleg jólakort í ár. Þar má sjá hann ásamt eiginkonunni, Friðriku Stefánsdóttur, og tveimur sonum þeirra bregða sér í gervi sögupersóna í kvikmyndinni Astrópíu. Yfirskriftin er „Astrójól - Þar sem hátíð er í bæ". „Í fyrra sendum við mynd af okkur þar sem við vorum hálfnuð að hafa okkur til fyrir jólin. Ég með buxurnar á hælunum, konan með rúllurnar í hárinu og strákarnir hálfklæddir," segir Sigurður.

Fjölskyldan lagði töluverða vinnu í kortið. „Eldri strákurinn átti karatebúning og geislasverð. Svo keyptum við búning á þann yngri. Konan fann bláa blússu til að vera í og vinnufélagi minn sem æfir víkingaskylmingar lánaði mér búninginn sinn eins og hann leggur sig. Þetta er mikill búningur, brynjan ein og sér er 17 kíló. Svo átti ég gamla mynd af skútu niðri á Reykjavíkurhöfn og skellti okkur inn á hana."

ASTRÓJÓL Hér má sjá jólakort fjölskyldunnar sem óneitanlega er frumlegt.

En Sigurður hefur ekki bara verið í því að búa til frumleg jólakort undanfarið því hann heldur úti vefsíðunni ljosmyndakeppni.is og gaf nýlega út bókina Ljósár 2007 en hún er sú þriðja í sinni röð. „Þetta er árbók áhugaljósmyndara sem allir eiga það sameiginlegt að vera notendur á vefsíðunni. Í henni er að finna myndir eftir 121 þátttakanda. Við höfum selt bækurnar í Hagkaupum og á baekur.is en hagnaðurinn rennur óskertur til Barnaspítala Hringsins. Hann er eyrnamerktur leikstofunni þar," segir Sigurður og bætir því við að Hagkaup hafi tekið að sér að selja bækurnar endurgjaldslaust. Þær er hægt að skoða á arbok.ljosmyndun.is.

sigrunosk@frettabladid.is

„Ég las þessa bók með áfergju."

Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

Viðtöl við tólf rithöfunda um sköpun og skriftir með glæsilegum ljósmyndum sem veita glögga innsýn í líf og störf höfundanna.

„Mikið óskaplega er þetta skemmtilegt! Frábærar ljósmyndir ... Konfektkassi sem endist fram á næsta ár."

Gerður Kristný / Mannamál, Stöð 2

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 miði.is

ÁLFABAKKA

FRED CLAUSE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
ALVIN OG ÍKOR...	kl. 6	L
BÝFLUGUMYNDIN	kl. 6	L
BEE MOVIE	kl. 8 - 10:10	L
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6	7
BEOWULF	kl. 8 - 10:30	
BEOWULF	kl. 5:30 - 8	VIP
SIDNEY WHITE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	
AMERICAN GANGSTER	kl. 8	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 10:30	VIP

KEFLAVÍK

FRED CLAUS	kl. 8 - 10:20	L
BEE MOVIE	kl. 8	L
DAN IN REAL LIFE	kl. 10	L

KRINGLUNNI

FRED CLAUSE	kl. 3:30 - 8 - 10:30	L
BÝFLUGUMYNDIN	kl. 3:30 - 6	L
BEE MOVIE	kl. 8:30	L
BEOWULF	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 10:30	16
BÍÓPÖSSUN 17-22 DESEMBER		
ÞRÓTAHETJAN	kl. 13:00	L
RATATOUILLE	kl. 14:40	L
SANTA CLAUSE 2	kl. 16:40	L
GRINCH	kl. 18:30	L

SELFOSSI

FRED CLAUSE	kl. 8 - 10:20	L
HITMAN	kl. 8 - 10:10	16

AKUREYRI

FRED CLAUS	kl. 6 - 8 - 10	L
BEE MOVIE	kl. 6	L
SIDNEY WHITE	kl. 8	L
BEE MOVIE	kl. 10	L

BÍÓ NÝTTU ÞÉR pössun í kringlunni

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

RUN FATBOY RUN	kl. 4, 6, 8 og 10	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL	kl. 4 og 6	L
SAW IV	kl. 8 og 10	16
BEE MOVIE - ÍSL TAL	kl. 4 og 6	L
HITMAN	kl. 8 og 10	16

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 5%

ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 6 - 8 ÍSL. TAL	
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL	
ALVIN & ÍKORNARNIR LÚXUS	kl. 4 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL	
BEE MOVIE ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7
HITMAN	kl. 8 - 10.10	16
DAN IN REAL LIFE	kl. 10	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

RUN FATBOY RUN	kl. 5.50 - 8 - 10.10	
SAW 4	kl. 8 - 10.10	16
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 5.45 - 8 - 10.15	14
DAN IN REAL LIFE	kl. 5.45	
LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR	kl. 6 - 9	14

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 6 - 8 ÍSL. TAL	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6 - 8 - 10	7
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 5.45 - 8 - 10.15	14
ACROSS THE UNIVERSE	kl. 8 - 10.40	12
RENDITION	kl. 10	16
VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN.	kl. 5.40	14

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 6 ÍSL. TAL	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6	
RUN FATBOY RUN	kl. 8 - 10	16
SAW 4	kl. 8 - 10	

5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

DIKTA Hljómsveitin Dikta hefur gefið út sína útgáfu af jólalaginu Nóttin var sú ágæt ein. MYND/AUÐUR SIGBERGSDÓTTIR

Dikta gefur út vinsælt jólalag

Rokksveitin Dikta hefur gefið út sína útgáfu af jólasálminum vinsæla Nóttin var sú ágæt ein eftir Einar Sigurðsson við lag Sigvalda Kaldalóns. „Við höfum verið að taka þetta í tvö til þrjú ár í kringum hátíðarnar og verið með aukahljóðfæraleikara með okkur," segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu. „Við höfum fengið rosalega góð viðbrögð og fólk var alltaf að spyrja hvort við ætluðum ekki að taka það upp. Við ákváðum að kýla á það þótt desember væri byrjaður. Við ætlum að gera plötu á næsta ári og munum fylgja henni eftir þannig að það var núna eða aldrei að taka þetta upp."

Haukur segir þá félaga lengi hafa haft miklar mætur á laginu. „Þetta er ótrúlega fallegt lag og það er skrítið að maður hefur heyrt mjög lítið af því í nútíma útsetningum." Dikta ætlar vitaskuld að spila lagið á jólatónleikum á Organ á laugardag ásamt bæði eldri lögum og nýjum. „Við erum á fullu að semja og útsetja þessi lög sem við erum með. Við erum komnir með þrjátíu til fjörutíu hugmyndir að lögum sem við erum að vinna betur."

Auk Diktu koma fram á tónleikunum Ölvis, For a minor reflection og Rass. Með Ölvis á sviðinu verða Georg og Orri úr Sigur Rós, Baddi úr Jeff Who? og Sindri Már Finnbogason. Miðaverð er 500 krónur.

Lag Diktu, Nóttin var sú ágæt ein, er til sölu á smekkleysa.net auk þess sem hægt er að hlusta á það á myspace.com/dikta.

- fb

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Útskrift

verður í Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 20. desember kl. 14:00. Allir nemendur dag- og kvöldskóla, er lokið hafa eftirtöldum prófum, eiga að koma og taka á móti prófskírteinum:

Handíðabraut
Sjúkraliðanámi
Snyrtifræðinganámi
Burtfararprófi af húsasmíðabraut
Burtfararprófi af rafvirkjabraut
Stúdentsprófi

Skólameistari

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
www.fb.is

BENNY CRESPO´S GANG Rokksveitin heldur útgáfutónleika sína í Tjarnarbíói í kvöld.

Fagna sinni fyrstu plötu

Rokksveitin Benny Crespo´s Gang heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld í tilefni af sinni fyrstu plötu sem kom út fyrir skömmu. Búast má við góðri stemningu enda er Benny Crespo´s Gang rómað tónleikaband sem skilar orku sinni vel inn á plötuna. Miðaverð á tónleikana er 1200 krónur og opnar húsið laust fyrir níu.

Hljómsveitin Múm spilar einnig á skemmtikvöldi á Organ í kvöld þar sem frítt er inn. Auk múm koma fram Mr. Silla & Mongoose og fleiri óvæntir gestir. Múm, sem er að fylgja eftir plötunni Go Go Smear the Poison Ivy, er nýkomin heim eftir vel heppnaða tónleikaferð um Evrópu.

FRANK MURDER Frank Murder kemur fram á raftónlistarkvöldi á Barnum í kvöld.

Rafmessa í tilefni jóla

Biogen, Frank Murder, Star Kidz og Stereo Hypnosis koma fram á raftónlistarkvöldi á Barnum í kvöld. Þessi kvöld hafa verið haldin einu sinni í mánuði og er þetta hið þriðja í röðinni.

Þar sem jólin nálgast ber þetta kvöld titilinn Rafmessa. Aðgangseyrir er enginn og byrja tónleikarnir klukkan 21 á efri hæðinni. Á neðri hæðinni spilar Gauti dub og fleira.

> Jóhannes Karl í fjögurra leikja bann

Jóhannes Karl Guðjónsson, leikmaður Burnley í ensku 1. deildinni og íslenska landsliðsins, var í gær dæmdur í fjögurra leikja bann af aganefnd enska knattspyrnusambandsins vegna rauðs spjalds sem hann fékk í leik Burnley og Preston um síðustu helgi. Jóhannes Karl fékk að líta beint rautt spjald fyrir tæklingu á Neil Mellor, leikmanni Preston, sem hefði undir eðlilegum kringumstæðum þýtt þriggja leikja bann. Burnley áfrýjaði hins vegar rauða spjaldinu, en aganefndinni líkaði sú ákvörðun illa og svaraði með því að þyngja refsinguna í fjögurra leikja bann.

sport
sport@frettabladid.is

MAGNÚS PÁLL GUNNARSSON, LEIKMAÐUR BREIÐABLIKS: FÉKK BRONSSKÓINN LOKSINS AFHENTAN Í FYRRADAG

Umræðan á að snúast um að reglur verði skýrari

Þrír markahæstu leikmenn Landsbankadeildar karla og kvenna fengu í fyrradag loksins afhenta hina eftirsóttu gull-, silfur- og bronsskó fyrir afrek sín síðasta sumar. Magnús Páll Gunnarsson, leikmaður Breiðabliks, fékk bronsskó Adidas fyrir að vera þriðji markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar að þessu sinni, en mikið hefur verið rætt og skrifað um mark sem KSÍ skráði á hann í 16. umferð deildarinnar í leik gegn FH. Allir prentmiðlar skráðu markið sem sjálfsmark Auðuns Helgasonar, varnarmanns FH, en Magnús sjálfur kveðst viss í sinni sök að svo hafi ekki verið.

„Í allri þessari umræðu hef ég alltaf vitað að ég átti síðastu snertingu við boltann og því miður sannaði myndbandið hvorki né afsannaði hvað átti sér stað. Ég stend því eftir einn til frásagnar um markið og auðvitað er alltaf leiðinlegt þegar orð manns eru dregin í efa og ég er náttúrulega ekki sáttur við að vera nánast kallaður ósannindamaður af sumum aðilum," sagði Magnús Páll sem ætlar þó ekki að fara út í nánari greiningu á reglum í sambandi við hvernig mörk séu skráð.

„Ég ætla hins vegar ekki að taka afstöðu til þess hversu mikla eða litla snertingu þurfi til þess að breyta sjálfsmarki yfir í sóknarmark eða öfugt. Það er annarra að búa til reglur og viðmiðanir um slíkt og ef þessar reglur væru til gæti ég ekkert sagt ef markið yrði tekið af mér á þeim grundvelli. Þegar allt kemur til alls eru reglurnar í þessu tilviki ekki nógu skýrar og mér finnst að umræðan ætti frekar að snúast um það. En ekki um það hvort ég sé að segja satt eða ekki," sagði Magnús Páll sem átti fínt sumar með Breiðabliki.

„Ég er mjög ánægður með sumarið og kom sjálfum mér þægilega á óvart með því sem ég náði að gera, Sér í lagi í ljósi þess að ég er upprunalega miðjumaður og var að spila í stöðu framherja í fyrsta skipti," sagði Magnús Páll sem er enn óviss með hvar hann leikur næsta sumar.

„Það eru nokkrir möguleikar sem ég er að skoða og það ætti að ráðast bara á næstu dögum."

LÉK MEÐ Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 2 mörk úr 4 skotum í gær.

Þýska liðið Gummersbach:

Úr leik í bikar

HANDBOLTI Íslendingaliðið Gummersbach er úr leik í þýska bikarinum eftir 33-30 tap fyrir Hamburg í 8 liða úrslitum í gær.

Róbert Gunnarsson skoraði 7 mörk fyrir Gummersbach og Guðjón Valur Sigurðsson var með tvö mörk en þarna fór síðasta von Alfreðs Gíslasonar og lærisveina hans að ná í titil á tímabilinu. - óój

Dregið í bikarnum:

Akureyri sækir Fram heim

HANDBOLTI Í gær var dregið í undanúrslit í Eimskipsbikar karla og kvenna. Í stórleik undanúrslita Eimskipsbikars karla tekur Fram á móti Akureyri í Safamýri. Valur sækir Víking heim í hinum leiknum. Stóri leikurinn hjá konunum er viðureign Gróttu og Stjörnunnar á Seltjarnarnesi. Valur tekur svo á móti Fylki.

Allir leikirnir fara fram 12. og 13. febrúar næstkomandi. - hbg

Unglingalið Arsenal áfram

Arsenal og Tottenham komust bæði áfram í enska deildarbikarnum í gærkvöld. Tottenham vann Manchester City þrátt fyrir að vera manni undir í 70 mínútur.

FÓTBOLTI Lundúnaliðin Tottenham og Arsenal komust í undanúrslit enska deildarbikarsins í gær en Arsenal þurfti framlengingu til.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, gerði fjórtán breytingar á sextán manna leikmannahópi liðsins frá Chelsea-leiknum um síðustu helgi og gaf yngri leikmönnum liðsins tækifæri eins og hans er von og vísa í deildarbikarnum.

Blackburn átti samt í miklum erfiðleikum með Arsenal sem komst í 0-2 með mörkum Vassirikis Diaby, með viðstöðulausu skoti eftir sendingu Nicklas Bendtner, og Eduardos Da Silva sem nýtti sér varnarmistök Cristophers Samba.

Það var svo ekki fyrr en í lok fyrri hálfleiks sem Blackburn svaraði þegar Roque Santa Cruz afgreiddi boltann af harðfylgi í netið eftir sendingu frá Matt Derbyshire, sem virtist rangstæður í undirbúningnum en ekkert var dæmt og þar við sat í hálfleik.

Í seinni hálfleik náði Santa Cruz svo að jafna leikinn með skallamarki á 60. mínútu eftir aukaspyrnu Davids Bentley og hvorugt lið náð að bæta við marki og því varð að framlengja.

Í framlengingunni var það síðan króatíski Brasilíumaðurinn Eduardo da Silva sem tryggði Arsenal 3-2 sigur en unglingarnir hans Wenger voru aðeins tíu inn á vellinum í framlengingunni eftir að Denilson fékk rautt spjald í lok venjulegs leiktíma. Unglingalið Arsenal er því enn á ný að slá í gegn.

SPENNANDI Vassiriki Diaby hjá Arsenal í baráttu við Steven Reid.
NORDIC PHOTOS/AFP

Tottenham fór áfram

Tottenham var ekki lengi að skora fyrsta markið gegn Manchester City og þar var Jermaine Defoe að verki eftir að samspil Jermaines Jenas og Aarons Lennon gjörsamlega splundraði City-vörninni.

Steve Bennett, dómari leiksins, hikaði svo ekki við að gefa Didier Zokora, leikmanni Tottenham, beint rautt fyrir meinta tveggja fóta tæklingu, en dómurinn virkaði mjög harður. Leikmenn City náðu hins vegar illa að nýta sér liðsmuninn í fyrri hálfleik.

Í seinni hálfleik jókst pressa City til muna en Paul Robinson, markvörður Tottenham, stóð vaktina með mikilli prýði. Tottenham fór betur að ráði sínu fyrir framan markið og náði að bæta við marki þegar Steed Malbranque slapp einn í gegn og lagði boltann snyrtilega í markið.

Lokatölur urðu 0-2 og fyrsta tap City liðsins á tímabilinu á Borgarleikvanginum í Manchester því staðreynd og Tottenham komið í fjögurra liða úrslit. - óþ / - óój



EIÐUR OG MESSI Eiður er á því að félagi sinn sé besti leikmaður heims.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Kjör FIFA á leikmanni ársins:

Eiður Smári kaus Messi

FÓTBOLTI Eins og kunnugt er var Brasilíumaðurinn Kaká kjörinn besti knattspyrnumaður heims af FIFA en það eru fyrirliðar og þjálfarar sambandslandanna sem kjósa.

Eyjólfur Sverrisson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, og Eiður Smári Guðjohnsen kusu fyrir hönd Íslands. Eiður Smári kaus félaga sinn hjá Barcelona, Lionel Messi, bestan. Hann setti Cristiano Ronaldo í annað sætið og Kaká í það þriðja.

Eyjólfur kaus aftur á móti Kaká bestan, Ronaldo var einnig annar hjá honum og Messi síðan í þriðja sæti.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna, og Ásthildur Helgadóttir landsliðsfyrirliði voru bæði með Mörtu í fyrsta sæti. Sigurður setti síðan Cristiane í annað sætið og Kelly Smith í það þriðja.

Ásthildur var aftur á móti með Kelly Smith í öðru sæti og Birgit Prinz í því þriðja. - hbg

Valskonur unnu sinn annan leik í röð í Iceland Express-deild kvenna í gær:

Barátta Tinnu var engu lík

KÖRFUBOLTI Valskonur Fjölni með 19 stiga mun, 89-70, í Iceland Express-deild kvenna í gær en þetta var fyrsti deildarsigur liðsins í Vodafone-höllinni.

Tinna Björk Sigmundsdóttir átti stórleik í liði Vals sem lék án Signýjar Hermannsdóttur og Lovísu Guðmundsdóttur. Tinna barðist fyrir hverjum bolta út um allan völl og endaði með 16 stig, 12 stoðsendingar og 7 stolna bolta. Molly Peterman (34 stig, 12 fráköst) og Þórunn Bjarnadóttir (18 stig, 11 fráköst, 5 stoðs.) léku líka mjög vel. Slavica Dimovska og Birna Eiríksdóttir voru báðar með 23 stig fyrir Fjölni . -óój

NÚ Á 2 STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Jólagjafir fyrir handlagna

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

1290
BORVÉL 500W

3990
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

1295
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN

2995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V

4995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V

5890
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W

4995
BELTASLÍPIVÉL 900W

2290
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM

2990
RAFMAGNSHEFILL

TILBOÐ!

995
HLEÐSLUBORVÉL 12V

1390
STINGSÖG 350W

1590
SLÍPIROKKUR 600W

9990
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W

5850
FLÍSASÖG

12.900
KEÐJUSÖG RAFM.

2950
HJÓLSÖG 1400W

14.990
BÚTSÖG 2100W

RAFSTÖÐVAR
800W **19900**
2200W **34900**
5500W **59500**

1995
SLÍPIMÚS

1290
JUÐARI

4995
BÚTSÖG 1300W

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16



Er í einu besta liði Evrópu

Knattspyrnukona ársins, Margrét Lára Viðarsdóttir, heldur öllum dyrum opnum en vill fara í sterkt lið þar sem hún þarf virkilega að hafa fyrir hlutunum. Hún keppir nú um laust sæti hjá bandaríska liðinu FC Indiana.

FÓTBOLTI Margrét Lára Viðarsdóttir hefur ekki ákveðið hvar hún muni spila sumarið 2008 en það dylst engum að það eru mörg stór erlend lið á eftir bestu knattspyrnukonu landsins.

Daginn eftir að hún var kosin knattspyrnukona ársins annað árið í röð flaug hún til Indianapolis í Bandaríkjunum þar sem hún keppist um að vinna sér sæti hjá bandaríska liðinu FC Indiana sem er eitt að liðunum sem koma til með að mynda nýja bandaríska atvinnumannadeild árið 2009. FC Indiana vann bandarísku úrvalsdeildina í ár og hefur verið eitt af bestu liðum hennar undanfarin tímabil.

„Það eru flottir hlutir í spilunum hjá mér. Ég er að fara til Ameríku og ætla að fara að skoða þar lið sem heitir Indiana og er frá Indianapolis sem er rétt hjá Chicago. Þetta virðist vera sterkt lið sem ætlar sér mikið í nýju atvinnumannadeildinni. Þeir eru að taka inn leikmenn til þess að skoða fyrir 2009. Þeir skoða sjö leikmenn frá Evrópu og velja fjóra þar út sem komast inn í liðið á næsta ári," segir Margrét Lára sem getur vel hugsað sér að spila í Bandaríkjunum takist henni vel upp.

„Þetta er mikið tækifæri fyrir mig og það verður gaman að skoða aðstæðurnar þarna úti. Það væri frábært að komast að hjá þessu liði og það er gaman að fá að skoða þetta þarna í Bandaríkjunum en maður rennur nokkuð blint í sjóinn. Maður þekkir Norðurlöndin og þekkir Þýskaland og það er því gaman að sjá hvað þeir séu að spá og hvernig framtíðin verður þarna úti í Bandaríkjunum," segir Margrét Lára.

Margrét Lára hefur einnig skoðað aðstæður í Svíþjóð.

„Ég ætla að byrja á því að skoða Bandaríkin, svo er Svíþjóð ennþá inni í myndinni og svo má ekki gleyma því að ég er í einu besta liðinu í Evrópu og ég fer ekki frá Val nema það sé eitthvað virkilega gott í boði. Ég hef verið mikið að skoða Djurgården en ég vil fara í sterkt lið þar sem ég þarf virkilega að hafa fyrir hlutunum," segir Margrét Lára sem vill ekki nefna fleiri sænsk lið en það margir sem myndu bíða spenntir eftir að sjá hana spila við hlið Viktoriu Svensson sem hefur verið aðalsóknarmaður sænska landsliðsins undanfarin ár.

Margrét Lára skoraði 77 mörk á árinu 2007, þar af 8 þeirra með íslenska A-landsliðinu. Það er ljóst á öllu að Valsliðið hefur enn mikið að bjóða fyrir Margréti Láru sem hefur skorað 182 mörk í 89 mótsleikjum með Val sem hún gekk til liðs við fyrir sumarið 2005.

„Umgjörðin og metnaðurinn í þjálfun er gríðarlega mikill í Val og það er frábært tækifæri að fá að spila með Val. Mín þrjú ár í Val hafa verið frábær og ég sé ekki eftir því að hafa spilað fyrir þann klúbb. Þetta er frábær klúbbur, með gott þjálfarateymi sem leggur mikið upp úr því að ná árangri. Það er það umhverfi sem ég er að leitast eftir. Það skiptir mig miklu máli að maður sé að læra á hverri æfingu," segir Margrét Lára.

BESTA KNATTSPYRNUKONA LANDSINS Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði 69 mörk með Val í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FJÓRÐI GULLSKÓRINN Margrét Lára Viðarsdóttir hefur unnið gullskóinn fjögur ár í röð. Hér er hún ásamt Jónasi Grana Garðarssyni sem vann gullskóinn í karladeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margrét Lára segist hafa brennt sig á því að fara til MSV Duisburg í Þýskalandi en annars segir hún sig vera komna lengra í boltanum en hún bjóst við fyrir nokkrum árum.

„Ég myndi segja að ég væri komin framar en ég bjóst við. Ég stefndi í fyrsta lagi aldrei á A-landsliðið fyrr en ég yrði 18 eða 19 ára og það gerðist þegar ég var sextán ára. Ferillinn hefur verið mjög flottur og ég hef tekið stór skref. Það er mjög mikilvægt að halda sér niðri á jörðinni ef maður ætlar að ná árangri. Maður má ekki vera upp í skýjunum heldur finna sér nýtt verkefni og nýtt markmið og finna þá hluti hjá sér þar sem maður getur bætt sig," segir Margrét Lára, en hversu miklar líkur eru á að hún velji Bandaríkin?

„Það gæti verið rétt leið fyrir mig að fara til Ameríku. Þegar ég fór til Þýskalands þá steig ég rangt skref sem ég lærði rosalega mikið af og gerði mig að betri knattspyrnukonu fyrir vikið. Næsta skref vil ég að verði gott skref, í góða átt, að árangri einhvers staðar annars staðar," segir Margrét Lára og nú er að sjá hvort hún komist að hjá einu heitasta liðinu í Bandaríkjunum. **ooj@frettabladid.is**

Alþjóða handknattleikssambandið hefur tekið á ásökunum um spillingu:

Asíuleikarnir verða endurteknir

HANDBOLTI Alþjóða handknattleikssambandið, IHF, hefur tekið þá ákvörðun að endurtaka Asíuleikana í handknattleik – bæði í karla- og kvennaflokki. Mun mótið verða klárað fyrir lok janúar á næsta ári en mótið er einnig undankeppni fyrir Ólympíuleikana í Peking.

Þessi ákvörðun kemur í kjölfar kvörtunar kóreska ólympíusambandsins vegna úrslitaleiks Kúveit og Suður-Kóreu í keppninni. Sá leikur var einn farsi frá upphafi til enda og duldist engum að brögð voru í tafli. IHF hafði sett reynt og virt þýskt dómarapar á leikinn en rétt fyrir leik tók tækninefnd asíska sambandsins fram fyrir hendurnar á þeim og setti par frá Jórdaníu á leikinn.

Dómararnir stálu algjörlega senunni og sáu til þess að slakt lið Kúveit rúllaði yfir sterkt lið Kóreu með einum átta mörkum. Leikurinn hefur síðar verið sendur út um allan heim og í kjölfarið krafðist alþjóða ólympíunefndin þess að IHF rannsakaði ásakanir um mútur og spillingu ofan í kjölinn og tæki á málinu. Að öðrum kosti kæmi vel til greina að banna handknattleik á Ólympíuleikunum.

Stjórn IHF hefur í kjölfarið ákveðið að endurspila keppnina í heild sinni í báðum flokkum og þar með líklega bjargað því að handbolti verði áfram spilaður á Ólympíuleikunum. **- hbg**

ANNAÐ TÆKIFÆRI Kyung Shin-Yoon og félagar í suðurkóreska landsliðinu fá annað tækifæri til þess að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum í janúar. Kórea tapaði síðasta úrslitaleik gegn Kúveit sem var vægast sagt vafasamur.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

ÖFLUGUR Ólafur Bjarki Ragnarsson, leikmaður HK, verður í eldlínunni í kvöld þegar HK og Valur spila um síðasta lausa sætið í deildarbikar karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Lokaleikir fyrir frí í N1-deild karla fara fram í kvöld:

Valur og HK bítast um lausa sætið

HANDBOLTI Síðustu leikirnir í N1-deild karla, fyrir langt frí sem nær fram til 1. febrúar, fara fram í kvöld þegar Fram tekur á móti Stjörnunni og Valur og HK leika til úrslita um hvort liðið verður á meðal fjögurra liða í svokölluðum deildarbikar.

Haukar, Fram og Stjarnan eru þegar örugg um að vera á topp fjórum þegar deildin fer í frí og hafa því unnið sér keppnisrétt í deildarbikar sem leikinn verður á milli jóla og nýárs. Haukar eru öruggir á toppnum, Fram getur í versta falli endað í þriðja sæti og Stjarnan getur í versta falli endað í fjórða sæti, en liðin eigast við í Framhúsinu kl. 19.00 í kvöld. Baráttan um síðasta lausa sætið í deildarbikarnum stendur því á milli Vals og HK, en Kópavogsliðið stendur betur að vígi því liðinu dugir jafntefli í leiknum. Á móti kemur hins vegar að leikurinn fer fram á heimavelli Vals, Vodafone-höllinni, en leikar hefjast kl. 20.00 í kvöld.

N1-deild kvenna er þegar komin í frí og þar liggur því ljóst fyrir að Fram, Valur, Stjarnan og Grótta munu eigast við í deildarbikar kvenna.

- óþ



Umsóknarfrestur er til 21. desember 2007

Styrkir til að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir styrki til umsóknar

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi landsins og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu.

Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði.

Hjá Landsvirkjun starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til námsmanna, rannsóknarverkefna á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Styrkveitingar sjóðsins miða að því að gera fjárframlög Landsvirkjunar til rannsókna skilvirkari og sýnilegri, og tryggja að þær rannsóknir sem sjóðurinn styrkir samrýmist umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

Styrkveitingar sjóðsins falla í þrjá flokka:
Almennar virkjunarrannsóknir, rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála og styrki til nemenda í meistara- eða doktorsnámi.

Að þessu sinni er auglýst eftir umsóknum í eftirfarandi flokkum:

Rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála
Almenn rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og öðrum útgjöldum.

Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi
Styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða stunda meistara- eða doktorsnám á sviði umhverfis- eða orkumála.

Í þessari úthlutun eru í heild allt að **50 m.kr. til ráðstöfunar**, allt að 40 m.kr. til rannsóknarverkefna á sviði umhverfis- og orkumála, og allt að 10 m.kr. til styrkja fyrir 10–20 nemendur í meistara- og doktorsnámi.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á rannsóknarverkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um þau gögn sem fylgja eiga umsókn er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað rafrænt á netfang sjóðsins; **orkurannsoknasjodur@lv.is** eða í pósti til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, merktum „**Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar 2007**“.

Fyrirspurnir má senda á netfangið **orkurannsoknasjodur@lv.is**.

Umsóknarfrestur er til 21. desember 2007.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Landsvirkjun

PIPAR • SÍA • 72579

> **Roman Polanski**

Að eigin sögn sér Polanski mest eftir því í sínu lífi að hafa ekki verið staddur á heimili sínu þegar þáverandi eiginkona hans, Sharon Tate, var myrt á hrottafenginn hátt ásamt fjórum öðrum. Þar var að verki Charles Manson ásamt sínum rustalýð en Tate var þá barnshafandi. Sjónvarpið sýnir í kvöld myndina um Oliver Twist sem er einmitt í leikstjórn Polanskis.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON KYNNTIST FIMM LEIÐUM TIL AÐ BJARGA HEIMINUM

Hughreystandi lausnir gegn umhverfisvanda

Fimm leiðir til að bjarga heiminum hét afar áhugaverður þáttur frá BBC sem var sýndur í Ríkissjónvarpinu á mánudagskvöld. Í honum var rætt við vísindamenn og verkfræðinga um hugmyndir þeirra til að stemma stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum á jörðinni.
Sumar lausnir sérfræðinganna voru ansi merkilegar. Einn þeirra, sem fékk Nóbelsverðlaunin fyrir að vekja athygli á þynningu ósonlagsins, vill skjóta eldflaugum upp í himinhvolfið sem eiga að líkja eftir eldgosi þegar þær springa. Þannig myndaði lofthjúpurinn vörn gegn geislum sólarinnar sem yrði til þess að hitinn á jörðinni lækkaði.

Annar prófessor vill búa til fjölda risastórra gervitrjáa sem líkja eftir virkni venjulegra trjáa. Soga þau til sín koltvísýring úr andrúmsloftinu, sem myndast m.a. úr útblæstri bifreiða, og blása síðan hreinna lofti út. Koltvísýringnum er síðan komið fyrir á hafsbotni þar sem hann getur legið óhreyfður í milljónir ára.

JÖRÐIN Gróðurhúsaáhrifin ógna jörðinni sífellt meir með hverju árinu.

Aðrar hugmyndir í þættinum fólu í sér að setja upp risastóran sólskerm til að vernda jörðina fyrir sólargeislunum, setja báta út á haf sem dæla fínum sjávarögnum upp í skýin til að gera þau þykkari og að gefa sjávarþörungum meira æti svo þeir sogi í auknum mæli til sín mengunina úr loftinu.

Þrátt fyrir að hugmyndirnar séu byltingarkenndar var það afar hughreystandi að sjá að einhverjir eru tilbúnir til að þrífa upp allan skítinn sem mannfólkið hefur skilið eftir sig í gegnum tíðina, fái þeir til þess fjármagn. Ólíklegt má telja að fólk umturni lífsvenjum sínum vegna umhverfisvandans og því gætu þessar fimm leiðir nýst heiminum gríðarlega vel þegar fram líða stundir.

EKKI MISSA AF

20.05 Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



21.00 America's Next Top Model SKJÁREINN



21.00 Grey's Anatomy STÖÐ 2

21.15 E-Ring SIRKUS

22.25 Þýski handboltinn hápunktar SÝN

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hvað veistu?
18.00 Disneystundin
18.01 Herkúles
18.22 Fínni kostur
18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Bráðavaktin (23:23) (ER XIII) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk: Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra, Linda Cardellini, Shane West og Scott Grimes. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
20.55 Liljur (6:8) (Lilies) Þetta er þroskasaga þriggja katólskra systra í Liverpool sem hafa misst mömmu sína og feta sig áfram í lífinu á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld.
22.00 Tíufréttir
22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.
23.10 Roman Polanski Frönsk heimildarmynd um pólska kvikmyndaleikstjórann Roman Polanski. Mynd hans um Oliver Twist verður sýnd á föstudagskvöld.
00.05 Kastljós
00.35 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 American Pie Presents Band Camp
08.00 How to Kill Your Neighbor´s Dog
10.00 Love Don´t Cost a Thing
12.00 Moon Over Parador
14.00 How to Kill Your Neighbor´s Dog
16.00 Love Don´t Cost a Thing
18.00 Moon Over Parador
20.00 American Pie Presents Band Camp
22.00 Paper Soldiers
00.00 La Vie Nouvelle
02.00 Sweeney Todd
04.00 Paper Soldiers

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Jesús og Jósefína
07.45 Kalli kanína og félagar
07.55 Kalli kanína og félagar
08.05 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love
10.15 Commander In Chief (15:18)
11.15 Veggfóður (16:20)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Það var lagið (e)
14.20 Extreme Makeover: Home Edition (27:32)
15.55 A.T.O.M.
16.18 Batman
16.38 Könnuðurinn Dóra
17.03 Jesús og Jósefína
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar (Neighbours)
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.25 The Simpsons (7:22) (e)
19.50 Næturvaktin (7:13)
20.25 Örlagadagurinn (29:30) Í þessum næst síðasta þætti af Örlagadeginum segir Einar Lee frá því er hann lenti í því að hnerra og missa við það nær alla sjónina.
21.00 Grey´s Anatomy (8:22) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi.
21.50 The Closer (4:15) Þriðja þáttaröð þessa vinsæla spennuþáttar sem slegið hefur hvert áhorfsmetið af öðru.
22.45 Oprah (How to Be a Star at Work and at Home)
23.30 Stelpurnar
23.55 Kompás
00.30 Silent Witness (6:10)
01.25 Agatha Christie – by the Pricking Of My Thumb
03.00 Chasing Liberty
04.50 Grey´s Anatomy (8:22)
05.35 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tíví

SÝN besta sætið

07.00 Man. City – Tottenham Útsending frá leik Man. City og Tottenham í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins.
15.45 Blackburn – Arsenal Útsending frá leik Blackburn og Arsenal í 8-liða úrslitum enska deildabikarsins.
17.25 Man. City – Tottenham Útsending frá leik Man. City og Tottenham í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins.
19.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
19.35 Chelsea – Liverpool Bein útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins.
21.40 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
22.25 Þýski handboltinn – Hápunktar Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
23.05 Chelsea – Liverpool Útsending frá leik Chelsea og Liverpool.

SÝN 2

16.50 Sunderland - Aston Villa
18.30 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar)
19.00 Coca Cola-mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
19.30 Ensku mörkin 2007/2008 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.30 4 4 2 Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
21.55 Liverpool - Man. Utd. Útsending frá stórleik Liverpool og Man. Utd.
23.35 Arsenal - Chelsea Útsending frá stórleik Arsenal og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.

SKJÁREINN

07.30 Allt í drasli (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
15.25 Vörutorg
16.25 World Cup of Pool 2007 (e)
17.15 Dýravinir (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Innlit / útlit (e)
20.00 Less Than Perfect (10:11) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Claude er í ástarsorg þegar Mitch er sendur til Búdapest og Owen og Carl reyna að kæta hana með frumlegum stefnumótaleik á skrifstofunni.
20.30 Giada´s Everyday Italian (17:26) Að þessu sinni sýnir Giada hvernig hægt er að gera gómsætan jólamat án þess að þurfa að stressa sig. Bragðgott Braciole, snöggsteikt rapini, hátíðasalat og brauðstangir vafðar prosciutto-skinku.
21.00 America's Next Top Model - lokaþáttur Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Það er komið að úrslitastundu hjá stúlkunum þremur sem eftir eru. Nú fá þær sitt síðasta tækifæri til að heilla dómarana áður en tilkynnt verður um sigurvegara í lok þáttarins.
22.00 The Truth About Size Zero Einstakur þáttur með bresku sjónvarpskonunni Louise Redknapp þar sem hún kannar hvað konur þurfa að leggja á sig til að megra sig og líta út eins og þvengmjóar fyrirsætur.
23.00 The Drew Carey Show
23.25 Heroes (e)
00.25 State of Mind (e)
01.15 NÁTTHRAFNAR
01.16 C.S.I. Miami
02.10 Ripley's Believe it or not!
02.55 Trailer Park Boys
03.20 Vörutorg
04.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

SÝN 19.35

Chelsea - Liverpool

Hatrömm barátta þessara stórliða í bikarkeppnunum heldur áfram. Bæði liðin gáfu eftir í deildinni um helgina og munu án efa selja sig dýrt í þessum leik. Tveir bestu miðjumenn Englendinga, Frank Lampard og Steven Gerrard, mætast hér og verður fróðlegt að sjá hvor kemst í undanúrslitin.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

The Truth About Size Zero

Skjár einn kl. 22.00

Einkar áhugaverður þáttur þar sem söng- og sjónvarpskonan Louise Redknapp reynir að komast að leyndardómnum um stærð núll. Í nútímanum þar sem útlitskröfur hafa rofnað úr öllu samhengi við raunveruleikann fáum við að kynnast því hvað konur þurfa virkilega að ganga í gegnum til þess að standast þessar óeðlilegu væntingar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Brot af eilífðinnir
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Tónar að nóni
15.03 Útvarpssagan: Færeyingar
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stefnumót
21.10 Út um græna grundu
22.10 Veðurfregnir
22.15 Doris Lessing: minningar og framtíðarsýn
23.00 Í skóginum stóð kofi einn
23.20 Ísprinsessan
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

15.25 Þristurinn
16.00 Hollyoaks (82:260)
16.30 Hollyoaks (83:260)
17.00 Hollywood Uncensored
17.30 Jól hjá Janice Dickinson
18.15 E-Ring (21:22)
19.00 Hollyoaks (82.260)
19.30 Hollyoaks 83:260)
20.00 Hollywood Uncensored
20.30 Jól hjá Janice Dickinson Sérstakur jólaþáttur með ofurfyrirsætunni Janice Dickinson, þar sem hún gefur innsýn í jólahaldið hjá fjölskyldu sinni, sem er æði sérkennilegt í meira lagi.
▶ **21.15 E-Ring** (21:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
22.00 NCIS (16:24)
22.45 Þristurinn
23.20 American Dad 3 (e)
23.45 Tru Calling (6:6)
00.30 Totally Frank
00.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mörður Mörður Árnason litar pólitíska landslagið eins og honum einum er lagið. Það eina sem er bannað í þætti Marðar er að vera leiðinlegur.
20.30 Nútímafólk Randver Þorláksson á í kvöld samleið með Friðriki Þór Friðrikssyni kvikmyndagerðarmanni. Ekki leiðinlegt að fylgjast með því hvað þar ber á góma.
21.00 Mér finnst Maríanna Friðjónsdóttir stýrir spjallinu í eina umræðuþætti landsins, þar sem körlum verður aldrei boðið að kjötkötlunum en konur einar taka til máls. Guðlaug Einarsdottir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, og Þóranna Jónsdóttir, sem sinnir Markaðsmálum og viðskiptaþróun hjá Auður Capital frá nýju ári, eru gestir þáttarins.

DR 1

11.10 Kontant **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Dødens Detektiver **12.50** Søren Ryge - 1000 engle og nisser **13.20** Hammerslag på Frederiksberg **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Robotboy **15.45** Julie **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Søren Ryge præsenterer - Elin og træerne **19.30** Når storken svigter - fem år efter **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalkommissær Barnaby **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Alt på ét bræt **23.40** Kodenavn: Jane Doe

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** Perspektiv: Miljøprofil: Steinar Lem **11.40** Standpunkt **12.25** Tilbake til livet **13.00** Vestindia - vårt tapte paradis: Et hus med danske minner **13.15** Presidenten **14.00** Hemmelig agent på moped **14.25** Forelsket **14.50** Wombatgjengen **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Fabrikkenprisen 2007 - vinterspesial **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Typisk norsk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Til "Landet i det fjerne" **18.55** Dyrisk **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Vikinglotto **20.40** Cracker spesial **21.30** Stensilbarna **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Gretne gamle damer ved juletider **23.20** The Wire

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** På spåret **12.40** Matiné: Grand Hotel **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Vrakletarna **16.30** Annes trädgård **17.00** BoliBompa **17.10** Pozzie **17.15** Mod **17.20** Voffy **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Hjärnkontoret **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Ståupp **20.25** Grotesco **20.55** Centralskolan **21.00** Studio 60 on the Sunset Strip **21.45** HippHipp: Itzhaks julevangelium **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** En spricka i kristallen **23.35** Entourage



GAMLA MYNDIN

„Parna er ég tólf ára, þetta er ári áður en ég varð Íslandsmeistari kvenna í skák og sló þar með heimsmet. Hettupeysan hlýtur að hafa verið í tísku þarna, og drengjakollar líka, því ég reyndi aðeins að fylgja tískunni á þessum tíma.“

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, formaður Skáksambands Íslands.

Myndin er tekin í september 1984.

Alkar fá Einar Má í jólagjöf frá Bjögga

„Áður en bókin kom út las Einar Már upp úr henni á afmælishátíð SÁÁ í Háskólabíói 8. október. Þar voru allir óskaplega hrifnir og enginn meira en fyrrverandi formaður félagsins – Björgólfur Guðmundsson,“ segir Ari Matthíasson framkvæmdastjóri hjá SÁÁ – samtökum áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann.

Björgólfur Guðmundsson athafnamaður hefur keypt á annað hundrað eintaka af bók Einars Más Guðmundssonar, Rimlar hugans – ástarsaga, með það fyrir augum að gefa öllum sjúklingum sem eru inniliggjandi hjá SÁÁ um jólin. „Já, og líka þeim sem búa á áfangaheimilinu,“ segir Ari sem greindi frá þessu nýlega í húsakynnum samtakanna við Efstaleiti en þangað kom Einar Már einmitt til að lesa upp fyrir félaga í SÁÁ.

Ari fagnar þessu framtaki mjög. „Þetta er fín bók. Annars vegar er verið að fjalla um venjulegan alka sem hefur funkerað í lífinu en er farinn að drekka of mikið. Svo er hún líka um strák sem situr inni, alkóhólista og vímuefnasjúkling. Við erum upp til hópa fordómafull gagnvart þeim einstaklingum. Lítum á þá sem undirheimalýð og glæpahyski, einhvern sora, en þetta eru auðvitað einnig manneskjur með sínar vonir og þrár.“

Ari segir Rimla hugans – ástarsögu sögu um von, sögu um ást og sögu um alkóhólisma. Mikilvæg bók því þarna fá lesendur heiðarlega innsýn í hlutskipti áfengis- og vímuefnasjúklinga.

„Þarna er til dæmis að finna fréttina sem við sjáum aldrei í blöðunum. Fjölskyldur sameinaðar á ný. Fólk sem fer aftur út í lífið og tekur þátt í þessu þjóðfélagi. Fólk sem allir voru búnir að afskrifa og var öllum til leiðinda.“

- jbg

EINAR MÁR Kominn í samkeppni við bókina um Bill og Bob meðal alkóhólista.

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Gefur alkóhólistum Rimla hugans – ástarsögu í jólagjöf.

ARI MATTHÍASSON Segir bók Einars veita mikilvæga innsýn í hlutskipti áfengis- og vímuefnasjúklinga.



LÁRÉTT
2. andlegt áfall **6.** eftir hádegi **8.** kúgun **9.** fljótfærni **11.** belti **12.** á ný **14.** fet **16.** í röð **17.** gljúfur **18.** aska **20.** eldsneyti **21.** einsöngur.

LÓÐRÉTT
1. dvelja **3.** tveir eins **4.** skóþvengur **5.** að **7.** vatnselgur **10.** stykki **13.** sarg **15.** kona **16.** kæla **19.** golf áhald.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lost, **6.** eh, **8.** oki, **9.** ras, **11.** ól, **12.** aftur, **14.** skref, **16.** íj, **17.** gil, **18.** sót, **20.** mó, **21.** aría.

LÓÐRÉTT: 1. vera, **3.** oo, **4.** skóreim, **5.** til, **7.** hafsjór, **10.** stk, **13.** urg, **15.** fljóð, **16.** ísa, **19.** tí.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. 254 milljónir króna.
2. Jacob Zuma.
3. Hestasundlaugar.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

RANDVER ÞORLÁKSSON: STORMASAMT ÁR ENDAR Á GÓÐUM NÓTUM

Randver og Cleese í áramótaauglýsingu Kaupþings

Breski stórleikarinn John Cleese kemur fram í áramótaauglýsingu Kaupþings annað árið í röð. Að þessu sinni verður Cleese þó ekki í aðalhlutverkinu. John Cleese verður aukaleikari við hlið Randvers Þorlákssonar.

„Ég er bundinn trúnaðarskyldu og get ekkert tjáð mig,“ sagði Randver Þorlákssson þegar Fréttablaðið spurði hann út í leik sinn með John Cleese. Mikil leynd hefur hvílt yfir verkefninu síðustu vikur og mánuði en smátt og smátt hafa ýmis smáatriði kvisast út. Þannig hefur Fréttablaðið það fyrir víst að auglýsingin hafi verið tekin upp í Los Angeles fyrir skemmstu. Höfundur hennar er Jón Gnarr og var hann viðstaddur tökurnar ásamt öðrum starfsmönnum auglýsingastofunnar EnnEmm. Erlent tökulið sá um upptökurnar.

Auglýsing Kaupþings verður að öllum líkindum frumsýnd í Ríkissjónvarpinu á gamlárskvöld, en sá háttur var hafður á í fyrra þegar Cleese birtist landsmönnum óvænt með Þorstein Guðmundsson sér við hlið. Fréttablaðið greindi í gær frá því að 60 sekúndna auglýsingahlé í miðju Skaupinu væri selt fyrir minnst þrjár milljónir króna. Bloggarinn Ómar R. Valdimarsson fullyrðir að fasteignasalan Remax hafi keypt auglýsingahléið. Lárus Guðmundsson, auglýsingastjóri hjá RÚV, vildi ekki staðfesta þetta við Fréttablaðið í gær.

Þetta hefur verið stormasamt ár hjá Randver Þorlákssyni. Hann var sem kunnugt er rekinn úr Spaugstofunni og var sú ákvörðun nokkuð umdeild. Margir lýstu óánægju með brottreksturinn en Randver hefur staðið keikur eftir. Hann hefur sýnt góða takta sem sjónvarpsmaður á INN, sjónvarpsstöð Ingva Hrafns Jónssonar, og kom fram sem kynnir á tónleikum Ný dönsk í Borgarleikhúsinu. Upprisa Randvers nær svo hápunkti með leik hans á móti John Cleese, enda hefur Spaugstofan alltaf litið á Monty Python-menn sem sín helstu átrúnaðargoð í gríninu.

hdm@frettabladid.is

Í AÐALHLUTVERKI Á GAMLÁRSKVÖLD Randver Þorláksson leikur aðalhlutverkið í stórri áramótaauglýsingu Kaupþings sem frumsýnd verður á gamlárskvöld. Þar leikur hann á móti John Cleese, en Monty Python-hópurinn hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá Spaugstofumönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JOHN CLEESE Breski leikarinn kemur annað árið í röð fram í auglýsingu Kaupþings. Sú fyrri var á allra vörum í kringum síðustu áramót og þótti afar vel heppnuð. Búast má við því að sú nýja verði ekki síðri. Höfundur hennar er Jón Gnarr.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Björgvin Halldórsson – Bó – er ekki í náðinni hjá **Þórhalli Gunnarssyni** Kastljósstjóra með meiru þessa dagana. Segir sagan að Þórhallur vandi Bó ekki kveðjurnar í umtali og eitthvað verði í að Ríkisútvarpið hói í Bó til að taka lagið. Ástæðan mun vera sú að Bó afþakkaði náðarsamlegast að taka þátt í jóla-Kastljósinu. Það gerði **Bubbi** hins vegar ekki

og mun koma fram þar með Stórsveitinni. Bubbi og Stórsveitin fá hundrað þúsund krónur fyrir og mun Bubbi ætla að gefa þá upphæð til góðgerðamála.

Í kjölfar tíðinda af vendingum í ritstjórastólum á Birtíngi og DV, svo sem þeirra að **Sigurjón M. Egilsson** sé nú orðinn ritstjóri Mannlífs, berast þær fréttir ofan af Lynghálsi að fleiri atriði séu breytingum undirorpin þar á bæ. Þannig var fyrir löngu ákveðið að Birtíngur myndi bjóða starfsfólki sínu í árshátíðarferð til Prag. Nú er búið að blása það af og hefur verið ákveðið að setja stefnuna þess í stað á Malmö í Svíþjóð. En það var nákvæmlega þangað, til Svíþjóðar, sem **Georg Bjarnfreðarson** á Næturvaktinni fór með sitt fólk í orlofsferð.

- jbg

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.
VESTFIRSKA SKATAN ER KOMIN.....

Gissur í punginn á sjötugsaldri

„Nei, ég vil ekki sjá það að eiga bát. Ég er aðallega að taka þetta til að leika mér í útlöndum og kannski geta siglt hér eitthvað við landið,“ segir Gissur Sigurðsson fréttamaður. Gissur hélt nýlega upp á sextugsafmælið sitt og fagnar því meðal annars með því að taka pungapróf.

Gissur er að ljúka námskeiðinu og fær því fljótlega í hendur réttindi til að stýra smábátum. Námið miðar að því að nemandinn verði fær um að stjórna með öryggi báti sem er allt að 30 rúmlestir sem stýrimaður og eftir að tilskildum stýrimannatíma er náð þá sem skipstjóri. Gissur ætti að fara létt með það enda ekki síst þekktur fyrir sínar ágætu fréttir af sjávarútvegsmálum.

Gífurleg aðsókn hefur verið í pungaprófið en eftir áramót þyngist námið auk þess sem réttindin sem prófið veitir eru takmarkaðri. Gissur lætur vel af sér í náminu og segir það skemmtilegt. Athygli vekur að menn viðriðnir fjölmiðla vilja næla sér í réttindin. Þannig mun Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður og fyrrverandi forstjóri Íslenska útvarpsfélagsins, ætla að skella sér í „punginn“ auk þess sem forveri hans hjá ÍÚ, Hreggviður Jónsson, hyggur á slíkt hið sama. Og Haukur Holm fréttamaður er einnig á pungaprófsnámskeiði.

„Ég er búinn að segja Hauki það að titillinn kapteinn sé frátekinn. Hann verður að láta sér nægja að kallast „first officer“ eða stýrimaður,“ segir Gissur.

- jbg

GISSUR SIGURÐSSON Krækir sér í pungaprófið áður en námið lengist og réttindin takmarkast.

Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

Beretta PacLite skotveiðigalli og ókeypis Garmin Etrex GPS tæki.
Algjörlega vatnsheldur, þunnur Gore-Tex galli, frábær á rjúpu, hreindýr eða heiðagæsina. Garmin Etrex GPS tæki fylgir ókeypis.
Fullt verð 61.800. Tilboð til jóla aðeins 39.900.

Rjúpnaveiðivesti.
Nauðsynleg í rjúpnaveiðina. Margir vasar fyrir veiðina, GPS, GSM, veiðikortið, nestið og fleira.
Fullt verð 7.990. Jólatilboð aðeins 6.490.-

Beretta skotveiðibakpoki með byssufestingu. Góður poki í alla skotveiði. Stillanlegar mittis, brjóst og axlarólar. Góð og aðgengileg hólf. Vatnsheld veðurhlíf fylgir.
Frábært verð. Aðeins 13.495.

Ameristep rúllubaggi.
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.

ProLogic skotveiðijakki.
Vatnsheldur og hlýr jakki með útöndun. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
Verð aðeins 23.900

ProLogic Thermo skotveiðihanskar.
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

ProLogic skór.
Vatnsheldir og hlýir skór með góðri útöndun. 3 gerðir. Bæjarins besta verð.
Aðeins frá 9.995.

Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
Verð aðeins 4.880.

Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995

Simms Freestone vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 32.800. Jólatilboð aðeins 25.900

Simms Freestone veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Verð aðeins 19.900

Gerviandasett.
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi. Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.

Nýtt – NRS flotveiðivesti.
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn. Örugg vesti í alla veiði.
Verð aðeins 12.980.

Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka.
Aðeins frá 34.900.

Veiðiflugur Íslands.
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga.
Verð aðeins 3.995.

Ron Thompson vöðlutaska.
Nauðsynleg taska fyrir alla veiðimenn sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn. Motta til að standa á þegar farið er í og úr.
Verð aðeins 3.995.

Scierra Explorer veiðitaska.
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
Verð aðeins 6.995.

Ron Thompson veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 12.900. Jólatilboð aðeins 9.995.

Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur.
Fluguhnýtinganámskeið á íslensku á tveim DVD diskum. **Aðeins 2.995 hvor diskur.**



Veniard Premium fluguhnýtingasett.
Einhver vinsælustu fluguhnýtingasettin á markaðnum. Fluguhnýtingaverkfæri og troðfullur pakki af vönduðu hnýtingaefni. **Verð aðeins 10.900**

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
- Veidimadurinn.is -

SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
- Sportbudin.is -

VEIÐIHORNIÐ

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
- Veidihornid.is -

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is

BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar Elínardóttur

Hamingjusamasta barnið

Þrátt fyrir göfugan ásetning um notalega aðventu neyðist maður loks til að horfast í augu við jólagjafainnkaupin. Sú lífseiga trú að konum þyki óstjórnlega gaman að versla er því miður ekki dagsönn. Stundum er jú skemmtilegt að skoða, en bara ef ekki þarf absolútt að kaupa. Þvinguð krafa um árangursríka búðarferð er hið árlega ok sem ég lofa sjálfri mér í hvert skipti að bera ekki aftur. Næst skuli ég svo sannarlega versla og pakka inn helst í janúar. Lúmsk frestunarárátta svæfir svo þessa ágætu hugmynd þar til allt er komið í óefni og að lokum eru innkaupin afgreidd í streitukasti korter í jól. Alveg eins og í fyrra.

VANDINN er auðvitað að engan vantar neitt. Í besta falli er hægt að gefa viðbætur. Börnum aðeins meira dót til viðbótar við ógrynnin sem fyrir eru. Auðvitað verða seint gefnar of margar bækur en af einhverjum ástæðum er hlutverk foreldra líka að gefa mesta, stærsta og besta dótið. Allavega jafn mikið og í fyrra. Hvert og eitt barn þarf að fá pakkann með akkúrat rétta innihaldinu, það sem það þráir mest, notar viðstöðulaust, endist von úr viti og gerir það að hamingjusamasta barni í heimi.

MEÐ fyrsta barni er verkefnið tiltölulega einfalt. Flestir leggja allt í sölurnar til að veita einbirninu sínu fallegustu gullin. Með dyggri hjálp umhverfisins getur einn lítill grislingur eignast yfirfullt herbergi af herlegheitum sem hann moðar úr og arfleiðir svo yngri systkini að. Vandi foreldranna eykst þannig aðeins með öðru barninu, því nú vantar ekki eins mikið og síðast. Á þriðja barni er málið komið í hnút, allt er nú til og hugmyndir um nýjar jólagjafir fullkomlega ófleygar. Eftir andlausa hringferð um flóruna í huganum dróst ég af stað í verslunarferð. Því lengur sem ég hringlaði um risastóra leikfangabúðina með tóma innkaupakerru, því andlausara varð allt þetta dót.

ÞAÐ er af sem áður var þegar hann fékk bók en hún fékk nál og tvinna, eins og hið kunna jólalag staðhæfir að hafi þótt fullgott. Hnátan sem var himinsæl með verkfæri til hannyrða hefur trúlega verið skyld konunni sem dó af hamingju þegar hún fékk straujárn í jólagjöf frá manninum sínum. Blessuð sé minning hennar.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 19. desember, 353. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.20	13.25	15.29
Akureyri	11.36	13.09	14.43

Heimild: Almanak Háskólans

www.toyota.is



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 40176 12/07

Skoðaðu Toyota blaðið núna á netinu

Toyota blaðið er komið út og í samræmi við umhverfisstefnu Toyota er það gefið út rafrænt. Blaðið er stútfullt af áhugaverðu efni: Hilux á Segulpólinn, Sportköfun í Silfru, Töfrar í Tíbet, Draumur frjálsíþróttafólksins og margar fleiri spennandi greinar.

Farðu á www.toyota.is og náðu Toyota blaðið á pdf-formi.
Einfalt, fljótlegt, umhverfisvænt, skemmtilegt og umfram allt ókeypis.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070